

# Fornleifaskráning í Grindavík

3. áfangi



*Bóra Pétursdóttir*



**Fornleifastofnun Íslands**  
**FS244-02153**  
**Reykjavík 2004**

*Forsíðumynd er af GK-001:061, tóft á Selöldu í  
Krýsuvík*

© *Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík*

*sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: fsi@instarch.is*

<i>1. Inngangur</i>	1
<i>2. Löggjöf um minjavernd</i>	3
<i>3. Yfirlit um sögu byggðar á svæðinu</i>	5
<i>4. Skrá yfir fornleifar</i>	18
GK-001	19
GK-002	44
GK-003	45
GK-004	46
GK-005	47
GK-006	47
GK-007	49
GK-008	50
GK-009	50
GK-010	59
<i>5. Fornleifar og byggð</i>	76
Bæjarhólar og bæjarstæði	76
Útihús og túngarðar	77
Kuml og kirkjur	78
Stekkir og sel	79
Leiðir	80
Útgerð og verslun	80
<i>6. Niðurstöður</i>	82
<i>Heimildaskrá</i>	85

## **Viðauki**

Minjakort

## 1. Inngangur

Síðla árs 2001 vann Fornleifastofnun Íslands svæðisskráningu fornleifa fyrir Grindavíkurkaupstað vegna nýs aðalskipulags.<sup>1</sup> Í kjölfarið var ákveðið að hefja aðalskráningu á svæðinu og vinna hana í þremur áföngum á árunum 2002 til 2003.

Í fyrsta áfanga aðalskráningar voru skráðar fornleifar í landi Járngerðarstaða og Hóps<sup>2</sup>, og í öðrum áfanga fornleifar í landi Húsatópta, Staðar og Þórkötlustaða.<sup>3</sup> Í þriðja og síðasta áfanga voru skráðar fornleifar í landi Hrauns, Ísólfskála og Krýsuvíkur, og er greint frá niðurstöðum þeirrar skráningar í þessari skýrslu. Áður en hafist var handa við síðasta áfanga aðalskráningarinnar hafði svæðisskráning leitt í ljós upplýsingar um 139 minjastaði á jörðunum þremur en við skráningu á vettvangi bættist nokkur fjöldi minjastaða við og voru því samtals skráðir 182 minjastaðir. Þar af voru 93 staðir í landi Krýsuvíkur og hjáleiga hennar, 31 í landi Ísólfskála og 58 í landi Hrauns.

Skýrslan er byggð upp á sama hátt og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar Íslands. Hér á eftir fer kafli um löggjöf um minjavernd (2. kafli) og í kjölfar hans fylgir kafli um byggðaþróun á svæðinu (3.kafli). Rétt er að taka fram að í kafla um byggðaþróun er fjallað um þróun byggðar á öllu því svæði sem aðalskráð hefur verið á árunum 2002-2003 en önnur umfjöllun í skýrslunni er einungis úttekt á því svæði sem skráð var sumarið 2003. Í fjórða kafla skýrslunnar er skrá yfir fornminjar í landi Krýsuvíkur, Ísólfskála og Hrauns. Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir gróðurfari, túnasléttun og öðru sem hefur áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum. Birtar eru lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru túnakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða innan túns, en minjakort fyrir svæðið allt er að finna í viðauka aftast í skýrslunni. Að lokum eru birtar helstu niðurstöður skráningarinnar með samantekt helstu minjaflokka (5. kafli) auk tillagna um

<sup>1</sup> Orri Vésteinsson: *Meningarminjar í Grindavíkurkaupstað*, Reykjavík, 2001

<sup>2</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Fornleifaskráning í Grindavík 1. áfangi*, Reykjavík, 2002

<sup>3</sup> Þóra Pétursdóttir: *Fornleifaskráning í Grindavík 2. áfangi*, Reykjavík, 2002

varðveislu og kynningu fornminja á svæðinu (6. kafli).

Þessi áfangi fornleifaskráningar í Grindavíkurbreppi var unninn af Þóru Pétursdóttur undir stjórn Adolfs Friðrikssonar fornleifafræðings. Höfundur vill koma á framfæri kærum þökkum til heimildarmanna sinna er sýndu ómælda þolinmæði og góðvild við vinnslu skýrslunnar. Sérstakar þakkir eru færðar Ómari Smára Ármannsynni sem veitti mikla aðstoð, enda vel kunnugur svæðinu.

## 2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í Þjóðminjalögum (nr. 107/2001), en þar segir í 11. gr.: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“ Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

### 3. Yfirlit um sögu byggðar á svæðinu

Grindavíkurhreppur liggur með suðurströnd Reykjanes frá Valahnúk að vestan, sem skilur land og reka Grindavíkur og Hafna, austur að Seljabót, en þar austan við tekur við Selvogshreppur (nú Ölfus). Að norðan eiga Grindavíkingar hreppamörk á móts við Hafnamenn, Njarðvíkinga, Garðahrepp og Vatsleysustrandarhrepp.<sup>4</sup> Náttúrufar í hreppnum einkennist af þeim miklu eldsumbrotum sem þar hafa orðið á nútíma og sögulegum tíma og er stór hluti svæðisins óbyggilegur af þeim sökum. Víða meðfram ströndinni og á milli hraunbreiðanna eru þó fagurgrænir og búsældarlegir vellir þar sem byggð hefur staðið öldum saman. En það eru ekki aðeins eldsumbrot sem ógna landi og lífi á þessum slóðum. Landbrot sjávar hefur verið, og er, mjög mikið og færast strandlínan ört upp í landið. Auk þess hefur uppblástur verið mikið vandamál og hafa þannig áður gróin og nýtileg svæði orðið að örfoka melum.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir landnámi í Grindavíkurhreppi eins og því er lýst í *Landnámabók*, en á grunni þess og staðsetningu kirkna og kumla má oft setja fram tilgátur um hvaða jarðir byggðust fyrstar. Kuml eru auðsjáanlega vísbending um búsetu fyrir árið 1000, en kirkjur og bænhús eru yfirleitt talin vera reist skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa almennt er sú að þau hafi upphaflega verið reist við heimagrafreiti, sem voru líklega við hvern bæ líkt og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkjur sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur eða bænhús hafa verið eru einnig að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfð slíkum húsum á að skipa og getur því verið freistandi að álykta að hinar síðarnefndu séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar.

Lögbyli á skráningarsvæðinu, átta talsins, eru ef talið er frá vestri til austurs: Staður, Húsatóptir, Járngerðarstaðir, Hóp, Þórkötlustaðir, Hraun, Ísólfsskáli og Krýsuvík. Samkvæmt *Landnámabók* voru landnámsmenn í Grindavíkurhreppi tveir. Annars vegar Molda-Gnúpur Hrólfsen sem nam land í Grindavík, og hins vegar Þórir haustmyrkur Vígbjódsson sem nam Krýsuvík og Selvog. Molda-Gnúpur var sonur Hrólfs höggvanda sem

---

<sup>4</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 9-10

bjó á bænum Moldatúni á Norðurmæri í Noregi, en bróðir hans Vémundur. Gnúpur fór til Íslands fyrir vígasakir þeirra bræðra og nam land milli Kúðafljóts og Eyjaár. Þar bjó hann þar til landið spilltist af jarðeldum og hann flúði vestur til Höfðabrekku. Vémundur Sigmundarsonar kleykis, sem þar átti land, meinaði honum hins vegar dvöl þar og flutti Gnúpur sig þá í Hrossagarð þar sem hann var um veturinn. Þegar hér er komið sögu ber Hauksbók og Sturlubók *Landnámu* ekki saman um örlög Molda-Gnúps eða sona hans. Samkvæmt Hauksbók féll Molda-Gnúpur ásamt tveimur sona sinna í Hrossagarði, en Björn sonur hans (og e.t.v. einnig Gnúpur) fór til Grindavíkur og staðfestist þar.<sup>5</sup> Sturlubók segir hins vegar að vegna ófriðar og vígafars í Hrossagarði hafi þeir feðgar allir farið til Grindavíkur og numið þar land.<sup>6</sup> Hvorug bókanna nefnir nöfn landnámsjarða í Grindavík og verður því ekki af *Landnámu* einni séð hvaða bæir byggðust þar fyrstir.

Um landnám í Krýsuvík eru Sturlubók og Hauksbók sammála og segja: „Þórir haustmyrkr nam Selvág ok Krýsuvík, en Heggr son hans bjó at Vági.“<sup>7</sup> Af því má áætla að Þórir hafi sjálfur búið í Krýsuvík. Um tímasetningu landnáms í Grindavík og Krýsuvík er ekkert vitað með vissu. Rannsóknir jarðfræðinga hafa þó bent til þess að frásögn *Landnámu* af jarðeldum í Skaftafellssýslu eigi við rök að styðjast og hafi þeir líklega átt sér stað á 4. áratug 10. aldar<sup>8</sup>. Sé það rétt, og sögurnar jafnframt taldar trúverðugar, má hafa það sem vísbendingu um tímasetningu landnáms í Grindavík.<sup>9</sup> Um þetta verður þó ekkert fullyrt. Hvenær Þórir haustmyrkrur kom í Krýsuvík og Selvog er hins vegar ekki hægt að lesa úr frásögn *Landnámu*. Hvergi er heldur talað um hversu margir fylgdu þeim Þóri eða Molda-Gnúp að landnámu þeirra á Suðurströndinni.

Staðsetning allra lögbýlanna í hreppnum er kunn, enda var búið á þeim öllum fram á 20. öld. Enn er búið á Járngerðarstöðum, Hópi, Þórkötlustöðum og Hrauni, þótt búskapur sé þar ekki mikill. Staður fór í eyði árið 1964, og hafa flestöll hús þar verið rifin og tún að miklu leyti sléttuð. Þar er þó enn kirkjugarður Grindvíkinga, þótt sóknarkirkja hafi ekki verið þar síðan 1909. Á Húsatóptum hefur ekki verið búið síðan 1946 en þar er nú Golfvöllur Grindvíkinga og er heimatúnið því meira og minna rennislétt. Síðasta íbúðarhúsið

<sup>5</sup> *Íslensk fornrit* I, bls. 331 (H 284)

<sup>6</sup> *Íslensk fornrit* I, bls. 330 (S 329)

<sup>7</sup> *Íslensk fornrit* I, bls. 392-393 (S 392-94, H 348-51)

<sup>8</sup> Katla gaus t.d. 920 og Eldgjá 934, en einnig gæti verið um gosið í Veiðivötnum árið 871 að ræða, en það kom hvað harðast niður á Skaftártungu.

<sup>9</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 77

á Tóptum, reist 1930, er nú klúbbshús golfklúbbsins en nýtt íbúðarhús hefur verið reist í túninu norðaustan þess. Þar er þó enginn búskapur. Ísólfskáli og Krýsuvík fóru í eyði um eða eftir miðja 20. öld. Á Ísólfskála stendur íbúðarhús frá 1929 enn ásamt tveimur sumarústöðum. Að öðru leyti eru þar engin hús og túnin meira og minna sléttuð. Í Krýsuvík hafa hús verið rifin, nema kirkjan frá árinu 1857 sem enn stendur. Ólíkt hinum jörðunum hafa tún þar hins vegar ekki verið sléttuð nema að litlu leyti.

Tveir bæjanna hafa verið fluttir til svo vitað sé. Annars vegar Ísólfskáli, en árið 1916 var bærinn fluttur, eftir að hafa verið í eyði í þrjú ár. Bærinn var byggður frá stofni um 150 m norðan við eldra bæjarstaði í túninu, en landbrot sjávar er mikið vandamál á þessum slóðum. Hins vegar Krýsuvík, en talið er að upprunalega hafi bærinn staðið þar mun sunnar, enda er nafngiftin einkennileg fyrir bæ sem stendur svo langt inn í landi. Austast í Ögmundarhrauni eru hólmar tveir í hrauninu og heitir sá eystri Húshólmi. Í honum eru rústir bæjar og kirkju og hafa þær verið nefndar Gamla-Krýsuvík. Munnmæli herma að þar hafi bærinn staðið áður en hraunið rann. Þótt ekkert sé vitað með vissu um það er víst að í hólmanum eru greinilegar tóftir sem benda til þess að þar hafi verið bær. Örnefnið Húshólmi kemur fyrst fyrir í trjáreikningi frá 1609.<sup>10</sup> Í Ferðabók Eggerts og Bjarna, sem lýsir ferðum þeirra árin 1752-57, segir ennfremur: "Eldflóðið féll í sjó niður og eyddi nokkrum bæjum á því svæði, sem nú heitir Ögmundarhraun. Meðal þeirra var kirkjustaður, sem Hólmastaður hét, og sjást þar enn minjar kirkjugarðsins og húsatóttanna."<sup>11</sup> Örnefnið „Hólmastaður“ er þó líklega til komið eftir að hraunið rann og má því ímynda sér að þar hafi bærinn í Krýsuvík áður verið. Haukur Jóhannesson jarðfræðingur gróf tvö snið í Húshólma, annað í gegnum torfgarð sem þar er og hitt í vegghleðslu fjárborgar nyrst í hólmanum. Bæði sniðin bentu til þess að mannvirkin hefðu verið reist áður en landnámslagið féll, eða fyrir árið 900. Hins vegar lá miðaldalagið upp að hleðslunum beggja vegna sem bendir til þess að verulega hafi verið fokið að þeim þegar það féll 1226/27.<sup>12</sup>

Ekki hefur fundist heillegt kuml á skráningarsvæðinu svo vitað sé, en kuml eru sjálfstæður vitnisburður um byggð fyrir 1000. Sögusagnir herma þó að Járngerðarleiði (GK-

<sup>10</sup> AM 66a 8vo, 55r-56v, sbr. Sveinbjörn Rafnsson: „Um aldur Ögmundarhrauns“, bls. 420

<sup>11</sup> *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* II, bls. 298-99

<sup>12</sup> Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson: „Krýsuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins“, bls. 83

017:044) og Þórkötluleiði (GK-011:021) sé að finna í tünnum samnefndra bæja. Brynjúlfur Jónsson lét grafa í leiði Járngerðar sumarið 1902 og reyndist það vera öskuhaugur. Í landi Krýsuvíkur eru auk þess heimildir um fjórar steindysjar og eru tvær þeirra friðlýstar síðan 1964<sup>13</sup>. Þar eiga að vera dysjaðar fornkonur tvær, þær Krýs (GK-001:037) og Herdís (GK-001:036), en bæir þeirra, Krýsuvík og Herdísarvík, drógu nafn af þeim. Kerlingarnar greindi á um landamerki og mættust á Deildarhálsi og vildi hvorug gefa eftir. Lauk svo með þeim að hvor drap aðra og voru þær síðan dysjaðar í svonefndum Kerlingadal austan við hálsinn. Auk þeirra mun þar vera dysjaður smali (GK-001:038) sem einnig féll í átökum kvennanna. Hin fjórða dys í Krýsuvíkurlandi er svokallað Ögmundarleiði (GK-001:047). Mun þar vera dysjaður Ögmundur sá er Ögmundarhraun dregur nafn sitt af og myrtur var eftir að hafa rutt braut í gegnum hraunið. Ekki hefur verið grafið í dysjar þessar svo vitað sé. Að lokum herma sögusagnir að í Geldingadölum í Hraunlandi sé þúst þar sem Ísólfrur á Skála sé grafinn (GK-010:012), en hún hefur ekki verið rannsökuð.

Frá fornu fari og allt til ársins 1946, þegar hluti Krýsuvíkurlands var innlimaður í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, náði Grindavíkurhreppur yfir tvær kirkjusóknir. Þetta voru Staðarsókn að vestan og Krýsuvíkursókn að austan. Staðarsókn, eða Grindavíkursókn eins og hún var einnig nefnd, teygði sig á milli Valahnúks að vestan að Selatöngum að austan. Miðuðust sóknarmörkin við klett í fjöruborðinu sem nefndur var Dágon, og náði Krýsuvíkursókn frá honum og austur að Seljabótarnefi.<sup>14</sup> Allir bæirnir nema Krýsuvík, þ.e. Húsatóptir, Járngerðarstaðir, Hóp, Þórkötlustaðir, Hraun og Ísólfskáli ásamt hjáleigum áttu kirkjusókn að Stað. Var því um langan kirkjuveg að fara, sérstaklega fyrir austustu bæina, Ísólfskála og Hraun. Krýsuvík þjónaði heimilisfólki sínu og hjáleigum auk þeirra sem dvöldu í verstöðinni á Selastöngum.

Í dag er sóknarkirkja Grindvíkinga í Járngerðarstaðahverfi (Grindavíkurkaupstað), en kirkjugarður sóknarinnar er að Stað í Staðarhverfi, þar sem sóknarkirkja var til ársins 1909. Aðeins er ein önnur uppistandandi kirkja í hreppnum og er sú í Krýsuvík. Öruggar heimildir eru um kirkjur að Stað, á Hrauni og í Krýsuvík frá fornu fari, en hugsanlega hafa þær verið fleiri. Páll Jónsson biskup í Skálholti lét í sinni biskupstíð gera skrá yfir kirkjur í umdæmi

---

<sup>13</sup> Fornleifaskrá, bls. 12

<sup>14</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 9-11

Skálholtsstóls. Hann var biskup frá 1195 til 1211 og er skráin yfirleitt talin vera frá því um 1200.<sup>15</sup> Kirknaskrá Páls greinir frá tveimur kirkjum í Grindavíkurhreppi. Annars vegar er sögð prestskyld kirkja að Stað í Grindavík og hins vegar í Krýsuvík.<sup>16</sup> Eins og áður segir herma munnmæli að bærinn í Krýsuvík hafi í upphafi verið þar sem nú heitir Húshólmi í Ögmundarhrauni og telja menn að þar megi sjá bæði bæjartóftir og kirkjutóft. Ögmundarhraun er talið hafa runnið 1151<sup>17</sup> og ætti því sú kirkja sem nefnd er í kirknaskrá Páls að vera sú sem reist var eftir að bærinn var fluttur, en ekki sú í hólmanum. Það verður þó ekki fullyrt og telja sumir að svo sé einmitt ekki, heldur hafi kirkjan í Ögmundarhrauni verið í notkun í allt að fjórar aldir eftir að hraunið rann og þannig sé til komið nafnið „Hólmastaður“.<sup>18</sup> Er sú tilgáta meðal annars reist á því að kirkjutóftin í Húshólma þykir mun heillegri en aðrar tóftir sem þar eru. Auk þess hefur kirkjan verið miðsvæðis, þ.e. á milli Krýsuvíkur og Selatanga. Að lokum er svo sú staðreynd að Krýsuvíkurstakall var afnumið með hirðstjórabréfi árið 1563, fjórum öldum eftir að hraunið rann, vegna þess hve fámennt það var orðið. Guðshús fékk þó að standa þar áfram vegna þess heimilisfólks sem þó var þar.<sup>19</sup> Ekkert af þessu eru óbyggjandi rök fyrir því að meint kirkja í Húshólma hafi ekki lagst af um leið og byggðin þar.

Hin kirkjan sem nefnd var í kirknaskrá Páls Jónssonar var sú að Stað í Grindavík, en þar var sóknarkirkja Grindvíkinga frá fornu fari til ársins 1909. Gömul munnmæli herma hins vegar að kirkja hafi einnig verið á Skarfasetri vestast á Reykjanesi. Árni Magnússon greinir frá munnmælum þessum í *Chorographica Islandica* og segist hafa þau eftir Eyjólfí Jónssyni og öðrum gömlum Grindvíkingum. Samkvæmt þeim var Staður áður í miðri sveit og sóttu Grindvíkingar kirkju að Hrauni þar til nesið brann og kirkjan var flutt frá Skarfasetri að Stað. Sjö bæir áttu þá að hafa verið vestan Staðar: Rafnkelsstaðir, Mölvík, Sandvík, Háleyjar, Krossvík, Herkistaðir og kirkjustaðurinn Skarfasetur.<sup>20</sup> Engar heimildir styðja þessa frásögn né hrekja, en margir jarðfræðingar munu þó telja ólíklegt að þetta svæði hafi nokkurn tíma verið gróið og byggilegt. Sem fyrr er þó ekkert hægt að fullyrða í þessum

<sup>15</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 2

<sup>16</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 9

<sup>17</sup> Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson: „Krýsuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og Miðaldalagsins“, bls. 83

<sup>18</sup> Sjá Sveinbjörn Rafnsson: „Um aldur Ögmundarhrauns“. Einnig, Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson: „Krýsuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og Miðaldalagsins“

<sup>19</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XIV, bls. 158-159

<sup>20</sup> Árni Magnússon: *Chorographica Islandica*, bls. 48-50

efnum. Mögulega hefur kirkjan á Skarfasetri verið einhverskonar útkirkja, en höfuðkirkja Grindvíkinga, þá sem síðar, verið að Stað. Að minnsta kosti á það við svo langt sem öruggar heimildir ná. Reykjaneseldar eru taldir hefjast eftir 1210 og standa með hléum til um 1240<sup>21</sup> og því hefði Skarfasetur samkvæmt munnmælunum átt að vera í byggð þegar kirknaskrá Páls biskups var tekin saman. Ef þar hefði verið kirkja með prestskyldu hefði það átt að koma fram í skránni.

Sóknarkirkja var að Stað til ársins 1909 er hún var aflögð og önnur kirkja vígð í Járngerðarstaðahverfi, þ.e. núverandi Grindavíkurkaupstað. Kirkjugarður Grindvíkinga er hins vegar enn að Stað og því hefur aldrei verið grafið við Grindavíkurkirkju.

Bænhús og útkirkjur voru algeng á Íslandi og voru oft á öðrum til þriðja hverjum bæ, þótt heimildir séu ekki alltaf tiltækar um þau. Í bréfi um byggingu jarða Skálholtsstóls í Grindavík frá 1563 er boðið að breyta bænhúsúgildum á Hrauni, Þórkötlustöðum og Hópi í leigukúgildi<sup>22</sup> og gæti það verið vísbending um bænhús á þessum stöðum. Engar aðrar heimildir minnst á bænhús á Þórkötlustöðum eða Hópi, en á Hrauni var sem áður segir. Samkvæmt munnmælum, sem áður er greint frá, áttu Grindvíkingar að hafa sótt kirkju að Hrauni áður en Reykjaneseldar brunnu og kirkjan var flutt frá Skarfasetri að Stað. Þetta er fremur ólíklegt þar sem Hraunskirkju er ekki getið í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá því um 1200. Hins vegar er enginn vafi á að kirkja var á Hrauni á miðöldum. Engar heimildir minnst á kirkju á Hrauni á 15. eða 16. öld, og er fyrstu beinu heimildina um hana að finna í Fitjaannál fyrir árið 1602. Þar segir: „Þá drukknuðu á stóra farmaskipi Skálholtsstaðar 24 manneskjur með einni stúlku, fyrir framan Þórkötlustaði í Grindavík ... og voru þeir flestir jarðaðir í bænhúsinu í Grindavík á Hrauni.“<sup>23</sup> Skömmu síðar hefur kirkjan líklega verið aflögð, en í *Chorographica Islandica*, sem rituð var um 1700, segir Árni Magnússon kirkjuna aflagða fyrir um 100 árum. Í máldaga Staðarkirkju frá 1642 kemur auk þess fram að klukka í eigu hennar sé komin frá Hrauni. Að öðru leyti er lítið vitað með vissu um guðshús þetta. Líklega hefur það verið annaðhvort bænhús eða hálfkirkja, og þá vafalítið þjónað frá Stað. Við kirkjuna hefur verið kirkjugarður þar sem greftraðir hafa verið heimamenn og e.t.v.

---

<sup>21</sup> Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson: „Krisuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og Miðaldalagsins“, bls. 78

<sup>22</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XIV, bls. 201

<sup>23</sup> *Íslenskir annálar 1400-1800* II, bls. 91

menn úr Þórkötlustaða- og Járngerðarstaðahverfum.<sup>24</sup> Í Vilkinsmáldaga frá 1397 kveður á um kirkjutífundargreiðslur, legkaup og legsöngskaup Járngerðarstaðamanna, og ber Járngerðarstaðamönnum samkvæmt því að greiða legsöngskaup til Staðar en ekkert legkaup.<sup>25</sup> Þetta gæti bent til þess að á Járngerðarstöðum hafi verið bænhús eða útkirkja, en um það eru engar frekari heimildir. Líklegra er hins vegar að þetta sé vísbending um að grafreitir Járngerðarstaðamanna, og þá væntanlega Þórkötlustaðamanna einnig, hafi verið á Hrauni en presturinn setið að Stað.

Í áðurnefndum Vilkinsmáldaga frá 1397 er eftirfarandi klausa: „Hún [kirkjan að Stað] á fjórðung úr Lónalandi, og skal sá hafa leigu af þeim sem kirkju varðveitir slíka sem settist við þann er þar býr.“<sup>26</sup> Þessi klausa hefur þótt torskilin þar sem jörð með þessu nafni hefur aldrei verið í Grindavík svo vitað sé. Í riti sínu *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800* gerir Jón Þ. Þór ráð fyrir því að um misritun sé að ræða og í stað „Lónalands“ eigi þar að standa „Hraunland“. Ennfremur leggur hann þann skilning í ofangreinda klausu að leiga af jarðarpartinum í Lónalandi skyldi renna til Staðar eftir því sem um semdist milli kirkjuhaldara á Lónalandi og ábúanda þar. Á þessum grunni telur hann hugsanlegt að kirkja á Hrauni sé risin 1397, þegar Vilkinsmáldagi er gerður.<sup>27</sup> Hér er hins vegar um misskilning að ræða. Það sem átt er við með ofangreindri klausu er að leiga af eignarhlut Staðarkirkju í Lónalandi skyldi renna til kirkjunnar, þ.e. Staðarkirkju, eftir því sem um semdist við ábúanda á Lónalandi. Það er því auðséð að ekki má af þessu draga neinar ályktanir um kirkju á Hrauni.

Örnefni, eins og t.d. bæjarnöfn, hafa mikið verið rannsökuð í gegnum tíðina og geta þau oft gefið einhverjar vísbendingar um aldur byggðar. Bæjarnöfn sem eru ósamsett náttúrunöfn eru yfirleitt talin til marks um elsta stig búsetu. Algengustu liðir í bæjarnöfnum í *Landnámu* eru fell, dalur, holt, nes vík, hóll, á og eyri, og flest þeirra ósamsett. Ósamsett náttúrunöfn í Grindavíkurhreppi eru tvö, Hraun og Hóp. Ein jörð, Krýsuvík, ber samsett náttúrunöfn, og er í *Landnámu* sögð numin um leið og Selvogur, sem einnig er samsett náttúrunöfn. Bæjarnöfn sem enda á –staðir eru yfirleitt talin tilheyra síðari stigum landnáms.

<sup>24</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 137-138

<sup>25</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 101-102

<sup>26</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 101-102

<sup>27</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 137

Tvö lögbýli bera slík nöfn, Þórkötlustaðir og Járngerðarstaðir (og eyðijörðin Gestsstaðir í landi Krýsuvíkur), auk þess sem hugsanlega mætti telja Stað til þessa flokks. Miðað við þessar vísbendingar einar mætti ætla að Hraun og Hóp hafi verið þær jarðir sem fyrstar byggðust í Grindavík. Sé hins vegar litið til áðurgreindra jarðfræðirannsókna á eldsumbrotum í Skaftafellssýslu, má e.t.v. samkvæmt þeim rekja landnám í Grindavík til 4. áratugar 10. aldar (en engan veginn er hægt að fullyrða um það). Það verður að teljast til síðari stiga landnáms, enda hafði Ari Þorgilsson, ritari *Íslendingabókar*, það eftir spökum mönnum „...at á sex tegum vetra yrði Ísland albyggt...“<sup>28</sup>. Samkvæmt því væri eðlilegt að þær jarðir sem fyrstar byggðust í Grindavík hafi borið nöfn með endingunni –staðir. Auk þess má benda á að byggð í Grindavík skiptist í þrjú hverfi sem bera nafn af jörðunum Stað, Járngerðarstöðum og Þórkötlustöðum, þ.e. þeim jörðum sem samkvæmt nafnakeningunni teljast til síðari stiga landnáms. Í öllum hverfunum eru þó tvö lögbýli, Staður og Húsatóptir í Staðarhverfi, Járngerðarstaðir og Hóp í Járngerðarstaðahverfi og Þórkötlustaðir og Hraun í Þórkötlustaðahverfi. Ef áðurnefnd kenning um náttúrunöfn ætti að standast í þessu tilviki og Hraun og Hóp væru þær jarðir sem fyrstar byggðust hefði verið eðlilegra að hverfin drægju nafn af þessum fyrstu lögbýlum, þ.e. „Hraunshverfi“ og „Hópshverfi“. En Jón Þ. Þór segir í *Sögu Grindavíkur* að líklega megi rekja hverfaskiptinguna allt aftur til landnámsaldar.<sup>29</sup> Ef litið er á landfræðilega dreifingu jarðanna má einnig sjá að dreifing jarðanna Staðar, Járngerðarstaða og Þórkötlustaða er mun jafnari (þ.e. fjarlægð á milli bæjanna er mjög svipuð) en Staðar, Hóps og Hrauns. Hafi landnámsmenn þá viljað skipta landinu bróðurlega á milli sín hefði því verið hyggilegra að velja fyrri kostinn. Þetta eru hins vegar aðeins getgátur einar og ekkert hægt að fullyrða um þessi efni. Standist þessar örnefnakenningar hins vegar má hugsa sér að landnám í Krýsuvík (og Selvogi) hafi orðið fyrr en í Grindavík.

Dýrleiki jarða getur oft gefið vísbendingar um byggðapróun þar sem ætla má að dýrustu jarðirnar hafi byggst fyrstar. Dýrleikinn var fasteignamat sem virðist hafa verið fastsett mjög snemma, a.m.k. þegar á 12. öld og má því hafa hann sem vísbendingu um misjöfn gæði jarðanna. Í töflunni hér að neðan eru teknar til samanburðar þrjár heimildir um fasteignamat. Matið frá 1695 er unnið upp úr skrá um dýrleika og landskuld jarða á Íslandi

---

<sup>28</sup> *Íslensk fornrit* I, bls. 9

<sup>29</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 81

frá því ári<sup>30</sup>, matið frá 1703 er tekið úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns<sup>31</sup> og matið frá 1847 er úr Jarðatali Johnsens<sup>32</sup>.

Nafn jarðar	Dýrleiki 1695 í hdr./eigandi	Dýrleiki 1703 í hdr./eigandi	Dýrleiki 1847 í hdr./eigandi
Krýsuvík	30/Skálholtsstóll	Óviss/Skálholtsstóll	31/bændaeign
Ísólfskáli	30/Skálholtsstóll	Óviss/Skálholtsstóll	4/bændaeign
Hraun	50/Skálholtsstóll	Óviss/Skálholtsstóll	25/bændaeign
Þórkötlustaðir	66/Skálholtsstóll	Óviss/Skálholtsstóll	66/bændaeign
Hóp	50/Skálholtsstóll	Óviss/Skálholtsstóll	33/bændaeign
Járngerðarstaðir	100/Skálholtsstóll	Óviss/Skálholtsstóll	125/bændaeign
Húsatóptir	33/konungseign	Óviss/konungseign	33/bændaeign
Staður	30/Skálholtsstóll	Óviss/leiguj. Skálh.	37/konungseign
	Meðaldýrleiki 48.6 hdr.		Meðaldýrleiki 44.3 hdr.

Sé litið á töfluna sést að dýrleiki flestra jarðanna helst sá sami milli 1695 og 1847. Ísólfskáli, Hraun og Hóp lækka hins vegar verulega í dýrleika á tímabilinu og er líklegt að landbrot sjávar og uppblástur lands séu helstu orsakir þess. Eins og sést er Staður sagður vera í konungseign árið 1847. Neðanmáls í Jarðatali Johnsens segir hins vegar: „Sýslumaður, og eins jb. [jarðabók] 1803, telur jörð þessa konungs eign, en jb. 1760 og en prentaða stólsjarðabók, með hér greindum dýrleika og lsk., meðal stólsjarða.“<sup>33</sup> Líklega hefur Stað þarna verið ruglað saman við Húsatóptir, sem voru í konungseign (til 1837) og er getið meðal seldra konungsjarða frá 1760 til ársloka 1846 í jarðatali Johnsens.<sup>34</sup> Staðar er hins vegar ekki getið meðal seldra jarða Skálholtsstóls í fyrrgreindu jarðatali<sup>35</sup> og ætti því réttilega að teljast eign Skálholtsstóls en ekki konungs árið 1847.

<sup>30</sup> Björn Lárússon: *The Old Icelandic Land Registers*, bls. 121

<sup>31</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 3-25

<sup>32</sup> Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 84-85

<sup>33</sup> Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 85

<sup>34</sup> Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 435

<sup>35</sup> Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 422

Í Grindavíkurhreppi var margbýlt á flestum jörðum, og hjáleigur og tómthús voru nokkuð mörg, enda ekki síður treyst á sjósókn en búskap í þessari sjávarsveit. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 eru byggðar hjáleigur 27 talsins. Í Jarðatali Johnsens 150 árum síðar eru þær 23. Búseta á hjáleigum og afbýlum fór þó mjög eftir árferði, spratt upp í góðærum en dróst saman þegar harðnaði í ári, og hefur því verið mjög breytileg í gegnum aldirnar. Bygging hjáleiga og þurrabúða var að mestu hætt þegar kom fram á 20. öld, en í staðinn var tekið að reisa nýbýli, oft í landi eldri bújarða.<sup>36</sup>

Fiskneysla jókst til muna á 12. og 13. öld og sjávarútvegur fór að fá aukið vægi. Ástæða þess er m.a. kólnandi veðurfar, samdráttur í landbúnaði, vaxandi fólksfjöldi, aukin byggð við sjávarsíðuna og tilkoma föstunnar.<sup>37</sup> Verstöðvar tóku þá að spretta upp í Grindavík sem annars staðar þar sem stutt var á miðin og ný stétt manna, búðsetufólk og þurrabúðarfólk, varð til. Það er ljóst að sjávarútvegur hefur leikið stórt hlutverk í Grindavíkurhreppi frá öndverðu og svæðið fljótlega orðið mikilvægt að því leyti. Landgæði eru ekki mikil í byggðarlaginu og hafa í gegnum aldirnar spillst mjög af eldsumbrotum, uppblæstri og ágangi sjávar. Það verður því að teljast einsýnt að í byggðarlaginu hafi menn þurft að reiða sig á sjósókn samhliða búskapnum þar sem landbúnaðurinn einn hafi ekki staðið undir viðurværi manna.

Verstöðvar voru á tveimur stöðum í Grindavíkurhreppi, í Grindavík og á Selatöngum. Á Selatöngum var útver með nokkrum verbúðum en aldrei föst búseta. Frá Selatöngum var einkum útræði Krýsuvíkurmanna og var síðast róið þaðan 1884. Þar var aldrei stórt útver, en til er gömul þula sem telur 73 menn við róðra þar. Í Grindavík var dæmigert „blandað ver“, þar sem var í senn heimaver, útver og viðleguver. Þegar á 13. öld áttu Viðeyjarklaustur og Skálholtsstaður rekaítök í Grindavík og þótt þess sé ekki getið sérstaklega er líklegt að þessir staðir hafi þá þegar haft skipstöðu þar. Að minnsta kosti varð Grindavík, ásamt Þorlákshöfn, aðalverstöð Skálholtsstóls, enda átti biskupsstóllinn þar allar jarðir nema Húsatóptir þegar komið er fram á 17. öld. Það var jafnan margt aðkomu vermannna í Grindavík en bátafjöldinn var löngum breytilegur eftir árferði. Sem dæmi reru 26 skip þaðan á vetrarvertíð árið 1703, en árið 1767 eru taldir þar 75 bátar. Um 1870 voru 12 skip gerð út frá Grindavík og um

<sup>36</sup> Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur 1800-1974*, bls. 46

<sup>37</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 209-210.

aldamótin 1900 voru þau 30. Sögu Grindavíkur sem árabátaverstöðvar lauk ekki fyrr en á þriðja áratug síðustu aldar.<sup>38</sup>

Grindavík var einnig verslunarstaður og komu þangað erlend kaupskip allt frá miðöldum fram á 18. öld. Lengi vel, eða fram á 14. öld, sóttu Grindvíkingar líklegast verslun til Eyrarbakka, en fyrst er getið um komu kauskips til Grindavíkur í lok þeirrar aldar. Með vaxandi skreiðarútflytningi varð vægi kauphafnarinnar í Grindavík meira og benda tiltækar heimildir til þess að umsvifin hafi verið orðin þónokkur á 15. öld.<sup>39</sup> Englendingar og Hansakaupmenn komu mjög við sögu Grindavíkur á 15. og 16. öld, eins og landsins alls. Fyrsta koma ensks skips hingað til lands, sem heimildir greina frá, var árið 1412, en siglingar Englendinga jukust svo á næstu árum. Umsvif þeirra urðu mest á suður- og vesturlandi og Grindavík varð ein helsta bækistöð þeirra ásamt Básendum, Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Rifi og Flatey á Breiðafirði. Aðsetur Englendinga í Grindavík mun hafa verið þar sem heitir „á Hellum“ í Járngerðarstaðahverfi, lítið eitt utan við aðalbyggðina þar.<sup>40</sup>

Þegar leið á 2. áratug 16. aldar fór að halla undan fæti hjá enskum kaupmönnum hér við land um leið og vegur Hansakaupmanna fór vaxandi. Um 1520 var svo komið að Englendingar höfðu hvergi fasta bækistöð nema í Grindavík og Vestmannaeyjum. Sögu þeirra í Grindavík lauk svo að fullu með „Grindavíkurstríðinu“ árið 1532 þegar Jóhann Breiði og menn hans voru drepnir í búðum sínum, og síðan dysjaðir þar sem síðan heitir Engelska lág. Eftir þetta komst útgerð í Grindavík að fullu í hendur heimamanna, konungs og kirkju, en Þjóðverjar tóku við versluninni og síðar þegnar Danakonungs. „Enska öldin“ í sögu Grindavíkur hefur því ekki staðið nema í um 14 ár, og samskipti þeirra við heimamenn því e.t.v. ekki verið gríðarleg.<sup>41</sup>

Eftir brotthvarf Englendinga úr Íslandsversluninni færðust Þjóðverjar mjög í aukana og sátu þeir nánast einir að henni í um sjö áratuga skeið. Þessi útgerð og verslun Hansamanna hér við land var konungsvaldinu mikill þyrnir í augum enda stefndi það dönskum yfirráðum beinlínis í hættu. Samtímaheimildir greina ekki frá því hvort Hansakaupmenn stunduðu útgerð frá Grindavík, en það er þó ekki ólíklegt þar sem aðalbækistöðvar þeirra voru á Básendum og í Höfnum. Munnmæli herma að aðsetur þeirra í

<sup>38</sup> Lúðvík Kristjánsson: *Íslenzkir sjávarhættir* II, bls. 37-38

<sup>39</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 232-233

<sup>40</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 236-241

<sup>41</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 242-248

Víkinni hafi verið á Gerðavöllum í Járngerðarstaðahverfi. Eftir að svonefndur Skipadómur var dæmdur árið 1545 versnaði staða Þjóðverja hér við land til muna. Þeir héldu versluninni þó áfram út öldina en samkeppnin við Dani óx jafnt og þétt.<sup>42</sup>

Með opnu bréfi Kristjáns konungs IV, dagsettu þann 20. apríl 1602, var borgurum í Kaupmannahöfn, Málmeyjum og Helsingjaeyri veittur einkaréttur á allri Íslandsverslun.<sup>43</sup> Lét konungur skipta kauphöfnum hér á landi á milli borganna þriggja og kom Grindavíkurhöfn í hlut Kaupmannahafnar. Hvar í Víkinni verslunin hefur verið er ekki vitað með vissu, en heimildir um Tyrkjaránið árið 1627 herma að danska kaupskipið hafi þá legið á Járngerðarstaðasundi. Hefur verslunin líklega haft bækistöðvar sínar þar til ársins 1639 þegar kaupmenn hættu að sigla til Grindavíkur vegna slæmrar hafnaraðstöðu þar. Urðu Grindvíkingar þá að sækja alla sína verslun að Básendum eða Eyrarbakka. Verslun í Grindavík hófst að nýju 1665 eftir að Skálholtsbiskup hafði hvatt til þess í bréfi. Að þessu sinni fór hún hins vegar ekki fram í Járngerðarstaðahverfi heldur voru verslunarþúðir reistar í Arfadalsvík í Staðarhverfi.<sup>44</sup> Þangað sigldu kaupmenn til ársins 1745 að skyndilega var hætt að sigla þangað og báru kaupmenn fyrir sig að hafnaraðstaðan hefði spillst af sandi. Verslunin lagðist þó ekki af með öllu því nokkurskonar útibúi var haldið úti í Arfadal, þar sem undirkaupmaður frá Básendum sá um móttöku og afhendingu varnings. Grindvíkingar önnuðust sjálfir allan flutning á milli Grindavíkur og Básenda en þáðu kaup fyrir.<sup>45</sup>

Með konungstilskipun og lögum sem gefin voru út 13. júní 1787<sup>46</sup> var tekin upp svokölluð fríhöndlun á Íslandi, þ.e. öllum þegnum Danakonungs var frjálst að versla á Íslandi. Með lögnum voru stofnaðir sex kaupstaðir og landinu skipt í kaupsvið. Innan kaupsviðanna voru nokkrar úthafnir þar sem sjálfstæðir kaupmenn störfuðu. Með þessu lenti Grindavík, ásamt öðrum höfnum á Suðurnesjum, innan kaupsviðs Reykjavíkur. Eignir konungs á Búðasandi í Arfadal voru boðnar upp en kaupandinn, Árni Jónsson undirkaupmaður á Eyrarbakka, reyndist ekki farsæll í starfi og var versluninni brátt lokað. Næstu öldina urðu Grindvíkingar því að sækja verslun til Keflavíkur.<sup>47</sup>

<sup>42</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 248-251

<sup>43</sup> *Lovsamling for Island I*, bls. 138-143

<sup>44</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 252-255

<sup>45</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 258-259

<sup>46</sup> *Lovsamling for Island V*, bls. 417

<sup>47</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 262-265

Af dreifingu byggðar í Grindavíkurhreppi má greina þrjá byggðarkjarna eða „hverfi“, Staðarhverfi vestast, þá Járngerðarstaðahverfi og loks Þórkötlustaðahverfi. Raunar mætti með nokkrum rökum tala um Krýsuvík og hjáleigur hennar sem hið fjórða hverfi, en byggð þar er skýrt afmörkuð frá annarri byggð í hreppnum. Í heimildum frá 19. öld kemur einnig fram að Grindvíkingar litu margir hverjir á Krýsuvík sem „hverfi“ töluðu gjarnan um Krýsuvíkurhverfi.<sup>48</sup> Ekkert er vitað með vissu um upphaf hverfanna en þó er líklegt að þau hafi tekið að myndast þegar á landnámsöld. Sé frásögn Sturlubókar *Landnámu* tekin fram yfir Hauksbók, og gert ráð fyrir að allir fjórir synir Molda-Gnúps hafi numið land í Grindavík, má telja hugsanlegt að þeir hafi byggt bæina Stað, Járngerðarstaði og Þórkötlustaði, án þess að hægt sé að fullyrða nokkuð um það. Þá má einnig ætla að einhverjir úr fylgdarliði þeirra hafi fengið land til búskapar á Húsatóptum og Hrauni. Þessar jarðir auk Hóps hafa svo orðið að lögbýlum sem hjáleigur eða önnur afbýli byggðust út frá og þannig hafa hverfin smám saman orðið til.<sup>49</sup> Sú staðreynd að sjósókn hefur löngum verið stunduð jafnhliða landbúnaði á svæðinu hefur án efa einnig ráðið nokkru um tilurð og viðhald hverfanna. Um aldamótin 1800 var byggð í Grindavík með sama sniði og þá hafði verið um aldir. Fjölmennast var í hverfunum þremur og Járngerðarstaðahverfi þeirra stærst og þéttbýlast með 59 íbúa. Alla 19. öldina hélt byggðin í Járngerðarstaðahverfi áfram að vaxa og styrkjast og við upphaf 20. aldar var þar orðið til þorp, við og umhverfis Hópið.<sup>50</sup> Margt hefur valdið því að þéttbýlisþróunin varð á þennan veg. Járngerðarstaðahverfi lá miðsvæðis í sveitinni og leiðin þangað frá öðrum vaxandi þéttbýliskjörnum á Reykjanesi og við Faxaflóa var bæði skemmri og greiðari en t.d. að Þórkötlustöðum. Auk þess voru skilyrði til lendingar og útróðra betri í Járngerðarstaðahverfi en á Þórkötlustöðum. Síðast en ekki síst tók fyrsta verslun svæðisins til starfa í Járngerðarstaðahverfi um aldamótin 1900, þ.e. sú fyrsta frá því verslun í Grindavík lagðist af í lok 18. aldar eins og áður greinir.<sup>51</sup> Þessi þéttbýliskjarni, einkum vestan megin Hópsins, í Járngerðarstaðahverfi, varð þungamiðja Grindavíkurkaupþúns sem síðan hlaut kaupstaðarréttindi árið 1947.<sup>52</sup>

<sup>48</sup> Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur 1800-1974*, bls. 82

<sup>49</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 81-82

<sup>50</sup> Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur 1800-1974*, bls. 31

<sup>51</sup> Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur 1800-1974*, bls. 101

<sup>52</sup> Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur 1800-1974*, bls. 55-54

## 4. Skrá yfir fornleifar


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (EY, GK o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-016:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og greint frá sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti fornleifar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða staðsetningu hans á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta, og 3) stórhætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## GK-001 Krýsuvík



Samkvæmt Landnámu nam Þórir haustmyrkr Selvog og Krýsuvík. ÍF I, 392-393. 1275; Krýsuvík og Skálholt eiga hálfan allan reka undir fuglabergi í landi Strandakirkju í Selvogi. 1284: Stadur j videy aa fiordvng j hvalreka j [krýss[v]ik] ok skal sa sem býr j kryssvvik senda mann til videyar þegar hvalvr kemvr adur þridia sol sie af himne ok lata skiera hval ok abyrgizt sem seigr j logbok." DI II, 124 sbr. DI III, 212. DI II, 246, sbr. 247, 248 og DI III, 749. 1356 var staðurinn 71 hndr og átti kirkjan allt heimalandið. DI III, 222. 1397: Þá á Krýsuvík fjöru í Keflavík til helminga við Kaldaðaneskirkju. Kaldaðaneskirkjra á "Saudahofn j kryseyvk oc hvzrum manne ad geyma þar sauða. fa kietil oc elldivid oc tvo menn til safna a vorid með þeim er sauda giæter." DI IV, 54. 1479: lýste hvn þat. at einginn jtok væri j greinda jord vatzleystv. nema kirkian j kryssvvik

ætti þar j Xc." DI VI, 185-

186.1524 eru þau kaup gerð að Viðeyjarkalustur eignast part Krýsuvíkurkirkju í Vatnsleysulandi og greiða fyrir fjögur hundruð til prests en kirkjunni áttæring. DI IX, 289. 1496 lét Stefán Jónsson Skálholtsbiskup meta byggingarnar á Krýsuvíkurstað, kirkjuna, "og staðinn aalan með hjáleiguhúsum innan garða." - DI VII, 324. 1563: "Jtem hefe eg fullt vmmbod gefid mijnumm firrgreinndumm Radsmanne ad byggia Krysewijk fyrst sira Birne ef hann vill med þeirre landskilld sem hann kann af stad ad koma og med þeim leigukugilldumm sem þar kunna til ad setiast svo og med þeim skilmála vmm rekann og allt annat sem addur stendur vmm Grijndavijk." DI XIV, 201. Kirkjustaður, eign Skálholtsstaðar, og var jarðardýrleiki óviss 1703. Sama ár eru hjáleigur jarðarinnar Nýibær, Litli Nýibær, Norðurhjáleiga, Suðurhjáleiga, Austur hús og Vestur hús ásamt eyðijörðinni Gestsstöðum. 1847: 31 1/3 hndr, hjáleigur Suðurkot, Norðurkot, Stóri-Nýibær, Litli-Nýibær, Vigdísarveallir, Bali og Lækur. Árið 1918 eru tvö býli í Krýsuvík en jörðinni ekki skipt á milli þeirra. "Krýsuvík. Svo í Ln (Hauksbók og Sturlubók), og því réttara en Krísuvík (í F og víðar)." Árbók 1923, 30. Þórkötlustaðir áttu selför á Vigdísarvelli en Krýsuvík skipsstöðu í Þórkötlustaðanesi - Saga Grindavíkur I, 145. Ummál Krýsuvíkurlands er á milli 60-70 km og á 300 ferkílómetra að flatarmáli. Gengið var frá afsali vegna kaupa Hafnarfjarðarkaupstaðar á Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ 1941. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 107. Austasti hluti Krýsuvíkurlands (Krýsuvíkurhraun) og sá vestasti (Ögmundarhraun og Vigdísarvellir) heyrja þó undir Grindavíkurkaupstað.

1703: "Túninu er hætt fyrir skriðum og fje fyrir hrakningi um vetur, ef ekki er vel gætt." JÁM III, 7. 1840: "Í hverfi þessu eru landkottir, hagaganga og heyskapur í meðallagi; ókostir, sérlegir óþerrar og snjókyngi, samt sérlegur uppblástur á öllum högum." SSA, 219. 1918: Tún 5,4, garðar 420 m<sup>2</sup>. Svæðið milli Kleifarvatns og Grænavatns er engja svæði. "Tún heimajarðarinnar liggur sunnan undir og upp í Bæjarfelli, en bæjarhús, kirkjan og kirkjugarðurinn standa á hól eða hygg, sunnarlega á túninu." Ólafur Þorvaldsson: Árbók 1943-48, 87.

**GK-001:001** *Krýsuvík* bæjarhóll bústaður

63°52.101N 22°03.709V


Bæjarhóllinn er sunnarlega í túninu, fast norðan og vestan við sveiginn á Grindavíkurvegi. Bærinn var fast vestan við kirkjuna (002), sem enn stendur austast á bæjarhólnum. Síðast var þar timburhús (sjá túnakort frá 1918) og er torf og grjóthlaðinn grunnur þess enn á bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn er grasi gróinn og mjög þýfður. Hann er hár og brattur að austan og norðan, en aflíðandi til suðurs og vesturs. Umhverfis hann er tún, mjög þýft að norðan en sléttara að vestan.

Bæjarhóllinn er um 50X80 m að stærð, um 10 m hár og bungumyndaður. Vestarlega á honum er grunnur síðustu bæjarhúsanna úr torfi og grjóti. Hleðslur standa grónar, allt að 1 m á hæð. Tóftin er um 10X5 m að stærð og tveggja hólfa. Ekkert grjót er greinilegt í vestra hólfinu en bæði torf og grjót er í því eystra. Tóftin er opin til austurs, en op eru á norður-, vestur- og suðurvegg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1918



**GK-001:002** *Krýsuvíkurkirkja* kirkjugarður kirkja

63°52.098N 22°03.695V

Kirkjan stendur austast á bæjarhólnum, í norðvesturhorni kirkjugarðsins, og kirkjugarðurinn fyrir austan og sunnan hana.

Bæjarhóllinn er grasi gróinn og mjög þýfður. Hann er hár og brattur að austan og norðan, en aflíðandi til suðurs og vesturs. Umhverfis hann eru tún, mjög þýfð að norðan en sléttari að vestan.

Henry Holland lýsir Krýsuvíkurkirkju 1811 og gerir af henni uppdrátt - Dagbók í Íslandsferð 1811, 82-83. William Hooker lýsir Krýsuvíkurkirkju 1809 - Ferð um Ísland 1809, 144-45. Kirkjan sem nú stendur er úr timbri, dæmigerð íslensk sveitakirkja. Hún snýr í suðvestur norðaustur, með dyr til suðvesturs. Kirkjugarðurinn er um 30X30 m að stærð, en mjög þýfður og ógreinilegur. Síðast var jarðað í garðinum árið 1997, en þar áður 1917. Þessi tvö merktu leiði eru fast sunnan kirkjunnar og sjást greinilega. Önnur leiði eru



ógreinilegri og ómerkt, en líklega hefur að einhverju leyti verið sléttað úr garðinum. Afmörkun garðsins er afar ógreinileg en hefur þó líklega verið torfveggur. Hann er nú mjög siginn. Ekki hefur verið gróðursett innan garðsins og engin ummerki um stækkun hans er að sjá á yfirborði. Óvíst er hvar inngangur í garðinn hefur verið, en líklega fast sunnan við kirkjuna, þ.e.á vesturhlið garðsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JJ 1847, 84; Túnakort 1918; Dagbók í Íslandsferð 1811, 82-83; Ferð um Ísland 1809, 144-45.

**Ljósmynd:**Krýsuvíkirkirkja, horft til austnordausturs

**GK-001:003** tóft útihús


63°52.121N 22°03.689V

Um 40 m norðan við bæjartóftir (001) þar sem traðir (011) sveigja til austurs að þjóðvegi, eru tóftir útihúsa, sem merktar eru inn á túnakort frá 1918. Í þýfðu túni norðan við bæjarhól.

Tóftin er tvískipt, um 7X9 m að stærð og snýr í norður suður. Op eru á norðurveggjum beggja hólfa. Í eystra hólfinu er ekkert grjót sýnilegt en í því vestra eru hleðslur úr torfi og grjóti. Hleðslur standa grónar, allt að 1 m á hæð og umfór mest fimm.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1918.



**GK-001:004** tóft smiðja


63°52.108N 22°03.699V

Fast norðan við bæjartóftir (001) er smiðjutóft, sem merkt er inn á túnakort frá 1918. Norðarlega á bæjarhólnum.

Smiðjan er um 3X4 m að stærð, og opin til suðurs. Hleðslur standa grónar, allt að 1 m á hæð úr torfi og grjóti. Úr norðausturhorni tóftarinnar gengur garðlag úr torfi til austurs um 9 m, sveigir þá til suðurs um 7 m og myndar einskonar rétt eða gerði austan tóftarinnar. Úr suðausturhorni gerðisins liggja bæjartraðirnar (011) til norðausturs eins og sést á túnakorti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1918.



**GK-001:005** heimild um útihús

63°52.116N 22°03.733V

Inn á túnakorti frá 1918 er merkt tvískipt útihús fast norðvestan við bæjarhús (001). Þar er nú sléttað tún. Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifa. Hnit tekið norðvestan undir bæjarhól.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1918.

**GK-001:006** tóft útihús

63°52.103N 22°03.757V

Um 40 m vestan við bæjartóftir (001) stendur bárujárnsskúr þar sem hús er merkt inn á túnakort frá 1918. Hann virðist standa í tóft. Umhverfis er sléttað tún.

Skúrinn er um 3,5X6 m að stærð, og virðist standa í tóft sem er jafn stór. Hún er mjög sigin og ógreinileg. Ekki greinanlegt hvar op hefur verið. Ekkert grjót sjáanlegt.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:**Túnakort 1918.

**GK-001:007** tóft útihús


63°52.134N 22°03.665V

Um 30 m norðan við tóftir (003) og um 70 m norðan við bæjartóftir (001) er útihústóft sem merkt er inn á túnakort frá 1918. Í þýfðu túni.

Tóftin er um 3,5X5 m að stærð og snýr í austur vestur. Ekkert grjót er sýnilegt en hæð hleðsla er mest um 0,5 m. Op er á austurvegg tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1918.



**GK-001:008** heimild um útihús

63°52.062N 22°03.859V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 140 m vestan við bæjarhús (001). Þar er nú sléttað tún.

Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifa.


**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**GK-001:009** tóft útihús 63°52.106N 22°03.894V

Um 140 m norðvestur af bæjartóftum (001), við rætur Bæjarfells er tóft sem merkt er inn á túnakort frá 1918. Í sléttuðu túni sem hallar til austurs.

Tóftin er um 6X3,5 m að stærð og snýr í austur vestur. Hleðslur eru signar og um 0,3 m að hæð. Aðeins eru tveir stórir steinar í þeim en annars eru þær bara úr torfi. Op er á austurvegg.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1918.




**GK-001:010** tóft útihús 63°52.085N 22°03.935V

Um 160 m vestur af bæjartóftum (001), í rótum Bæjarfellsins er tóft sem merkt er inn á túnakort frá 1918. Hún er um 50 m sunnan við tóft (009). Í sléttuðu túni sem hallar til austurs.

Tóftin er niðurgrafin, um 4,5X3 m að stærð og snýr í austur vestur. Grjót er við op á austurvegg tóftarinnar en annars ekkert. Hleðslur eru signar, um 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1918.



**GK-001:011** gata traðir 63°52.107N 22°03.694V

Traðir liggja upp bæjarhólnum fast norðan við kirkjuna (002) eins og sýnt er á túnakorti. Traðirnar liggja í vestur, um 40 m, frá þjóðvegi norðan við bæjarhólinn og sveigja þá til suðurs, um 30 m, með stefnu á kirkjuna (002) og enda fast við norðausturgafli hennar í fjórum grjóthlöðnum þrepum. Í þýfðu túni norðan við bæjarhólinn og upp á hann. Traðirnar eru niðurgrafnar, allt að 1 m djúpar. Þær eru um 70 m á lengd og mest um 1,5 m á breidd. Ekkert grjót er sýnilegt í veggjum.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**GK-001:012** Gestsstadir tóftir býli 63°52.857N 22°04.194V

"Geststader skal hafa jörð heitið nálægt Krýsuvík undir Móhálsnum austanverðum, þar allnærri sem nú liggur almenningsvegur. Sjer þar enn nú bæði fyrir túngarði og tóftum. En völlum er allur uppblásinn og kominn í mýri, mosa og hrjóstur, so ómögulegt er jörðina aftur að byggja. Þar með liggur hún aldeilis í Krýsuvíkurlandi og kann ekki fyrir utan skaða Krýsuvíkur landsnytjar að hafa. Hefur og so lánga tíma í eyði legið, að engi veit til nær hún hafi bygd verið.", segir í Jarðabók Árna og Páls. Í örnefnalýsingu er býlinu lýst á eftirfarandi hátt: "Geststadir eru eða voru norðvestan við Krýsuvík sunnan undir dálítilli hæð, sem gengur austur úr Sveifluhálsi. Sér þar fyrir miklum tóftum. Mun þetta hafa verið stórbýli, enda eru þau ummæli til, að þessi bær hafi fyrrum heitið Krýsuvík. ... Fram undan Hverafjalli eru rústir Gestsstada, sem sagt er, að séu undir Móhálsinum, og er það nafn nú glatað." Krýsuvíkurskóli stendur á hæð sem gengur austur úr Sveifluhálsi og Gestsstadavatn heitir vatnið fyrir norðan skólann. Sunnan undir hæðinni sem skólinn stendur á, suðvestan við heimreiðina að honum og í norðvestur frá Krýsuvík (001) eru tóftir sem gætu verið Gestsstadir. Þýfður mói sunnan undir hæðinni sem Krýsuvíkurskóli stendur á, vestan við þjóðveginn.

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1903 er ritað um staðinn og honum lýst svo: "Geststadir heitir eyðibær, norðvestur frá Krýsuvík, þar sem hún er nú. Hann hefir staðið sunnanundir dálítilli hæð, sem gengur austur úr Sveifluhálsi. Bæjartóftin er 10 fðm. löng frá austri til vesturs, hefur engan miðgafli, og mun hafa verið þiljuð sundur. Dyr sjást ógjörla, en á suðurhlíð hafa þær verið, því hvorki eru þær á endunum né norðurhlíðinni. Skamt austar er fjóstóft, 6 fðm löng, og heygardur eigi lítill. Túnið hefir verið umgirt, en nú er það víða komið í sand af árennsli. - Þau ummæli heyrði eg í Grindavík furir 40 árum, að Krýsuvík hefði í fyrstu heitið Gestsstadir og staðið vesturvið hálsinn. Nú þykist eg skilja sannleikann í þeim. Jörðin Gestsstadir hefir verið í eign Krýsuvíkurkirkju. Hefur bærinn og kirkjan því verið flutt í Gestsstadalund eftir eldinn. En við það hafa Gestsstadir verið sviftir nytum, og meir og meir þrengt að þeim, unz þeir lögðust í eyði." Getið meðal eyðibýla í Krýsuvík í sóknarlýsingu frá 1840 - SSÁ, 221. Tóftirnar eru í þýfðum móa, allar hlaupnar í þúfur en skera sig úr umhverfinu af lit og lögun þúfna. Bæjarhóllinn er lágur og bungumyndaður, um 15X15 m að stærð. Ekkert grjót er í tóftunum. Tóftirnar eru afar ógreinilegar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM III, 7; Ö-Krýsuvík, 8, 15; Árbók 1903, 50; SSÁ 1840, 221

**GK-001:013** *Austur hús* bæjarstæði býli 63°52.101N 22°03.709V

"Austur hús, forn hjáleiga, hefur um stund legið í eyði, og var nú í næstliðnum fardögum aftur byggð úr auðn", segir í Jarðabók Árna og Páls. Í örnefnalýsingu segir að þetta sé sama og Stóri-Nýibær (GK-004). Í greininni um Krýsuvík og hjáleigur segir að Austurhús gæti verið sama og Lækur (GK-008).

Ekki er vitað hvar hjáleigan var, en gæti átt við um Stóra-Nýjabæ (GK-004) miðað við afstöðu hans við Litla-Nýjabæ (GK-005).

**Hættumat:**

**Heimildir:**JÁM III, 6; Ö-Krýsuvík, 7; Ólafur E Einarsson: "Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5

**GK-001:014** *Vestur hús* bæjarstæði býli 63°52.101N 22°03.709V

"Vestur hús, hjáleiga af sömu jörð", segir í Jarðabók Árna og Páls. Í örnefnalýsingu segir að þetta sé sama og Litli-Nýibær (GK-005). Getið meðal eyðibýla í Krýsuvík í sóknarlýsingu frá 1840 - SSÁ, 221.

Ekki er vitað hvar hjáleigan var, en gæti átt við um Litla-Nýjabæ (GK-005) miðað við afstöðu hans við Stóra-Nýjabæ (GK-004).

**Hættumat:**

**Heimildir:**JÁM III, 7; Ö-Krýsuvík, 7; SSÁ 1840, 221

**GK-001:015** *Ræningjastígur* heimild um leið 63°50.141N 22°05.950V

"Þar sem Krýsuvíkurborg endar, heitir Eystri-Bergsendi og Vestri-Bergsendi. ... Austast í berginu er Strandaberg, þar átti Strandakirkja ítak. Þá Kotaberg; það áttu til afnota þeir, sem bjuggu í hjáleigunum. ... Framan í Skriðunni er Ræningjastígur. Hans er getið í þjóðsögum. Stígur þessi er gangur einn, sem myndast hefur í móbergið og liggur skáhallt niður í flæðarmál af brúnni. Var hann fær til skamms tíma, en nú mun hrúnið svo úr honum, að hann sé tæplega fær." segir í örnefnaskrá. Krýsuvíkurborg heitir standberg í sjó fram, beint í suður frá bænum (001). Ræningjastígur er berggangur sem liggur skáhallt niður þverhnipt bjargið, þ.e. Krýsuvíkurborg. Þverhnipti í sjó fram.

"... þar hermir þjóðsagan, að "Tyrkir" hafi klifið á land sumarið 1627. Þeir áttu að hafa drepit matseljuna í selinu á Selöldu og elt smalann heim í Krýsuvík. Þar var sjálfum Eiríki í Vogsósum að mæta, og beitti hann svo kyngi sinni, að ræningjarnir drápu hvern annan." segir í Sögu Grindavíkur I. Hnit er tekið á bjargbrúninni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 5-6; Saga Grindavíkur I, 52-53

**Ljósamynd:**Horft fram af Krýsuvíkurborgi til vesturs



**GK-001:016** *Eiríksvarða* varða 63°51.837N 22°03.292V

"Vestan við Krýsuvíkurhraun niðri undir sjó er fornhraun, sem nefnt er Litlahraun, en í Krýsuvíkurhrauni er Skyggisþúfa, vestur af Seljabótarnefi. Vestur frá Litlahrauni tekur við allmikil mýri, sem heitir Bleiksmýri. ... Vestarlega í mýrinni er stakt fell nokkuð hátt, sem heitir Arnarfell. Vestur af því gengur svo Arnarfellstagl, og framan í því er túnið ... Á fellinu er varða, sem heitir Eiríksvarða", segir í örnefnaskrá.

Arnarfell er stakt fell um 600 m austur af Krýsuvík (001), eina fellið þar austan við þjóðveginn. Umhverfisfellið er þýfður mói eða mýri. Fellið er gróið upp í miðjar hlíðar en klettótt efst. Varða er vestarlega á fellinu, ofan við bæjartóftir Arnarfells (027). Hún er að mestu hrúnin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 6

**GK-001:017** *Smalaskáli* tóft smalakofi 63°50.699N 22°01.720V


"Sunnan Arnarfells [sjá 027] tekur við Krýsuvíkurborg og austarlega á henni eru tveir hólur, Trygghólur ... Suður af Trygghólumýri er Smalaskáli." segir í örnefnaskrá.

Trygghólur eru tveir malarhólur austnordæstan við Selöldu og Selhól (019). Á milli hólanna heitir Trygghólumýri. Suður af syðri hólnum er smalaskálatóft. Á blásnum mel. Byrgið fannst ekki við leit sumarið 2003 en hnit og lýsing fékkst hjá heimildarmanni. Grjóthlaðið byrgi opið til suðurs, all heillegt.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 6

**GK-001:018** *Fitjar* tóftir+garðlag bústaður

63°50.577N 22°06.892V



"Fitjatún hefur fyrr verið nefnt, vestur við lækinn, vestur af Selöldu. Þar eru stæðilegar bæjartóftir, mikið túnstæði, og þar voru leifar eftir safngryfju, sem er óvanalegt á þeim árum." segir í örnefnaskrá.

Fitjatún er syðst við veginn sem liggur af Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurbergi. Vegurinn sveigir þar til austurs yfir Vestri lækinn og liggur austur um túnið. Bæjartóftirnar eru austast í túninu, fast vestan við veginn. Túnið er ekki stórt en gróið og slétt. Umhverfis það eru blásnir, ógrónir melar. Austan við túnið rís Selaldan, hálfgróinn malarás, sem teygir sig til austurs. Svæðið allt er um 30X70 m að stærð og eru þar þrjár tóftir og túngarður.

Þegar veginum er fylgt þar sem hann sveigir austur um túnið er fyrst komið að tveimur samliggjandi útihúsatóftum í

norðausturhorni túnsins. Sú vestri er stæðilegri, um 6X5 m að stærð úr torfi og grjóti. Eystri tóftin er

mjög sigin en mikið grjót er í henni. Hún er 8X4,5 m að stærð. Báðar hafa op á suðurvegg. Hleðsluhæð er um 0,6 m í vestari tóftinni en um 0,3 m í þeirri eystri. Um 50 m fyrir sunnan útihúsatóftirnar eru bæjartóftirnar, fast vestan vegarins. Þær eru mjög stæðilegar, allar hlaðnar úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umfór grjóts allt að fimm. Tóftirnar snúa mót vestri og eru þrjú op á þeirri hlið. Þær eru um 11X13 m og greinast í fimm hólf. Fast sunnan þeirra er gróin dæld, e.t.v. safngryfjan sem nefnd er í örnefnalýsingunni. Úr norðaustur- og suðausturhorni tóftanna liggja garðbrot til austurs, en rofna af veginum sem þarna liggur til suðurs. Hugsanlega hafa þau myndað hólf eða garð austan við bæinn. Siginn og gróinn grjóthlaðinn túngarður liggur frá bæjartóftunum norður að útihúsunum, um 50 m.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 8



**Ljósmynd:** Bæjartóftir Fitja, horft til austurs



**GK-001:019** *Selhóll* tóftir sel

63°50.423N 22°05.485V

1703: "Selstöður tvær á jörðin, aðra til fjalls en aðra nálægt sjó, báðar merkilega góðar. Og mega þær nýta hjáleigumenn og bóndi", segir í Jarðabók Árna og Páls. Í örnefnaskrá er staðnum lýst svona: "[Strákar] eru vestast á Selöldu, en á Selöldu austarlega er Selhóll, og austastir eru Trygghólarnir."




Fitjatún (018) er syðst við veginn sem liggur af Grindavíkurvegi að

Krýsuvíkurbergi. Vegurinn sveigir þar til austurs yfir Vestri lækinn og liggur austur um túnið. Austan við túnið rís Selalda, hálfgróinn malarás, sem teygir sig til austurs að Trygghólum, tveimur ógrónum melhólum. Vestast á Selöldu eru Strákar, dökkir og úfnir hraundrangar sem sjást bera við himin frá Grindavíkurvegi. Sunnan við Selöldu er annar malarás nefndur Skriða og á milli þeirra er gróið lægðardrag. Í lægðardraginu,

sunnan undir Selöldunni austanverðri, þar sem landið hækkar til austurs, eru seltóftir. Í þýfðu lægðardragi sem hækkar til austurs.


Tóftirnar eru fjórar og sést á milli þeirra allra. Sú nyrsta (A) er alveg í rótum Selöldu, fast austan við stakan móbergsklett í hlið hennar. Tóftin er mjög gróin og sigin og er ekkert grjót í henni. Hún er um 5X3 m að stærð, og snýr í austur vestur. Op er á vesturvegg hennar. Um 80 m sunnan við tóft (A) er önnur tóft (B), bæjartóft og mun



greinilegri. Hún er á norðurbarmi grjótgjár sem liggur í austur vestur og er líklega uppbornaður árfarvegur. Tóftin er um 10X7 m á stærð, snýr mót suðri og eru tvö op á þeirri hlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og greinist í þrjú hólf. Hleðslur eru signar og er hæð þeirra mest um 0,5 m. Um 8 m austan við tóftina (B) er lítil hringlaga tóft eða dæld. Hún er um 2,5 m í þvermál og aðeins einn steinn sýnilegur í henni. Sumir vilja meina að þetta séu tóftir bæjar sem þarna var og nefndist Eyri. Um 50 m sunnan við tóft (B), á dálitlum hól sunnan við grjótgjána er enn ein tóft (C). Hún er hringlaga um 4 m í þvermál, líklega fjárborg. Tóftin hefur verið grjóthlaðin en hleðslur eru nú alveg fallnar. Op hefur líklega verið til vesturs. Um 80 m suðvestan við tóft (C) er síðan tóftaþyrping (D). Tóftirnar eru þrjár og eru á háum hól og sjást því greinilega. Allar eru úr torfi og grjóti, signar og grónar, hleðsluhæð mest um 0,5 m. Sú nyrsta er tvískipt, um 8X5,5 m að stærð og snýr í norður suður. Op er á norðurhlið. Um 1 m fyrir sunnan tóftina er dæld, sem virðist vera manngerð. Hún er um 9 m löng frá norðri til suðurs og um 0,6 m á dýpt. Eitthvað er af grjóti í börmum hennar, en engar greinilegar hleðslur. Um 1 m sunnan við dældina er síðan sporöskjulaga tóft, um 5X7 m að stærð. Op er á suðurvegg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM III, 7; Ö-Krýsuvík, 7



**GK-001:020** tóft óþekkt


63°52.236N

22°03.716V

Í norðvesturhorni heimatúnsins, við rætur Bæjarfells um 300 m norður af bæjarhól (001) er tóft. Í túnjaðri.

Tóftin er 6X4 m að stærð, úr torfi og grjóti og snýr í austur vestur. Hún er einföld og hefur op á austurvegg. Hleðslur eru signar, um 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



**GK-001:021** Ræningjaleiði heimild um legstað

63°52.066N

22°03.800V

"Eitthvað var nú eftir í heimatúni. Í túninu er Ræningjahóll, og þar eru þrjár þúfur, sem heita Ræningjaleiði." segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn (001) í Krýsuvík er norðan þjóðvegarins, en gegnt honum fyrir sunnan þjóðveginn er annar hóll kallaður Ræningjahóll. Á honum eru tóftir Suðurkots (GK-002). Ræningjaleiði er örnefni undir hólnum norðanverðum og gæti verið að vegurinn hafi eyðilagt það, eða það hafi verið sléttað. Sléttaður, bungumyndaður hóll sunnan við þjóðveg. Hóllinn er stór og mikill og snýr í austur-vestur. Vestast á honum eru tóftir Suðurkots (GK-002). Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 9

**GK-001:022** Hafliðastekkur tóft stekkur

63°52.338N


22°04.071V

"... norðvestan við Bæjarfellið er Hafliðastekkur ..." segir í örnefnalýsingu. Það virðist vera þessi rúst sem Guðrún Gísladóttir á við: "Norðan undir Bæjarfellinu eru rústir en ekki er fullljóst hvaða rústir þetta eru. Gæti hafa verið beitarhús eða t.d. stekkur en nafnið Hafliðastekkur kemur fyrir á korti sem Ásgeir Jónsson teiknaði af svæðinu 1941. Þar fyrir norðan má einnig sjá vel greinilegan túngarð." Í rótum Bæjarfells að norðanverðu, um 600 m norðvestur af bæjarhól (001) eru tóftir Hafliðastekks. Í gróinni en grýttri hlið sem hallar til norðurs.

Tóftin er sigin og gróin, um 11X5 m að stærð og greinist í tvö hólf. Hún snýr í norður suður. Gengt er á milli hólfanna og er op á norðurhlið þess nyrðra. Hleðsluhæð er mest um 0,3m. Um 1 m norðan tóftarinnar eru tvær litlar samhliða torfhleðslur, um 3 m á lengd, og mynda lítið hólf. Ekkert grjót er í hleðslum litlu tóftarinnar og mjög lítið þeirri stærri. Um 50 m vestur af tóftunum er greinilegur túngarður í norður suður. Hann er um 50 m langur og allt að 0,7 m á hæð. Hann er torfhlaðinn og markar líklega endimörk túnsins Krýsuvík, en gæti þó einnig tengst, Litla-Nýjabæ (GK-005) eða Gestsstöðum (012).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 10; Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 29



**GK-001:023** Seltún heimild um sel

63°53.710N

22°03.288V

1703: "Selstöður tvær á jörðin, aðra til fjalls en aðra nálægt sjó, báðar merkilega góðar. Og mega þær nýta hjáleigumenn og bóndi", segir í Jarðabók Árna og Páls - JÁM III, 7. Í örnefnalýsingu er Seltúni lýst á

eftirfarandi hátt: "Austan undir Hatti er hvammur sá, sem heitir Seltúnshvammur. Er komið niður í hann, þegar Ketilstígur (050) er farinn, er síðar getur. Í hvamminum er Seltúnið. Þar eru nokkrir leirhverir, sumir dauðir, en í öðrum kraumar. Úr gili milli Hatts og Seltúns kemur Seltúnslækur, sem rennur um alldjúpt gil á jafnsléttu, Selgil. Þarna eru Seltúnshverir." Seltún er við samnefnt hverasvæði fast vestan við þjóðveginn u.þ.b. miðja vegu milli syðsta hluta Kleifarvatns og Krýsuvíkurskóla. Túnið sem örnefnið á við um mun allt vera vestan vegarins. Um 4 km norðan við Krýsuvík (001). Þarna er mikið jarðhitasvæði sem teygir sig upp í gilið ofan við. Umhverfis hverasvæðið, vestan vegarins eru sléttuð tún. "Þeir nefnast yfirleitt Seltúnshverir, því þar var selstaða fyrrum." segir Jónas Hallgrímsson í lýsingu á brennisteinsnámunum frá 1840 - Ritverk III, 366. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 15-16; Jónas Hallgrímsson: Ritverk III, 366; JÁM III, 7.

**GK-001:024** *Brennisteinshúsarústir*

63°53.734N 22°03.294V

"Framan við Seltúnið eru Brennisteinshúsarústir. eru þær á Seltúnshvammur, sem er sunnan gilsins. Þar höfðu enskir menn brennisteinstöku á 19 öld. Voru þeir líka í Brennisteinsfjöllunum." segir í örnefnaskrá. "Brennisteini hefir verið safnað hér til útflutnings, og hlutafélagið Íslenska hefir nú um nokkur ár látið hreinsa hann þar á staðnum. Brennisteinninn hittist að vísu í kringum hverina á láglendinu, en langmest er þó af honum þar, sem eru langir ásar af lituðum leirtegundum ... Hveralandinu er skipt í tvö svæði. Annað heitir Heimanámar, þar sem brennisteinninn er. Það er sunnar, nær bænum og sjónum", segir í ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1756. Þeir geta einnig um landskjálfta sem varð þarna veturinn 1754-55 "og héldu þeir, sem þá voru staddir þar í brennisteinskofunum, að þeir mundu hrynja." Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir: "Í Krýsuvík eru brennisteinsnámur, óyrktar." Seltún nefnist hverasvæði fast vestan við þjóðveg, u.þ.b. miðja vegu milli syðsta hluta Kleifarvatns og Krýsuvíkurskóla, um 4 km norður af Krýsuvík (001). Í hlífðinni ofan, þ.e. vestan, við hverina er gil og segir í örnefnaskrá að Seltúnshvammur sé fyrir sunnan gilið og þar hafi húsin verið. Ef Seltúnshvammur er fyrir sunnan gilið getur verið að það sé þar sem sléttuð bílaplan er nú. Þarna er mikið jarðhitasvæði sem teygir sig upp í gilið ofan við. Umhverfis hverasvæðið, vestan vegarins eru slétt tún.

Ekki sést til fornleifa, en til eru margar lýsingar á staðnum. Almenn lýsing af námunum er í Kálfund I, 29. Ítarleg lýsing er af brennisteinsnámunum í skýrslu Ole Henschels frá 1775. Þar lýsir hann staðsetningu brennisteinshúsanna á 18. öld (s. 270) - ÓÓ II, 261-74. William Hooker lýsir námunum 1809 - Ferð um Ísland 1809, 145-50. Henry Holland lýsir brennisteinsnámunum svo árið 1811: "Hveririr, ásamt brennisteinsnámunum, sem eru í sambandi við þá, liggja uppi í hlífðinni á ásum og hæðum um tvær mílur norðaustur frá Krýsuvíkurbæ. Gulu skellurnar umhverfis þá ásamt gufumökkunum, sem stíga upp frá þeim, sjást greinilega úr margra mílna fjarlægð. Þannig sáum við til þeirra, þegar við sigldum meðfram ströndinni á leið okkar til Krýsuvíkur. Þyrturinn úr hverunum heyrðist greinilega heim í Krýsuvík." Nánari lýsing - Dagbók í Íslandsferð 1811, 83-84 (+84-87). Jónas Hallgrímsson lýsir námunum 1840 - Ritverk III, 366-68.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 16; Ólafur Þorvaldsson: Árbók 1943-48, 85; FEB II, 205-206; JJ 1847, 84

**GK-001:025** *Kaldrani* bæjarstaði bústaður

63°54.682N 22°01.820V

"Inn við Kleifarvatn er svo kallaður Kaldrani. Þar eiga að vera leifar eftir bæ með þessu nafni. Er hans getið í þjóðsögum. Þar eru leifar af gömlum túngarði úr grjóti og lítilli grasflöt fyrir ofan, utan í sléttum melhól." segir í örnefnaskrá. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-48 er staðnum lýst svo: "Á Kaldrana er sagt að ein hjáleiga Krýsuvíkur hafi verið fyrr meir, og segja munnmæli, að hún hafi eyðst vegna álaga, sem mæltu svo um, að allur silungur í Kleifarvatni skyldi að loðsilungi verða, en hann á óætur að vera, samanber vísu þá sem sagt er, að kveðin hafi verið á glugga í Krýsuvík, eftir að fólkið á Kaldrana hafi étið silunginn, en það vissi ekki, að það var búíð að gera hann að umskiptingi." Vísan er svona: Liggur andvana / lýður á Kaldrana / utan ein niðurseta / sem ei vildi eta. Í Árbók 1903 segir: "Kaldrani er nefndur í þjóðsögum. Er sagt að hann hafi verið hjáleiga frá Krýsuvík og staðið inn við Kleifarvatn. Og líka er sagt að þar hafi alt fólkið dáíð af loðsilungsáti. Örnefnið: Kaldrani er til við vatnið. Sést þar 34. fðm langur túngarðsspotti úr stórgrýti og lítill grasflöt fyrir ofan suðaustan í sléttum melhól. Uppi á hólum er dálítill dreif af hleðslugrjóti, sem virðist flutt þangað af mönnum. Gæti það verið leifar af bænum. Því garðspottinn sýnir það, að þar hafa menn búíð á sínum tíma."

Örnefnið Kaldrani er við Kleifarvatn, alveg suðvestast. Þar liggur malarvegur til austurs suður fyrir vatnið að Hverahlíð og er melhóll eða ás þar fast sunnan við og mun örnefnið eiga við hann. Engar mannvistarleifar sjást nú á þessum stað. Melhóllinn eða -ásinn teygir sig í norður suður.

Kaldrana er getið meðal eyðibýla í Krýsuvík í sóknarlýsingu frá 1840 - SSÁ, 221.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 8-9; Árbók 1943-48, 92; Árbók 1903, 59; SSÁ 1840, 221.

**GK-001:026** *Garðshorn* heimild um býli

Garðshorn var hjáleiga frá Krýsuvík, byggðar þar er getið í sóknarmanntölum 1830 og 1835. Ekki er vitað hvar hjáleigan hefur verið.

**Hættumat:**

**Heimildir:** Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 18


**GK-001:027** *Arnarfell* tóft+garðlag býli

63°51.837N 22°03.292V

Arnarfell var hjáleiga frá Krýsuvík, undir suðvesturhlíð Arnarfells. Þar var byggð samkvæmt sóknarmanntölum 1855, 1860 og 1865. "Í [Arnarfelli] suðvestanvert var fyrrum hjáleiga með sama nafni" - SSÁ, 220. "Vestan við Krýsuvíkurhraun niðri undir sjó er fornhraun, sem nefnt er Litlahraun, en í Krýsuvíkurhrauni er Skyggisþúfa, vestur af Seljabótarnefi. Vestur frá Litlahrauni tekur við allmikil mýri, sem heitir Bleiksmýri. ... Vestarlega í mýrinni er stakt fell nokkuð hátt, sem heitri Arnarfell. Vestur af því gengur svo Arnarfellstagl, og framan í því er túnið", segir í örnefnaskrá. Arnarfell er stakt fell um 600 m austur af Krýsuvík (001), eina fellid þar austan við þjóðveginn. Arnarfellstagl er rani eða ás sem gengur til vesturs úr fellinu. Suðvestast í taglinu eru tóftir Arnarfells, um 600 m austur af bæjarhól (001).



Umhverfis fellid er þýfður mói eða mýri. Fellið er gróid upp í miðjar hlíðar en er klettótt efst. Taglinu hallar nokkuð bratt til suðurs og er túnið allt í brekkunni. Tóftirnar eru í brekkurótunum, neðst í túninu.



Túnstæðið er umlukið túngarði úr torfi og grjóti, og er allt að 100X80 m á stærð. Tóftin er mjög sigin og gróin. Hún er um 16X11 m að stærð og snýr líklega mót suðri. Hólf eru fimm og er gengt milli þeirra allra utan eins. Op eru tvö á suðurhlíð, eitt á austurhlíð og eitt á vesturhlíð. Eitthvað er af grjóthleðslum í tóftunum, en hleðsluhæð er mest um 0,3 m. Um 3 m fyrir sunnan tóftirnar er dálítill dæld, um 1,5 m í þvermál, greinilega manngerð. Umhverfis tóftirnar er nokkur óslétta í túninu og mótur fyrir tóftabrotum á a.m.k. þremur stöðum, fast fyrir sunnan og suðvestan tóftina. Þau eru þó mjög ógreinileg. Fyrir ofan túnið, uppi á Arnarfellstaglinu, innundir klettum í fellinu, munu vera útihús frá Arnarfelli. Þau voru ekki skoðuð að þessu sinni.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 18; SSÁ, 220. Ö-Krýsuvík, 6

**Ljósmynd:** Tóftir Arnarfells, horft til suðvesturs

**GK-001:028** *Vorréttin* tóft rétt

63°51.887N 22°04.257V

"Undir Bæjarfellinu er rétt í tiltölulega góðu ástandi og mætti lagfæra hana með litlum tilkostnaði", segir í Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar. Um 20 m norðan við Grindavíkurveg, fyrir sunnan Bæjarfell og um



500 m suðvestur af bæjarhól (001) er grjóthlaðin rétt, kölluð Vorréttin. Hún er á blásnum og ógrónum mel.

Réttin er um 26X14 m að stærð og snýr í norður suður. Hún greinist í fimm hólf. Syðsta hólfid er langstærst, en hin fjögur eru svipuð að stærð. Hólfid í norðvesturhorni réttarinnar er alveg lokað, en greinilegt er að op hefur verið í suðurenda þess þótt hlaðið sé upp í það. Gengt er á milli annarra hólfa réttarinnar. Aðeins einn inngangur er þó á réttinni, á



austurvegg nálægt suðausturhorni. Réttin er grjóthlaðin, allt að sex umför, og hleðsluhæð mest um 1,5 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 29

**Ljósmynd:**Vorréttin, horft til norðurs

**GK-001:029** *Arnarfellsrétt* heimild um rétt

63°51.606N 22°03.927V

"Réttin gamla í Krýsuvíkurheiðinni sunnan Arnarfells er falleg, vel uppistandandi og væri rétt að gera hana upp", segir í Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar. Krýsuvíkurheiðin nefnist svæðið fyrir sunnan Arnarfell (027), en þar hækkar landið aflíðandi til suðurs. Þarna skiptast á melar og mýrarflákar.


Svæðið var gengið í mjög slæmu veðri, dimmri þoku og rigningu, og fannst réttin ekki. Hún mun hins vegar samkvæmt heimildarmanni vera greinileg og stór en staðsett í lægð og því er erfitt að koma auga á hana úr fjarlægð. Hnit er fengið hjá heimildarmanni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 29

**GK-001:030** tóft fjárskýli

63°51.494N 22°07.902V



"Við veginn í átt að Ögmundarhrauni stendur hringlaga fjárborg í góðu standi", segir í Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar " Ca. 40 m suður af malarvegi, NA í klettum er heita Litliháls", segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Um 3,3 km vestsuðvestur af bæjarhól (001), sunnan við þjóðveginn (Grindavíkurveg), er Borgarhóll, vel merktur. Um 150 m vestan við hann, um 50 m sunnan við þjóðveginn er grjóthlaðin fjárborg. Fjárborgin er á dálítilli hæð á blásnum og ógrónum mel.

Í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg er fjárskýlinu lýst á

eftirfarandi hátt: "Ca. 10,5 m í þvermál. Veggir úr grjóti, ca. 1,5 m breiðir og 0,8-1,3 m háir. Dyr snúa mót vestri. Út úr borginni

suðvestanverðri gengur garður, 4 m langur, 0,5 - 1 m breiður og 0,1 - 0,6 m hár. Við norðvesturhorn fjárborgarinnar er hólfi. Veggir þess eru úr grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,1 - 1 m háir. Dyr gætu hafa verið á hólfinu til NNV. Út úr þessu hólfi gengur garður, 10 m langur, 0,3 - 0,8 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Beygir hann dálítið til suðurs. Garðurinn er mjög ógreinilegur eftir því sem utar (vestar) dregur." Fjárborgin er mjög stæðileg, hleðsluhæð er mest um 1,3 m og umför allt að átta. Hún er um 7 m í þvermál að innanmáli. Op snýr í suðvestur. Utan í borginni vestanverðri er grjóthlaðið hólfi og suður úr því gengur grjóthleðsla, um 8 m. Fast austan við opið á borginni er einnig grjóthleðsla til suðurs, um 3 m á lengd. Alls nær mannvirkið yfir svæði sem er um 16X11 m.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 29; Suðurstrandarvegur 2300:3

**Ljósmynd:**Fjárborg, horft til norðurs

**GK-001:031** *Bleiksmýri* heimild um áfangastað

63°51.769N 22°01.841V

"Milli [Geitahlíðar] og Arnarfells ... spölkorn suðaustan við tún heimajarðarinnar, liggur Bleiksmýri. Þar var lögakveðinn áfangastaður ferðamanna, meðan menn úr austursveitum og sýslum fóru þar um í skreiðarferðir til verstöðvanna á Suðurnesjum. Á Bleiksmýri gaf oft að sjá mörg tjöld og langar lestir, og hélzt það nokkuð fram yfir síðustu aldamót. Þarna var því fjölfarinn vegur og varðaður, þar sem þurfa þótti. Hin forna ferðamannaleið lá austan mýrarinnar, um Eldborgarskarð og síðan með rótum Geitahlíðar ...", segir í Harðsporur.

Arnarfell heitir stakt fell austan Grindavíkurvegar, um 600 m austan við bæjarhól (001). Fyrir norðaustan Arnarfell, norðan þjóðvegarins sem liggur í átt til Herðisarvíkur, er fell sem Geitahlíð nefnist. Bleiksmýri er á milli þessara tveggja fella og liggur þjóðvegurinn því um hana. Þýfð mýri. Hnit er tekið á milli fellanna tveggja.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Harðsporar, 109.

**GK-001:032** *Sýslusteinn* náttúrumin landamerki 63°51.615N 21°54.989V  
"Takmark Strandarsóknar til vesturs ... Þaðan stefnu fram í Sýslusteinn við alfaraveg." segir í sóknarlýsingu 1840. "Sá syðsti punktur takmarkanna millum Árness- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu sýsl[u]steinar undir Geitahlíð ..." segir í sýslulýsingu 1842. Í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg segir: "Ca. 35 m N af malarvegi og ca. 7 m A af nýlegum vegarslóða upp á fjallið. Sýslumörkin (girðing) liggja um steininn. Í hrauni." Steininn er á sýslumörkum, um 50 m norðan við Þjóðveg, um 6 km austur frá bæ (001). Í úfnu apalhrauni.



Í lýsingu Ölfushrepps frá 1703 er ekki getið um Sýslusteinn heldur eru merkin sögð vera um "Hvítskeggshvamm, fyrir sunnan Geitahlíð, milli Herdísarvíkur og Krýsuvíkur." Í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg er steininum lýst svo: "3,5 x 7,5 m stór (VNV - ASA) og 3,5 m hár. Steininn er í laginu eins og hryggur á hval. Efst á steininum er járnteinn rekinn niður og hæðarpunktur (VG 96-318). Ca. 40 m suður af steininum er varða sem varðar gömlu leiðina frá Herdísarvík til Krýsuvíkur. Má þar einnig sjá sjálfa götuna." Girðing liggur yfir steininn þveran frá norðri til suðurs. Engin áletrun er á steininum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**SSÁ, 18, 211 sbr. 250; Suðurstrandarvegur nr. 8717:29

**Ljósmynd:**Sýslusteinn, horft til norðurs

**GK-001:033** *Gamlivegur* gata leið 63°51.357N 22°56.026V  
"Norður af því [Krýsuvíkurhrauninu] uppi við veg, sitt hvoru megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitir Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður." segir í örnefnalýsingu. "A við dys [036], undir fjallshlíð í jaðri hrauns. Leiðin liggur frá Sýslusteini að Krýsuvík (og áfram til Grindavíkur)." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Í athugasemdum og viðbótum Vilhjálms Hinriks Ívarssonar við örnefnaskrá Krýsuvíkur segir: "Slakkinn, sem verður þarna milli hrauna [úr Eldborg og austan Geitahlíðar] er meir en að hálfu í Krýsivíkurlandi og heitir Gamlivegur. Þar beygði hestagatan frá hlíðinni, þegar komið var frá Krýsivík, og lá niður undir Seljabót og svo áfram austur neðan við eystra hraunið. Þetta var alfaravegur til Suðurnesja með skreiðarlestir, enda sést gatan í klöppunum, allt að tveggja tommu djúpar." Sunnan undir Geitahlíð liggur leiðin um gróinn en grýttan mel, en austar liggur hún um úfin hraun. "Leiðin er 0,5 - 1,5 m breið þar sem hún var könnuð við Krýs og Herdísí undir Geitahlíðinni. Mótar fyrir henni í klöppinni á mörgum stöðum. Leiðin var ekki könnuð frá Krýs og Herdísí að Krýsuvík (að mestu leyti horfin á þeim kafla). Leiðin er framhald leiðarinnar frá Herdísarvík ..." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.



Vel mótar fyrir leiðinni sunnan undir Geitahlíð fyrir norðan Þjóðveginn, og þar sem hún liggur upp Eldborgarskarð á milli Geitahlíðar og Stóru Eldborgar. Þar er gatan um 1 m á breidd og um 0,2 m á dýpt. Erfiðara er að greina hana þar fyrir austan þar sem hún liggur um hraunið, en þó sér móta fyrir henni. Leiðin hefur legið nokkurn veginn eins og Þjóðvegurinn liggur nú í austur-vestur, þó líklega að mestu fyrir norðan hann. Í Klofningum hefur hún síðan sveigt til suðurs að Seljabót og síðan haldið áfram austur með sjónum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík 2-3; Suðurstrandarvegur nr. 2300:2; Ö-Krýsuvík Aths. og viðb., 2

**Ljósmynd:**Eldborgarskarð, horft til austurs

**GK-001:034** *Gvendarhellir* hellir fjárskýli

63°50.768N 21°58.407V

"Í Krýsuvíkurlhrauni eru gróðurblettir, góðir sauðhagar, þar sem heitir Eystri-Klofningar upp að Seljabót, en Vestri-Klofningar eru upp af Keflavík ... Í Klofningum eru tveir hellar. Annar er Gvendarhellir, sem ber nafn Guðmundar nokkurs Bjarnasonar, er bjó þar einn á vetrum með suðafé sitt um 1840. Hellir þessi er víðáttumikill og lágur", segir í örnefnalýsingu. Um 6 km suðaustur frá bæ (001). Í hrauni. Jón Vestmann segir svo frá staðnum í sóknarlýsingu frá 1840: "Vestan undir Krýsuvíkurlhrauni er stór hellir og besta hagaland í kring, í og með hrauninu, samt víðar út um heiðina, so alltið má beita fé undir vind, af hvörri átt sem hann er. Hellir þessi er langt frá bæjum. Er því erfitt að nota hann í vetrarharðindum. Fyrir hér um bil 100 árum eður máske nokkuð meir, var bóndi í Krýsuvík, að nafni Arngrímur, mig minnir Jónsson. Hann tíundaði jafnan 50 hdr. Hann hafði fé sitt við hellir þenna. Hann skyldi hafa átt 99 ær grákollóttar. Systir hans átti eina á eins lita, og hætti hann ei fyrr að fala hana af systur sinni en hún yfirlét hönum ána sárnaudug. Sama veturinn seint gjörði áhlaupsbyl, sem stóð 6 dægur. Hrakti þá allt hans fé fram af Krýsuvíkurlbergi hér og þar til dauðs og algjörlegs taps, því sjórin tók við fyrir neðan bergið, en vindurinn rak til hafs. Í hengisfönninni framan í bergbrúninni stóð Grákolla alein, er hann fékk hjá systur sinni. Þegar hann eftir bylenn fór að leita að fénu, tekur hann ána þá og reynir í 3-gang að kasta henni fram af berginu, en gat aldrei kastað henni svo langt, að hún færi niður fyrir, en jafnótt og hún losnaði í hvört sinn við hendir hans, brólti hún upp að hnjám hönum. Loksins gaf hann frá sér og skal hafa sagt löngu seinna, að út af á þessari hefði hann eignast 100 fjár. Þetta hefi eg af sögusögn og gef það ei út sem áreiðnalegan sannleik. Ævilok Arngríms urðu þau, að steinn datt á hann úr Krýsuvíkurlbergi og murði hann í sundur og 2 manneskjur aðrar. Þetta er víst. / Árið 1827 kom gamall bóndi til Krýsuvíkursóknar, Guðmundur Bjarnason, byggði nýbylíð Læk aldeilis að stofni, átti margt fé, hélt því við áðurnefndan hellir, en þar hönum þótti langt að hirða það þar, byggði hann þar annan bæ, dásnotran sem hinn, með glergluggum, sængurhúsi af- og alþiljuðu með 2r rúmum, í hinum karminum geymsluhús. Byggði hann hús þetta framan við hellisdýrnar og rak féð gegnum göngin út úr og inn í hellirinn, hlóð af honum með þvervegg, bjó til lambastíu með öðrum, gaf þeim þar, þá henta þókti, bjó til étur úr tilgengnum hellum allt í kring í stærri parti hellirsins, gaf þar fullorðna fénu í innistöðum (sem verið mun hafa allt að 200um eftir ágetskun manna), flutti þangað talsvert hey og smiðju sína og mun hafa starfað þetta að mestu eða öllu leyti, aleinn á einu ári. Þarna var hann 10 vetur samfelld yfir kindum sínum aleinn, en á sumrum heima. Loks gafst hann upp yfir 7ugt og sagðist hafa verið smali, síðan hann hafði 6 ár á baki." Gvendarhellir, eða Arngrímshellir eins og hann er einnig nefndur, var ekki skoðaður á vettvangi 2003 en lýsing og hnit fengin hjá heimildarmanni. Hellirinn er á eyju í apalhrauninu og teygir sig í norður-suður. Á honum eru þrjú op. Hleðslur eru fyrir opum og er tótt framan við stærsta opið, það nyrsta, vestan megin á hellinum. Hellirinn er bjartur og auðvelt að skoða sig um þar inni, jafnvel ljóslaus. Inni í honum eru allmiklar hleðslur og sumstaðar er gólfíð flórað.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3; SSÁ, 214-15.**GK-001:035** *Markhelluhóll* áletrun landamerki

63°58.676N 22°01.337V

Búðarvatnsstaði (053) er í Dyngjuhrauni fyrir sunnan Krýsuvíkurlveg, norðvestan við Sveifluháls. Sunnan við Búðarvatnsstaði er Markhelluhóll á landamerkjum, um 10 km norður af bæ (001). Hraunhóll í apalhrauni.

Markhelluhóll er á merkjum milli Óttarsstaða, Hvassahrauns og Krýsuvíkur. Á þá hlið hólsins, sem snýr mót norðri, eru klappaðir stafir bæjanna, ÓTTAR, HVASSA KRÝSU. Norður af Markhelluhól, undir hraunkanti er Búðarvatnsstaði.

**Hættumat:** engin hættu**GK-001:036** *Herdís* þjóðsaga legstaður

65°51.26N 21°58.55V

"Norður af því [Krýsuvíkurlhrauninu] uppi við veg, sitt hvoru megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitri Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður. Beint upp af Stóru-Eldborg er hvammur, sem Krýsuvíkingar kalla Hvítkeggshvamm ... Austan við hvamminn og hálsinn eru þrjú dys, austust er Herdís, svo er Krýs og loks smalinn. Er hann ofan götunnar, en þær neðan ..." segir í örnefnalýsingu. Í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg er dysin sögð vera: "80 m norðan við malbikaðan veg, SV undir hlíðum Geitahlíðar. Við jaðar hrauns og vestan við þjóðleið [033]."

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Dysjar tvær eða vörður ("Krýs og Herdís") austan Kerlingardals, um hálf tíma gang fyrir vestan Sýslustein." Friðlýst (í Hafnarfriði) 30.04.1964, þinglýst 05.05.1964. - Fornleifaskrá, 12. "Fornritarkonur 2, Krýs og Herdís, nafnkenndar af bæjum sínum, Krýsu- og Herdísarvíkum, áttu lönd

saman, sem enn liggja þau. Vildi Herdís næstum eiga alla Geitahlíð af hennar landi, en hún vildi ei gefa eftir. Fundust þær á Deildarhálsi. Kom so hart í með þeim, að Herdís drap smala Krýsar, sem með henni var, en Krýs vildi hefna, og lauk svo með þeim, að hvör drap aðra. Eru þar 3 dys, þeirra beggja sunnan við götuna, en smalans uppi brekku fyrir norðan hana. Síðan heitir hálsinn Deildarháls." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "... sögn um tvær konur, Krýs og Herdís, sem deildu um beit og drápu hvor aðra. Enn eru sýndar rétt við veginn yfir hálsinn dysjar Krýsar og smalamanna, sem voru einnig drepnir." Kålund I, 29. "Spölkorn austan Eldborgarskarðs, þar sem hin forna leið liggur þétt við rætur hlíðarinnar, eru tvær fornar steindysjar. Báðar eru þær sunnan vegar, með mjög skömmu á milli. Dysjar þessar heita Kerlingar, og segja fornar sagnir um uppruna þeirra á þessa leið: / Krýs og Herdís, konurnar, sem sagan segir að fyrstar hafi búið á jörðunum Krýsuvík og Herdísarvík og jarðirnar síðan við þær kenndar, voru lengi búnar að eiga í deilum um landamerki jarðanna, eða komu sér ekki saman um hvar vera skyldu. Voru smalar þeirra oft búnir að elda grátt silfur sín á milli, út af fjárbeit, og vörðu oft spildur úr beitolandinu hvor fyrir öðrum og töldu, að með því rækju þeir erindi húsmæðra sinna. Erjur þessar leiddu til fjandskapar, ekki einasta hvað smalana snerti, heldur og millum þeirra Krýsar og Herdísar, sem báðar þóttust ofbeldi beittar. Þegar þóf þetta hafði farið fram um hríð, og óvild og ágengni færzt mjög í aukana, varð það þó að samkomulagi millum þeirra Krýsar og Herdísar, að endir skyldi bundinn á deilu þessa á þann hátt, að báðar skyldu þær fara, þar tilsettan dag, að heiman á sólarupprás og mörk ákveðin millum jarðanna þar sem þær mættust. Á tilteknum degi fara svo konurnar hvor heiman frá sér, Krýs frá Krýsuvík og Herdís frá Herdísarvík. Smala sína höfðu þær með í för þessari. Ekki segir frá ferðum þeirra, fyrir en þær mættust á hálsi þeim, sem liggur austan Eldborgarskarðs. Umsvifalaust ganga þær til málanna, og sakaði Krýs Herdís um að hafa brotið samkomulag það, sem þær höfðu áður gert, þar sem hún væri komin svona utarlega í landið, og hefði hún því hlotið að fara fyrir að heiman en tilsett var. Þetta vildi Herdís ekki viðurkenna og stóð fast á sínum rétti, sem hún taldi vera, en líklega hefur Herdís verið eitthvað minni fyrir sér. Um þetta deildu þær langa stund, og á meðan sú deila stóð gekk Krýs svo fast að Herdís, að hún varð að láta undan síga, austur af hálsinum og yfir dal þann, sem austur af honum er. Með hverju skrefi, sem Krýs gekk fram, en Herdís aftur, hitnaði skap þeirra, svo að heitingum varð. Tóku þær þá að biðja hvor annarri óbæna, ásamt jörðum þeirra. Herdís lagði það á Krýsuvíkina, að allur silungur í Kleifarvatni skyldi verða að loðsilungi og öfugugga, en báðar þessar fisktegundir taldar baneitraðar. Krýs lagði það á Herdísarvíkina, að ein eða fleiri skipshafni skyldu drukkna í Herdísarvíkurtjörn, sem er smátjörn, fyrir túni Herdísarvíkur, innan við sjávarkambinn. / Þegar hér var komið sögu, var Krýs búin að hrekja Herdís á eystri brún dals þess, sem áður er nefndur. Þar sprungu þær báðar af heift og mæði. Smalarnir, sem fram að þessu höfðu aðeins verið áhorfendur að því, sem fram fór millum húsmæðra þeirra, hugðu nú til hefnda. Ekki segir frá viðurleign þeirra annað en það, að þær féll Herdísarvíkursmalinn, en hinn fór heim og kunnir frá tíðindum að segja. Staður sá, þar sem konur sögunnar mættust, heitir síðan Deildarháls, og dalurinn þar austur af Kerlingadalur. Þar, sem úrslitabáturinn í þessari landamerkjaáreið fór fram, sjást enn hinar fornu grjótdysjar, sem ... sagt er að séu kuml þeirra Krýsar og Herdísar. Fram á síðustu áratugi mátti sjá votta fyrir dys smalans, sem þarna féll, og var það neðst í hlíðinni ofan vegar, en er nú að fullu horfið undir skriðuhlaup. Dys Herdísar er talin sú eystri, Krýsar hin vestari. Heryzt hefur, að til forna hafi sýslumörk verið um Kerlingar, en svo er staður þessi ávallt nefndur, og hefur þá línán sennilega verið milli dysjanna, þannig að hvor kona lægi í sínu landi", segir í Harðsporur, 109-111. Bjarni Einarsson lýsir dysinni svo: "Úr hraungrjóti, ca. 5 m í þvermál og 1 m há. Dysin er talsvert mosavaxin og í henni miðri er friðlýsingarhæll (laus). 2 m vestur af [henni] er [Krýs 037] ... Gamla þjóðleiðin [033] liggur austan við dys [036] og austan við leiðina, gegnt dysunum, er vörðubrot á kletti. ... Ljósleiðari hefur verið lagður bysna nærri dysunum, þó ekki nær en 20 m." Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2003.

#### **Hættumat:**

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3-4; Suðurstrandarvegur nr. 2300:1; SSÁ, 231; Kålund I, 29; Harðsporar, 109-11; Fornleifaskrá, 12.

**GK-001:037** Krýs þjóðsaga legstaður

65°51.26N 21°58.55V

"Norður af því [Krýsuvíkurhrauninu] uppi við veg, sitt hvoru megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitri Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður. Beint upp af Stóru-Eldborg er hvammur, sem Krýsuvíkingar kalla Hvítkeggshvamm ... Austan við hvamminn og hálsinn eru þrjú dys, austust er Herdís, svo er Krýs og loks samalinn. En hann ofan götunnar, en þær neðan ..." segir í örnefnalýsingu. "80 m norðan við malbikaðan veg, SV undir hlíðum Geitahlíðar. Við jaðar hrauns og vestan við þjóðleið [033]." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Dysjar tvær eða vörður ("Krýs og Herdís") austan Kerlingardals, um hálf tíma gang fyrir vestan Sýslustein." Friðlýst (í Hafnarfriði) 30.04.1964, þinglýst 05.05.1964. -

Fornleifaskrá, 12. 1840: "Forntíðarkonur 2, Krýs og Herdís, nafnkenndar af bæjum sínum, Krýsu- og Herdísarvíkum, áttu lönd saman, sem enn liggja þau. Vildi Herdís næstum eiga alla Geitahlíð af hennar landi, en hún vildi ei gefa eftir. Fundust þær á Deildarhálsi. Kom so hart í með þeim, að Herdís drap smala Krýsar, sem með henni var, en Krýs vildi hefna, og lauk svo með þeim, að hvör drap aðra. Eru þar 3 dys, þeirra beggja sunnan við götuna, en smalans uppí brekku fyrir norðan hana. Síðan heitir hálsinn Deildarháls." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "... sögn um tvær konur, Krýs og Herdís, sem deildu um beit og drápu hvor aðra. Enn eru sýndar rétt við veginn yfir hálsinn dysjar Krýsar og smalamanna, sem voru einnig drepnir." Kálund I, 29. "Spölkorn austan Eldborgarskarðs, þar sem hin forna leið liggur þétt við rætur hlíðarinnar, eru tvær fornar steindysjar. Báðar eru þær sunnan vegar, með mjög skömmu á milli. Dysjar þessar heita Kerlingar, og segja fornar sagnir um uppruna þeirra á þessa leið: / Krýs og Herdís, konurnar, sem sagan segir að fyrstar hafi búið á jörðunum Krýsuvík og Herdísarvík og jarðirnar síðan við þær kenndar, voru lengi búnar að eiga í deilum um landamerki jarðanna, eða komu sér ekki saman um hvar vera skyldu. Voru smalar þeirra oft búnir að elda grátt silfur sín á milli, út af fjárbeit, og vörðu oft spildur úr beitilandinu hvor fyrir öðrum og töldu, að með því rækju þeir erindi húsmæðra sinna. Erjur þessar leiddu til fjandskapar, ekki einasta hvað smalana snerti, heldur og millum þeirra Krýsar og Herdísar, sem báðar þóttust ofbeldi beittar. Þegar þóf þetta hafði farið fram um hríð, og óvild og ágengni færzt mjög í aukana, varð það þó að samkomulagi millum þeirra Krýsar og Herdísar, að endir skyldi bundinn á deilu þessa á þann hátt, að báðar skyldu þær fara, þar tilsettan dag, að heiman á sólarupprás og mörk ákveðin millum jarðanna þar sem þær mættust. Á tilteknum degi fara svo konurnar hvor heiman frá sér, Krýs frá Krýsuvík og Herdís frá Herdísarvík. Smala sína höfðu þær með í för þessari. Ekki segir frá ferðum þeirra, fyrr en þær mættust á hálsi þeim, sem liggur austan Eldborgarskarðs. Umsvifalaust ganga þær til málanna, og sakaði Krýs Herdís um að hafa brotið samkomulag það, sem þær höfðu áður gert, þar sem hún væri komin svona utarlega í landið, og hefði hún því hlotið að fara fyrr að heiman en tilsett var. Þetta vildi Herdís ekki viðurkenna og stóð fast á sínum rétti, sem hún taldi vera, en líklega hefur Herdís verið eitthvað minni fyrir sér. Um þetta deildu þær langa stund, og á meðan sú deila stóð gekk Krýs svo fast að Herdís, að hún varð að láta undan síga, austur af hálsinum og yfir dal þann, sem austur af honum er. Með hverju skrefi, sem Krýs gekk fram, en Herdís aftur, hitnaði skap þeirra, svo að heitingum varð. Tóku þær þá að biðja hvor annarri óbæna, ásamt jörðum þeirra. Herdís lagði það á Krýsuvíkina, að allur silungur í Kleifarvatni skyldi verða að loðsilungi og öfugugga, en báðar þessar fisktegundir taldar baneitraðar. Krýs lagði það á Herdísarvíkina, að ein eða fleiri skipshafni skyldu drukkna í Herdísarvíkurtjörn, sem er smátjörn, fyrir túni Herdísarvíkur, innan við sjávarkambinn. / Þegar hér var komið sögu, var Krýs búin að hrekja Herdís á eystri brún dals þess, sem áður er nefndur. Þar sprungu þær báðar af heift og mæði. Smalarnir, sem fram að þessu höfðu aðeins verið áhorfendur að því, sem fram fór millum húsmæðra þeirra, hugðu nú til hefnda. Ekki segir frá viðureign þeirra annað en það, að þar féll Herdísarvíkursmalinn, en hinn fór heim og kunnir frá tíðindum að segja. Staður sá, þar sem konur sögunnar mættust, heiti síðan Deildarháls, og dalurinn þar austur af Kerlingadalur. Þar, sem úrslitabátturinn í þessari landamerkjaáreið fór fram, sjást enn hinar fornu grjótdysjar, sem ... sagt er að séu kuml þeirra Krýsar og Herdísar. Fram á síðustu áratugi mátti sjá votta fyrir dys smalans, sem þarna féll, og var það neðst í hlíðinni ofan vegar, en er nú að fullu horfið undir skriðuhlaup. Dys Herdísar er talin sú eystri, Krýsar hin vestari. Heryzt hefur, að til forna hafi sýslumörk verið um Kerlingar, en svo er staður þessi ávallt nefndur, og hefur þá línán sennilega verið milli dysjanna, þannig að hvor kona lægi í sínu landi." Harðsporar, 109-111. Bjarni Einarsson lýsir dysinni svo: "2 m vestur af [Herdísi 036] er [Krýs 037] Úr hraungrjóti, ca. 3,5 m í þvermál og 1,2 m há. Nokkuð mosavaxin ... Gamla þjóðleiðin [033] liggur austan við dys [036] og austan við leiðina, gegnt dysunum, er vörðubrot á kletti. ... Ljósleiðari hefur verið lagður býsna nærri dysunum, þó ekki nær en 20 m." Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2003.

#### Hættumat:

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3-4; Suðurstrandarvegur nr. 2300:1; SSÁ, 231; Kálund I, 29; Harðsporar, 109-11; Fornleifaskrá, 12.

**GK-001:038** *Smalinn* þjóðsaga legstaður

65°51.26N 21°58.55V

"Norður af því [Krýsuvíkurhrauninu] uppi við veg, sitt hvoru megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitri Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður. Beint upp af Stóru-Eldborg er hvammur, sem Krýsuvíkingar kalla Hvítkeggshvamm ... Austan við hvamminn og hálsinn eru þrjú dys, austust er Herdís, svo er Krýs og loks samalinn. En hann ofan götunnar, en þær neðan ...", segir í örnefnaskrá.

"Forntíðarkonur 2, Krýs og Herdís, nafnkenndar af bæjum sínum, Krýsu- og Herdísarvíkum, áttu lönd saman, sem enn liggja þau. Vildi Herdís næstum eiga alla Geitahlíð af hennar landi, en hún vildi ei gefa eftir.

Fundust þær á Deildarhálsi. Kom so hart í með þeim, að Herdís drap smala Krýsar, sem með henni var, en Krýs vildi hefna, og lauk svo með þeim, að hvör drap aðra. Eru þar 3 dys, þeirra beggja sunnan við götuna, en smalans uppí brekku fyrir norðan hana. Síðan heitir hálsinn Deildarháls." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "... sögn um tvær konur, Krýs og Herdís, sem deildu um beit og drápu hvor aðra. Enn eru sýndar rétt við veginn yfir hálsinn dysjar Krýsar og smalamanna, sem voru einnig drepnir", segir í Kálund I, 29. "Spölkorn austan Eldborgarskarðs, þar sem hin forna leið liggur þétt við rætur hlíðarinnar, eru tvær fornar steindysjar. Báðar eru þær sunnan vegar, með mjög skömmu á milli. Dysjar þessar heita Kerlingar, og segja fornar sagnir um uppruna þeirra á þessa leið: / Krýs og Herdís, konurnar, sem sagan segir að fyrstar hafi búið á jörðunum Krýsuvík og Herdísarvík og jarðirnar síðan við þær kenndar, voru lengi búnar að eiga í deilum um landamerki jarðanna, eða komu sér ekki saman um hvar vera skyldu. Voru smalar þeirra oft búnir að elda grátt silfur sín á milli, út af fjárbeit, og vörðu oft spildur úr beitilandinu hvor fyrir öðrum og töldu, að með því rækju þeir erindi húsmæðra sinna. Erjur þessar leiddu til fjandskapar, ekki einasta hvað smalana snerti, heldur og millum þeirra Krýsar og Herdísar, sem báðar þóttust ofbeldi beittar. Þegar þóf þetta hafði farið fram um hríð, og óvild og ágengni færzt mjög í aukana, varð það þó að samkomulagi millum þeirra Krýsar og Herdísar, að endir skyldi bundinn á deilu þessa á þann hátt, að báðar skyldu þær fara, þar tilsettan dag, að heiman á sólarupprás og mörk ákveðin millum jarðanna þar sem þær mættust. Á tilteknum degi fara svo konurnar hvor heiman frá sér, Krýs frá Krýsuvík og Herdís frá Herdísarvík. Smala sína höfðu þær með í för þessari. Ekki segir frá ferðum þeirra, fyrr en þær mættust á hálsi þeim, sem liggur austan Eldborgarskarðs. Umsvifalaust ganga þær til málanna, og sakaði Krýs Herdís um að hafa brotið samkomulag það, sem þær höfðu áður gert, þar sem hún væri komin svona utarlega í landið, og hefði hún því hlotið að fara fyrir að heiman en tilsett var. Þetta vildi Herdís ekki viðurkenna og stóð fast á sínum rétti, sem hún taldi vera, en líklega hefur Herdís verið eitthvað minni fyrir sér. Um þetta deildu þær langa stund, og á meðan sú deila stóð gekk Krýs svo fast að Herdís, að hún varð að láta undan síga, austur af hálsinum og yfir dal þann, sem austur af honum er. Með hverju skrefi, sem Krýs gekk fram, en Herdís aftur, hitnaði skap þeirra, svo að heitingum varð. Tóku þær þá að biðja hvor annarri óbæna, ásamt jörðum þeirra. Herdís lagði það á Krýsuvíkina, að allur silungur í Kleifarvatni skyldi verða að loðsilungi og öfugugga, en báðar þessar fisktegundir taldar baneitraðar. Krýs lagði það á Herdísarvíkina, að ein eða fleiri skipshafni skyldu drukkna í Herdísarvíkurtjörn, sem er smátjörn, fyrir túni Herdísarvíkur, innan við sjávarkambinn. / Þegar hér var komið sögu, var Krýs búin að hrekja Herdís á eystri brún dals þess, sem áður er nefndur. Þar sprungu þær báðar af heift og mæði. Smalarnir, sem fram að þessu höfðu aðeins verið áhorfendur að því, sem fram fór millum húsmæðra þeirra, hugðu nú til hefnda. Ekki segir frá viðuregin þeirra annað en það, að þar féll Herdísarvíkursmalinn, en hinn fór heim og kunnir frá tíðindum að segja. Staður sá, þar sem konur sögunnar mættust, heiti síðan Deildarháls, og dalurinn þar austur af Kerlingadalur. Þar, sem úrslitátturinn í þessari landamerkiáreið fór fram, sjást enn hinar fornu grjótdysjar, sem ... sagt er að séu kuml þeirra Krýsar og Herdísar. Fram á síðustu áratugi mátti sjá votta fyrir dys smalans, sem þarna féll, og var það neðst í hlíðinni ofan vegar, en er nú að fullu horfið undir skriðuhlaup. Dys Herdísar er talin sú eystri, Krýsar hin vestari. Heryzt hefur, að til forna hafi sýslumörk verið um Kerlingar, en svo er staður þessi ávallt nefndur, og hefur þá línar sennilega verið milli dysjanna, þannig að hvor kona lægi í sínu landi," segir í Harðsporur, 109-111. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2003.


**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3-4; SSÁ, 231; Kálund I, 29; Harðsporur, 109-11.

**Hættumat:**

**GK-001:039 Eldborgarrétt tóft rétt**

63°51.267N 22°00.344V

Í hraungjá fast sunnan við þjóðveg, sunnan við Stóru Eldborg, er rétt. Um 4 km austur af bæ (001). Í gróinni gjá í hrauni. Gjáin liggur í austnorðaustur vestsuðvestur og er mest 1,5 m djúp. Barmar gjárinnar marka réttina að sunnan og norðan. Að sunnanverðu er þó einnig grjóthleðsla ofan á gjábarminum. Að norðanverðu er timburgirðing meðfram gjábarminum en engin hleðsla. Austur- og vesturenda réttarinnar er lokað með grjóthleðslum þvert yfir gjáanna. Op er í vesturenda. Utan við þessar tvær endahleðslur réttarinnar er aðeins ein hleðsla ofan í gjánni. Hún er u.þ.b. í miðri réttinni og liggur í norður suður úr suðurbarmi gjárinnar. Hún nær þó ekki alveg að norðurbarminum og myndar því op við hann. Að öðru leyti er réttin úr timbri. Hleðslur eru úr grjóti, mest um 1 m á hæð og umfór allt að átta. Réttin er um 36X10 m að stærð.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 19

**GK-001:040** *Vörðufell* örnefni

"Við suðausturenda Kleifarvatns er allhár móbergshöfði, sem heitir Geithöfði. Ef við höldum svo með vatninu austanverðu, þá er þar hærra uppi hæðarbunga, sem heitir Gullbringa. Af henni er svo nafn sýslunnar dregið. Þar austur af er allhátt fell, sem heitir Vörðufell." segir í örnefnaskrá. Vörðufell er næsta fell austan Kleifarvatns sem nokkurt fell getur talist. Orsök örnefnisins er ókunn. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi 2003.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 11

**GK-001:041** *Brennisteinsfjöll* heimild um brennisteinsnámu

"Framan við Seltúnið eru Brennisteinshúsarústir. eru þær á Seltúnsbarði, sem er sunnan gilsins. Þar höfðu enskir menn brennisteinstöku á 19 öld. Voru þeir líka í Brennisteinsfjöllunum." segir í örnefnalýsingu. "Brennisteini hefir verið safnað hér til útflutnings, og hlutafélagið íslenzka hefir nú um nokkur ár látið hreinsa hann þar á staðnum. Brennisteinninn hittist að vísu í kringum hverina á láglandinu, en langmest er þó af honum þar, sem eru langir ásar af lituðum leirtegundum. ... Hveralandinu er skipt í tvö svæði. ... Hitt svæðið liggur norðar, uppi í fjöllunum. Þar eru hverirnir flestir, og eru fjórir þeirra mestir." segir í ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1756 og er þar nánari lýsing á þessum hverum. Í Jarðabók Johnsens frá 1847 segir: "Í Krýsuvík eru brennisteinsnámur, óyrktar." "Eftir margar misheppnaðar tilraunir til að nýta Krýsuvíkurnámurnar eru þær eins og sakir standa ónotaðar" segir í Kálund I frá 1879, 29. Ekki er hægt að aka að þessu en styðst er að ganga af Bláfjallavegi, upp Grindarskörð og austur Draugahlíð.

"Bóndinn í Krýsuvík vissi ekki nema af einum stað öðrum, þar sem brennisteinn fyndist. Er hann 2 1/2 mílu í norðaustur þaðan. Síðast meðan unnið var í Krýsuvík að brennisteinsnámi (þ.e. 1752-660) sótti hann þangað allan þann brennistein, sem þar var að fá, á 50 hesta, og hefur það þá verið nálægt 80 vattum. Ekki vissi hann, hvort brennisteinn hefði skapað þar síðan, og væri það vert athugunar", segir í skýrslu Ole Henschels frá 1775. 1883: "Skoðaði ég fyrst brennisteinsnámurnar. Á dálitlum grasfleti við læk eru hús þau, er Englendingar byggðu, þegar þeir voru að taka þar brennisteininn, en nokkru sunnar eru námurnar, undir austurhlíð Brennisteinsfjalla. Úr gígum í hlíðinni hafa runnið mikil hraun, og undir einu þeirra eru námurnar. Gufur koma þar sums staðar upp úr hrauninu eigi mjög heitar (um 26°), og brennisteinsblettir litlir eru utan við rönd þess. ... Handarvík er þó að komast að þessum brennisteini, því að víða þarf að brjóta tveggja mannhæða þykkt, beinhardt blágrýtishraun, til þess að komast að holunum, sem hann er í. Englendingarnir höfðu látið gera stórar skvompur niður í hraunið, en nú er brennisteinsnámið hætt, enda hefur það með engu móti svarað kostnaði, tilraunin líklega helzt gerð til málamyndar vegna hluthafa. Sá brennisteinn, sem þar fékkst, varð 10-12 sinnum dýrari en vanalegt markaðsverð" - ÞT Ferðabók I, 193. Ekki var farið í Brennisteinsfjöll sumarið 2003, en heimildarmaður kannast ekki við að þar séu neinar rústir.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 16; FEB II, 205-206; JJ 1847, 84; Kálund I, 29; ÓO II, 272; ÞT Ferðabók I, 193

**GK-001:042** *Húshólmi* bæjarstæði bústaður 63°50.360N 22°09.878V

"Neðst í hrauninu [Ögmundarhrauni], austast, er Húshólmi, og eru þar allmiklar rústir eftir bæ. Þessi hólmi er niðri við sjó skammt vestan við bergið ... Vestur úr útsuðurhorni Húshólma liggur hraunlæg milli tveggja hraungarða. Skiptist í hún í tvær lágur, er heita Kirkjulágar. Þar eru rústir. Álitid er, að gamli Krýsuvíkurbærinn hafi staðið í Húshólma, enda er illmögulegt að kenna hann við vík, þar sem hann stendur nú. Bæjarrústin þarna er því nefnd Gamla-Krýsuvík. Suður og suðvestur af bæjarrústum þessum verður lægð nokkur í hraunstrauminn, og telja sumir, að þar hafi víkin verið, rétt vestan við Húshólmafjöruna. Rétt hjá rústinni heitir Kirkjuflöt." segir í örnefnaskrá. Gönguleiðir í hólmana eru merktar frá Grindavíkurvegi. Annars er á góðum bíl hægt að aka suður af Grindavíkurvegi fyrir vestan Borgarhól og fylgja slóða með hraunjaðrinum. Þá er skammur gangur vestur í Húshólma og þaðan í Óbrennishólma. Um 7 km suðvestur af bæ (001).Gróinn hólmi í miðju hrauni.

Örnefnið Húshólmi kemur fyrst fyrir í trjáreikningi frá 1609 (AM 66a 8vo, 55r-56v) (sbr. Sveinbjörn Rafnsson: Um aldur Ögmundarhrauns, 420). "Eldflóðið féll í sjó niður og eyddi nokkrum bæjum á því svæði, sem nú heitir Ögmundarhraun. Meðal þeirra var kirkjustaður, sem Hólmastaður hét, og sjást þar enn minjar kirkjugarðsins og húsatóttanna." segir í hinni prentuðu Ferðabók Eggerts og Bjarna. Í dagbók þeirra fyrir 31. maí 1755 segir hinsvegar: "Om Effter middagen forloed vi Krisevigen med alle, og Reiste moed NV. först over et Nyt hraun, Ogmundarhraun Kaldet, dette Steenfloed Har for omtrent 200. aar siden, brændt og rundet Ned fra fieldene hen til Söen over 2. miile lang vey og Naar den er Kommen Ned til det Skionne flade land som her har

været udvidet sig allevegne vel over 3. miile langs med Stranden, taget bort Nogle bajer sem her til forne har Staaet, og der i bland Eet Kirke Stæd som heed Holma Stadur med Kirken og alting, dog Seer man endnu paa Een liden plet der er bleven til overs lidet Stykke af (som det meenes) Kirke gaarden og faae Stykker af Husevæggene." ÍB 8 fol, s. 107v-108r (prentað í Sveinbjörn Rafnsson: Um aldur Ögmundarhrauns, 420).

1817: "Hús-Hólmi, nidur við síón í sama Hrauni; hefur þar verið mikil Bygd, áður brann, sem sést af Húsa Tópta-Brotum, að hvórium Hraunid géngid hefur, að nordan -vestan-sunnan, - og næstum saman að Austan-verdu; er þar 1t Tóptar-Form 12 Feta breidt, og 24 Feta Lángt, innan nidur fallina Veggja Rústa; Húsid hefur snúid líkt og Kyrkiur vorar, meinast gamalt Goda-Hof; fundid hafa Menn þar nockud smávegis af Eyrtaegi; þar er tvisett Túngards form með 20 fadma Milli-bili, hvar nú er Ling Mói; enn Graslendi innan ynnri Gards, austanverdt við Hraunid." [afmg. 2: Um Húshólma er einnig getið í þjóðsögum um Ögmund og Ö hraun] - FF, 227.

"Austan til við [Ögmundarhraun] er kallaður Húshólmi. Þar eru stórar húsatóftir niður sokknar, og ein þeirra snýr eins og kirkjur vanalega. Hefur það verið vel stórt hús. Þó sjást ei tóftirnar allar, því hraunið hefur hlaupið yfir þær að vestanverðu, hvað mikið veit maður ekki, þó til að geta eftir sjón á því sjáanlega yfir fullan helming, því þar hefur vafalaust verið stórbygging. Þar eru 2r túngarðshringir og hér um bil 20 fadma bil milli þeirra. Meina menn, að Krýsuvík hafi þar verið, áður hraunið hljóp þar yfir, en við það tilfelli verið flutt upp í fjallavikið, sem þar er þó töluvert langt frá. Við sjóinn er og vík, sem bærinn gat nafn af tekið, nl. Hælsvík nú nefnd", segir í sóknarlýsingu Jóns Vestmann 1840.

1883: "Á aðalhólmanum eru glöggir garðar, einn þeirra 300 m á lengd; þar er kallaður Kirkjuflötur. Á dálitlum bletti úti í hrauninu, rétt fyrir vestan aðalhólmann, eru bæjarrústir. Hefir hraunið að nokkru leyti runnið yfir þær, en nokkuð hefir orðið eftir, og standa veggirnir út undan hraunröndunum. Lengsta tóttin er 16 m, breidd hennar sést þar eigi fyrir hrauninu, sem runnið hefir yfir báða hliðarveggina; önnur, við enda hinnar þveran, er 10 m á lengd og 7 m á breidd, og hin þriðja sérstök rétt við, 10 m á lengd og 8 á breidd. Utan um hana, frá aðalrústinum, er boginn garður, líkur húsagörðum, sem fyrr tíðkuðust á Íslandi. Auk þess sjást tveir aðrir garðspottar. Grjótið í tóttum þessum er dólérít, sams konar og það grjót, sem undir hrauninu liggur." - ÞT Ferðabók I, 189-90.

"Hraunflóð það, sem á sínum stað er nefnt Ögmundarhraun, hefir eyðilagð hinn forna bæ. Sjást þess glögg merki. ... Þar undir hraunjaðrinum [við Húshólma] kemur forn túngarður, er liggur kringum allstórt svæði, en hverfur aftur í hraunið niður frá eigi langt frá vesturenda sjávarkambsins, sem nú var getið. Annar garður kemur undan hraunjaðrinum nokkru neðar en hinn og stefnir í suðaustur. hann beygist suður á við og gengur gegnum hinn fyrra garð skammt fyrir ofan sjávarkambinn. Er þar hlið á hinum fyrra. Svo heldur þessi síðartaldi áfram að sjávarkambinum og hverfur þar. Er þar sem gata sé rudd gegnum kambinn, líklega sjávargata, er hér eigi allbrimsamt og mun hafa verið útræði. Fyrir neðan þennan síðartalda garð verður afhallandi brekka ofan að neðri hraunjaðrinum. Liggur þriðji garður þar ofan frá neðra garðinum að neðra hraunjaðrinum og hverfur undir hann. Þannig sér hér á 4 aðskildar girðingar, er allar hverfa að meiru eða minna leyti undir hraun. Engin tóft sést í neinni þessari girðingu, svo að, ef sín girðing hefur tilheyrt hverju býli, þá eru tóftir þeirra býla hrauni bygðar. Vestur úr útsuður horni hólmans gengur graslág milli tveggja hraunjaðra. Er hún eigi breiðari en svo, að eigi má ríða 2 hestum samsíða. Þegar samt er komið vestur í hraunið, kvíslast hún í tvær lágur. Þær heita Kirkjulágar. Þar eru rústir. Verður fyrst fyrir tóft, sem snýr frá austri til vesturs, nál. 4 fðm löng og 2 fðm. breið. Dyr eru á vesturenda, jafnvíðar og tóftin sjálf. Mun þar hafa verið þil fyrir. Norðanmegin við þessa tóft, tæplega 2 fðm. frá henni, er garður, sem beygist austur fyrir hana og hverfur þar undir hraunið, en að vestan endar hann í tóftarvegg. Er sú tóft fyrir dyrum hinnar, nálægt jafnstór henni og liggur frá norðri til suðurs. Dyr hennar hverfa undir hraunjaðarinn að sunnanverðu. Vestanvið hana dýpkar láginn að mun, en er þar ekki víðari en svari tóftarvídd. Sé það tóft, hefir þar líklega verið kjallari, en hleðslan hrúin. Frá norðausturhorni þvertóftarinnar gengur garður eftir norðurláginni, fyrst beint í norður nál. 12 fðm., svo beint í vestur nær eins langt og hverfur svo í hraunið. Utan með þessum garði er svo sem gangrúm hraunlaust, og er það norðurkvísl Kirkjuláganna. Lítur út fyrir að hér hafi hraunið sigið að með hægd frá báðum hliðum. Svo sem 40 fðm norðar í hrauninu er auður vesturhluti rústar, sem auðsjáanlega er bæjarrúst. Hefir hún verið þrískrift. Miðtóftin snýr frá norðri til suðurs og hefir dyr á suðurenda og aðrar á vesturveggnum, inn í vesturtóftina. Inn af miðtóftinni virðist og hús hafa verið, sem er hrauni hulið alt að kalla. Miðtóftin nál. 2 1/2 fðm. löng og 1 1/2 fðm víð. Vesturtóftin er jafnvíð og hin er löng, nfl. 2 1/2 fðm., ennál. 5 fðm á lengd. Hún er merkileg að því, að með báðum veggjum, eftir henni endilangri, eru 1 al. breið set eða rúmstæði og markar glögg fyrir veggjum þar utanvið. Austasta tóftin er nær öll hrauni hulin. Þó sýnist sem útidyr hafi verið á henni fyrir austan útidyr miðtóftarinnar. Hvergi er hraunlaus blettur kring um þessa rúst, og ekki veriður komizt að henni nema á hrauni. Nafnið Kirkjulágar bendir á, að hér hafi kirkjustaðurinn Krýsuvík verið. Getur vel verið, að sú tóftin í syðri láginni, sem fyrst var talin, sé einmitt kirkjutóftin. Hefir heimabærinn þá víst verið þar

líka. Rústin uppi í hrauninu er þó ekki eftir smákot. Hygg ég að heimabærir hafi verið tveir, Efribær og Fremribær, og kirkjan verið hjá Fremri-bænum. Eftir afstöðu að dæma hafa girðingarnar, sem fyrir getur, eigi verið tún þessara bæja, heldur annarra afbýla, sem þá eru hrauni hulin", segir í Árbók 1903.

Bjarni Einarsson skráði fornleifar í Húshólma sumarið 2000. Hann getur þess að fjórar samsíða línur sem Brynjúlfur Jónsson sýnir þvert yfir hólmann ofanverðan séu "sennilega gamlar reiðgötur sem ekki sjást í dag." Á svipuðum slóðum skráir hann rúst (nr. 2300:4.4) "Ca. 35 m NNV af hæl 17 250, í blásnum móa. ... Nánast hringlaga, 8-9 m í þvermál. Veggir ógreinilegir, en úr torfi og grjóti, ca. 1,5 m breiðir og 0,1 - 0,5 m háir. Talsvert rof er í kringum rústina og sjá má líklega hleðslusteina. Engar dyr sjást. Gólf er grasi og lyngi vaxið. Rofabaráð við rústina var kannað og kom í ljós að rústin er eldri en 1226." Rúst þessi hefur hnitíð 63°50.22 N 022°09.52 W. Önnur rúst í Húshólma er "Sunnan við jaðar hrauns í móa. ... 6 x 11 m (A - V). Veggir úr grjóti ca. 0,5 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,8 m háir. Tvö hólf eru á rústinni (A og B). Dyr eru á hólf A til suðurs. Hólf B er ógreinilegt og dyr ekki sjáanlegar. Veggir á hólf A eru mosavaxnir en á hólf B eru þeir grasi- og mosavaxnir. Gólf er grasi gróið. Í norðurhluta hólf A er einskonar skúti í veggnum. Er hann hlaðinn úr mun stærra grjóti en veggirnir." Rúst þessi hefur hnitíð 63°50.26 N 022°09.34 W. Enn önnur rúst er "Ca. 4 m vestur af jaðri hrauns, í móa. ... 2,5 x 3 m (A - V). Veggir úr grjóti, 0,3 - 0,5 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir. Dyr snúa til austurs eða norðausturs. Gólfíð er vaxið lyngi." Þessi rúst hefur hnitíð 63°50.25 N 022°09.44 W. Ennfremur greinir Bjarni frá túngarði í Húshólma: "Við austur jaðar Ögmundarhrauns í Húshólma. Í móa. Garðurinn er úr torfi, 1,5 - 2 m breiður og 0,2 - 0,6 m hár. Garðurinn gengur ca. 50-60 m út undan hrauninu í dálitlum boga. Beygir hann síðan til suðurs og er þar mjög ógreinilegur. Þessi hluti liggur rétt vestan við mikið rofabaráð. Að endingu gengur hann inn í annan garð (ca. 60 m sunnar) sem einnig gengur út úr hrauninu. ... Grafið var í rof á garðinum skammt austur af þeim stað þar sem hann kemur undan hrauninu og því haldið fram að hann væri eldri en landnámsgjóskan frá 871-72. Landnámsgjóskan lá í þælunni, en ekki garðinum sjálfum." Garðurinn hefur hnitíð 63°50.12 N 022°09.54 W.

Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2003, en hnit, lýsingar og afstöðumynd fengin hjá heimildarmanni. Hann lýsir staðnum svo: "Gengið var 1.1 km inn eftir Húshólma stíg. Stígurinn er bæði breiður og vel ruddur. Komið er niður í rana á norðaustanverðum hólmanum. Þegar gengið er niður má sjá hleðslur beggja megin stígsins, líklega til að varna fé upp göngu. Þegar gengið er niður ranann er komið að hleðslum yfir stíginn og skammt þar frá er stekkur hægra megin við hraunkantinn, nokkuð stór. Vestan við stekkin má sjá nokkrar tóttir. Þær gætu hafa verið sel frá Krýsuvík, en lega þeirra er í samræmi við legu flestra annarra selja á Reykjanesi, í skjóli fyrir austanáttinni. Neðan við tóttirnar má víða sjá vatnsbolla. Handan [vestan] við hraunhornið hægra megin er skotbyrgi refaskyttu, andspænis [sunnan] greni í nokkurra metra fjarlægð til vesturs. Steinn er ofan við opið. Enn innar, upp í krika að norðanverðu, má sjá móta fyrir mjög gömlu garði - í boga út frá gróinni hrauntotu. Hóll í suðri er gömul fjárborg. Haldið er framhjá henni, niður með [suður með] hraunkantinum og er þá komið að gömlum garði er liggur upp í hólmann [norðaustur], undan hrauninu. Sjá má slitrur af honum ofar [norðaustur] í hólmanum, í beinu framhaldi, ef vel er að gáð. Spölkorn neðar [sunnan] liggur annar stór garður neðan frá [sunnan frá] hólmanum og hverfur undir hraunið [að vestan]. Sjá má framhald garðsins fyrir innan [vestan] hraunkantinn. Sunnan garðsendans liggur stígur til vesturs inn í hraunið. Honum er fylgt spölkorn uns komið er að vörðu. Þar neðan [sunnan] við eru tóttir gamla Krýsuvíkurbæjarins, vel greinilegar. Vestan við þær sjást aðrar tóttir og norðan þeirra er forn bátlaga skáli, sem hraunið hefur runnið upp að allt um kring. Ef farið er ofan í skálina og flötum steinum lyft má sjá hvar miðsperrurnar, sem héldu uppi loftinu, voru. Fylgt er stíg til suðurs, að gömlu Krýsuvíkirkirkju. Vestan við hana er greinilegur garður. Liggur hann í boga að kirkjutóttinni og virðist hafa umlukið hana. Innan garðsins virðast vera tóttir af skála. Vestan hans liggur stígur til suðvesturs inn í hraunið, í áttina að Brúnavörðum. Þessi stígur var ruddur af sonum Krýsuvíkur-Gvendar, og er mjög fállegur á köflum. Hann nær þó ekki alla leiðina yfir hraunbrúnina, heldur endar skammt norðaustan við hæð þá, sem vörðurnar eru á. Þá er reyndar skammt eftir ofan af hraunbrúninni yfir á sléttan stíg er liggur upp með hraunkantinum að Óbrennishólma og áfram að og fyrir Lat. Genginn var kirkjustígurinn aftan [austan] við kirkjuna inn í hólmann. Þá var komið í Kirkjulágina, sem mun vera forn



grafreitir, sem á eftir að kanna nánar, eins og reyndar svo til allar tóttimar í Húshólma. Sunnan Kirkjuláginnar liggur enn einn garðurinn undan hraunkantinum að vestanverðum og upp að garðinum, sem lýst var áðan. Sá garður liggur áfram niður hólmann og hverfur undir hraunkantinum syðst í honum. Syðst í hólmanum er tótt. Hún gæti hafa verið skjól eða jafnvel hluti sjóbúðar. Rekagatan liggur niður að sjónum sunnan hennar."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 13-14; FEB II, 298-99; Sveinbjörn Rafnsson: Um aldur Ögmundarhrauns, 420; SSÁ, 213-24; ÞT Ferðabók I, 189-90; Árbók 1903, 48-49; FF, 227.; Suðurstrandarvegur nr. 2300:4

**Afstöðumynd:** Ómar Smári Ármannsson

**GK-001:043** Óbrennishólmi tóft fjárskýli

"Þá er þar vestar og ofar [en Húshólmi] niður undan Latsfjalli annar grashólmi í hrauninu, Óbrennishólmi." segir í örnefnalýsingu. "Í [Ögmundarhrauni] spölkorn hér frá [þ.e. Húshólma] er og óbrunninn hólmi og ófært hraun allt í kring nema einn lítill stígur, sem síðan hefur verið ruddur. Hólmi þessi nefnist Óbrennishólmi. Þar er sagt smalin hafi verið með heimilisféð, meðan hraunið hljóp yfir heila plátsið (þar eru og 2 misstórar fjárborgarústir), og að hann hafi ei getað komist undan því annað en á hól þennan, sem hraunið umkringdi." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "Í Óbrennishólma sjást engar rústir, utan aflangur hringur, vel 5 fðm. í þvermál á hól einum, og er það án efa fjárborg." segir Brynjúlfur Jónsson í skýrslu frá 1903. "Þessi rúst er enn greinileg. Hún er á hól syðst í hólmanum." segir Jón Jónsson í grein um Ögmundarhraun frá 1983. Gönguleiðir í hólmana eru merktar frá Grindavíkurvegi. Annars er á góðum bíl hægt að aka suður af Grindavíkurvegi fyrir vestan Borgarhól og fylgja slóða með hraunjaðrinum. Þá er skammur gangur vestur í Húshólma og þaðan vestur í Óbrennishólma. Gróinn hólmi í miðju hrauni.

63°05.643N 22°10.691V



Guðmundur Ólafsson skoðaði staðinn 23.7.1980, mældi hann og ljósmyndaði. Staðurinn var ekki skoðaður sumarið 2003, en hnit og afstöðumynd fengin hjá heimildarmanni. Hann lýsir staðnum svo: "Á hæð í sunnanverðum hólmanum er nokkuð stór fjárborg. Enn sést vel móta fyrir hringnum. Skammt austan hennar, nær hraunkantinum, er önnur minni fjárborg. Sunnan tóttarinnar er rétt eða gerði inni í hraunkraga [syðst í hólmanum]. Hlaðið er framan við kragann, en þær hleðslur virðast vera yngri en t.d. fjárborgirnar. Efst í hólmanum norðaustanverðum (fara þarf yfir mosahraun á kafla) er hlaðinn garður, sem hraunið hefur stöðvast við. Vel sést móta fyrir hleðslunum á nokkrum stöðum. Garðurinn endar í kró skammt neðar. Þar gæti einnig hafa verið fjárbyrgi og að neðsta [syðsta] hleðslan sé hluti þess. Vestan við stóru fjárborgina [á hæð syðst í hólmanum] liggur gróinn og nokkuð jarðlægur garður [í norður suður] undan hraunkantinum, upp með dragi og áfram upp í hólmann. Hér virðist vera um mjög fornan garð að ræða. Hann eyðist nokkru ofar [norðar], en þó má enn sjá móta fyrir honum ofan við miðjan hólmann, en þá hefur hann breytt lítillega um stefnu. Garðurinn virðist vera með samskonar lagi og garðarnir í Húshólma."

**Hættumat:**

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 13; SSÁ, 214. Árbók 1903, 49; Jón Jónsson: Um Ögmundarhraun, 193

**Afstöðumynd:** Ómar Smári Ármannsson

**GK-001:044** heimild um fjárskjól

63°05.643N 22°10.691V

"Í Óbrennishólma sjást engar rústir, utan aflangur hringur, vel 5 fðm. í þvermál á hól einum, og er það án efa fjárborg. Og þar litlu vestar liggur langur og digur garður þvert uppeftir. Slitin er hann sundur sumstaðar nú, en eigi mun svo hafa verið í fyrstu. Á einum stað t.d. hverfur hann undir hraunnef, en kemur undan því aftur hinumegin. Efst hverfur hann undir hraunnef. Tilgangur garðs þessa er mér óljós, nema hann hafi verið landamerkjagarður milli Krýsivíkur og næstu jarðar fyrir vestan", segir í Árbók frá 1903.

Gönguleiðir í hólmana eru merktar frá Grindavíkurvegi. Annars er á góðum bíl hægt að aka suður af Grindavíkurvegi fyrir vestan Borgarhól og fylgja slóða með hraunjaðrinum. Þá er skammur gangur vestur í Húshólma og þaðan vestur í Óbrennishólma. Gróinn hólmi í miðju hrauni. Staðurinn var ekki skoðaður sumarið 2003, en hnit og afstöðumynd fengin hjá heimildarmanni.

**Hættumat:**

**Heimildir:** Árbók 1903, 49-50

**GK-001:045** hleðsla óþekkt

63°05.643N 22°10.691V

8.8.1979: "Efst og austast í hólmanum rakst ég þá á hleðslu úr grjóti, sem hverfur inn undir hraunið. Við nánari athugun kom í ljós að þarna hefur verið - sennilega - fjárbyrgi eða rétt, sem hraunið hefur runnið inn í og yfir. Það hefur runnið í lækjum yfir hleðsluna og jafnvel smogið inn milli steinanna." segir Jón Jónsson í grein um Ögmundarhraun frá 1983.

Gönguleiðir í hólmana eru merktar frá Grindavíkurvegi. Annars er á góðum bíl hægt að aka suður af Grindavíkurvegi fyrir vestan Borgarhól og fylgja slóða með hraunjaðrinum. Þá er skammur gangur vestur í Húshólma og þaðan vestur í Öbrennishólma. Gróinn hólmur í miðju hrauni. Guðmundur Ólafsson skoðaði staðinn 23.7.1980, mældi hann og ljósmyndaði. Staðurinn var ekki skoðaður sumarið 2003, en hnit og afstöðumynd fengin hjá heimildarmanni.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Jón Jónsson: Um Ögmundarhaun, 193-94

**GK-001:046** heimild um leið

63°05.643N 22°10.691V

"Einkum er mjó hraunkvísl, Ögmundarhraun, andstyggileg. Yfir hana hefur verið ruddur þröngur og djúpur troðningur, og gerði það einn maður að sögn, er Ögmundur hét. Skyldi hann hafa ákveðið gjald af hverjum þeim, er um veginn færi, fyrir fyrirhöfn sína. Launin urðu þau, að hann var myrtur austan við einstigið (þar sem hann hefur ef til vill haft tollbúð sína), og sést þar enn steindys, sem á að vera leiði hans." segir Sveinn Pálsson í skýrslu um Reykjanesför 1796. "Ögmundar-Hraun....tekur Nafn af Fornmanni nockrum, sem ruddi Veg yfir það, 480 Fadma; og féck til launa, Loford fyrir Dóttur Bóndans á Ísólfsskála; enn var af hönum drepinn sofandi, þá Prautin var unnin. Leidi hans er í Hraunbrúninni austanverdt, aldeilis ómarkverd Dys. Er hér síðan alfara vegur, miklu skémmri, sem adur lá norður í Fjöllum nærri Hrauns upptökum." FF,227. [svipað hjá BJ Tillag til... 1953,101-2, sbr. Jón Árna. IV, 1956, 133-4. Annars k. saga er hjá Sveini Pálssyni Ferðabók Rv. 1945,661]

"Úr því að ég minnst á Ögmundarhraun, sem liggur skammt vestur af Krísvík, milli Mælifells og Latfjalls, og gengur í sjó fram vestan Krísvíkurbergs, afar illt yfirferðar, nema um einstígi það, sem í það hefur verið rutt endur fyrir löngu, þá get ég hér þeirrar sagnar, sem um þá vegarbót er sögð. Bóndinn í Krísvík átti þræl þann, er Ögmundur hét, og lagði sá hug á dóttur bónda, sem ekki hefur bóndi kært sig um þær mægðir; samt gaf hann Ögmundi kost konunnar, en nokkuð skyldi hann til vinna, sem sé það að ryðja veg gengum hraun það er fyrir getur. Tók þrællinn tilboði bónda, og lauk verkinu á tilsettum tíma, en launin urðu þau sömu sem þeir bræður Halli og Leiknir hrepptu, eftir að hafa rutt veg um hið illfæra Berserkjahraun, - dauðinn; hann var veginn að undirlagi bónda, og er dys hans við austurbrún hraunsins við Mælifell, og heitir hraunið síðan Ögmundarhraun", segir í Árbók frá 1943-48.

1840: "Ögmundarhraun. Áður en það var rutt, varð að fara vestur yfir hálsa fyrir endann á hraunsuppkomunni, þegar fara þurfti til Njarð- eða Keflavíkur. Bóndinn í Krísvík, að nafni Gissur, átti dóttur. Hennar bað lausingi nokkur, tröllmenni að stærð og kröftum. Bóndi vildi ei gifta dóttur sína fúlmenni þessu, en treystist ei að standa í móti hönum, tekur því það ráð að lofa hönum stúlku þessari, ef hann vilji vinna það til hennar að gjöra færan veg yfir hraunið, þar sem beinn yrðu vegur til Suðurnesja. Þetta verk tókst hinn á hendur og framkvæmdi það duglega, en lagðist til svefnis að loknu verki austan til við hraunbrúnina, en bóndi lá í leyni í hraungjótu, ætlaði hinum stundir að sofna vært og drap hann sofandi. Þar er dys hans, sem drepinn var og hraunið síðan við hann kennt." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840.

"Frá Borgarhólum heldur leiðin í áttina að Ísólfsskála og áfram til Grindavíkur. Liggur hún þar bæði yfir blásna móa og úfið hraun. Í hinu úfna hrauni er leiðin yfirleitt rudd, ca. 3 m breið. Fornleiðin er vörðuð nær alla leiðina frá Krísvík að Ísólfsskála. Alla vega á einum stað er vísir að brú (veggleðsla) þar sem leiðin fellur ofan af stalli niður á hraun skammt vestur af Litlahálsi ... Núverandi vegur hefur verið lagður ofan í gömlu leiðina frá Skalla og vestur að Ísólfsskála. Sömuleiðis hefur núverandi vegur legið yfir leiðina á stöku stað vestur af Ísólfsskála." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Staðurinn var ekki skoðaður 2003.

**Hættumat:**

**Heimildir:**FSP, 661; FF, 227-9; Ólafur Þorvaldsson: Árbók 1943-48, 83; SSÁ, 231-32; Suðurstrandarvegur nr. 2300:2.

**GK-001:047** Ögmundarleiði heimild um legstað

63°51.567N 22°09.229V

Fast norðan við þjóðveginn (Grindavíkurveg), sem þarna liggur í austur vestur, er hálfgróið fell sem nefnist Mælifell. Við rætur þess og sunnan við veginn liggur Ögmundarhraun, úfið og mosagróið apalhraun.

1840: "Ögmundarhraun. Áður en það var rutt, varð að fara vestur yfir hálsa fyrir endann á hraunsuppkomunni, þegar fara þurfti til Njarð- eða Keflavíkur. Bóndinn í Krýsuvík, að nafni Gissur, átti dóttur. Hennar bað lausingi nokkur, tröllmenni að stærð og kröftum. Bóndi vildi ei gifta dóttur sína fölmenni þessu, en treystist ei að standa í móti hönum, tekur því það ráð að lofa hönum stúlku þessari, ef hann vilji vinna það til hennar að gjöra færan veg yfir hraunið, þar sem beinn yrðu vegur til Suðurnesja. Þetta verk tókst hinn á hendur og framkvæmdi það duglega, en lagðist til svefnis að loknu verki austan til við hraunbrúnina, en bóndi lá í leyni í hraungjótu, ætlaði hinum stundir að sofna vært og drap hann sofandi. Þar er dys hans, sem drepinn var og hraunið síðan við hann kennt." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. Leiðið mun sjást sem grjóthrúga. Það fannst þó ekki við leit sumarið 2003, en hnit tekið á þeim slóðum sem það ku vera, við rætur Mælifells norðan við Grindavíkurveg.

**Hættumat:**

**Heimildir:** SSÁ, 231-32.

**GK-001:048 heimild um leið**

63°50.360N 22°09.878V

"Leiðin liggur frá A-jaðri Ögmundarhrauns í átt að Húshólma, yfir úfið hraun. ... Ca. 600 m löng (A-V) þar sem hún liggur yfir hraunið að Húshólma. Leiðin er rudd, 2 - 2,5 m breið og 0,3 - 0,6 m djúp. Við V - enda er varða sem virðist nýleg. Önnur varða er þar sem leiðin liggur niður í Húshólma og beygir til suðurs. Þar er einnig garður sem liggur þvert á leiðina í jaðri hraunsins. Er garðurinn ca. 60 m langur úr hraungrjóti. Leiðin liggur svo áfram niður (suður) Húshólmann. Er hún víða ógreinileg á þessum kafla ... Mun leiðin liggja áfram að Selatöngum." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Leiðin hefur hnitíð 63°50.33 N 022°08 W við austurendann þar sem leiðin kemur niður í Húshólma. Hún var ekki skoðuð sumarið 2003, en hnit fengið hjá heimildarmanni.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Suðurstrandarvegur 2300:4.1

**GK-001:049 Hettuvegur heimild um leið**

63°53.199N 22°04.037V

"[Drumbsdalavegur liggur yfir Sveifluháls milli Krýsuvíkur og Vígðisarvalla] Þar norður frá er hóll, sem heitir Bleikshóll, og þar niðrundan í norðurhlíðum hálsins er dalur, sem heitir Bleikingsdalur. Þá er vegur sem heitir Hettuvegur eða Móhálsavegur. Ekki kann ég að staðsetja veg þennan." segir í örnefnaskrá.

Hettuvegur liggur á milli Vígðisarvalla og Krýsuvíkur. Frá Krýsuvík er farið vestur yfir Sveifluháls frá Gestsstaðavatni, rétt fyrir norðan Krýsuvíkurskóla. Síðan liggur leiðin niður Bleikingsdal og norður á Vígðisarvelli. Vestan við Sveifluháls skiptast á hraun og hálfgrónir eða ógrónir melar.

1883: "Síðan fórum við frá Vígðisarvöllum yfir Sveifluháls að Krýsuvík um Hettuveg (285 m), sem heitir eftir háu fjalli rétt sunnan við námurnar. Vegur þessi er allbrattur og eru hálsarnir báðir örmjóir að ofan, sagyddir og klungróttir, allir úr móbergi." - ÞT Ferðabók I, 184. Hnit er tekið þar sem leiðin lá yfir Sveifluháls, en enginn stígur eða gata er þar greinileg.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 15; ÞT Ferðabók I, 184

**GK-001:050 Ketilstígur heimild um leið**

63°53.758N 22°03.156V

1755: "Hverirnir í Krýsuvík liggja í dalverpi undir háum fjöllum á eldbrunnu landsvæði. Gatan niður af fjallinu í dal þenna heitir Ketilstígur. Hann er stuttur, en allbrattur." segir í ferðabók Eggerts og Bjarna. " Arnarvatn er í lægð á hálsinum, og í gegnum þá lægð liggur vegur, sem nefndur er Ketilstígur. Ef komið er norðan frá yfir hálsinn, liggur hann fyrst upp bratt klettahögg, og þegar upp á það er komið, blasir Ketillinn við, en það er kringlóttur djúpur dalur eða skál niður í fjallið ... Framan við Ketilstíg er Bleiksflöt. Sunnan við Ketilstíg niðri heitir Fagraflöt", segir í örnefnaskrá. Seltún nefnist hverasvæði fast vestan við þjóðveg, u.þ.b. miðja vegu milli syðsta hluta Kleifarvatns og Krýsuvíkurskóla. Norðan við gilið þar sem hverirnir eru mestir er skilti merkt Ketilstíg þar sem hann liggur vestur yfir Sveifluháls. Nokkuð bratt er upp Sveifluhálsinn að austanverðu, en hann er gróinn upp í miðjar hlíðar en minna eða ekkert ofar. Vestan við hálsinn er gróið næst rótum hans en síðan taka við gróðursnauðir melar.

Henry Holland lýsir leiðinni milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur 1811 - Dagbók í Íslandsferð 1811, 80-82. William Hooker lýsir Ketilsstíg 1809 - Ferð um Ísland 1809, 141-42. 1840: "Þegar komið er hér um bil í miðjan [Móhálsadal] liggur leiðin suðaustur til fjalla, yfir eystri Móhrygginn, og er þar fast hjá gígur einn í hálsinum, skammt ofan við dalbotninn. Þessi gamli gígur hefur nú að nokkru fyllst upp og gróið, hann er kringlóttur og var eitt sinn mjög djúpur; heitir hann Ketill og tekur vegurinn nafn sitt af honum og kallast

Ketilsstígur. Þar er hálsinn nokkuð hár en ekki breiður og þegar kemur yfir hann eru nyrstu brennisteinsnámarnir í Krýsuvík rétt við fætur manns." - Jónas Hallgrímsson, Ritverk III, 366. Í Sýslu og sóknarlýsingum frá 1840 er leiðinni einnig lýst: "Frá Krýsuvík liggur annar vegur til [Hafnarfjarðar], nefndur Ketilsstígur, 3 partar úr þingmannaleið að lengd, grýttur og brattur sem hinn ... Litli-Nýibær í Krýsuvík er næst við Ketilsstíg ... Ás í Garðasókn á Álftanesi er næsti bær við Ketilstíg að vestan."

1879: "Stuttur fjallvegur, en brattur liggur yfir hálsinn til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Er af honum fagurt útsýni yfir fjörðinn til fjallanna fyrir norðan. Einnig er leiðin sem liggur af hálsinum niður að bænum í Krýsuvík talin mjög eftirtektarverð, því að hún bugðast að nokkru milli sjálfra námanna, og verður að gæta vel að sér að stíga ekki niður úr leirskorpunni, sem er laus og brothætt, en oft leynist undir sjóðandi leðja." - Kálund I, 29.

Leiðin liggur í norðvestur yfir Sveifluháls, að norðanverðu um Ketilinn og svo niður af hálsinum að vestanverðu þar sem heitir Hofmannaföt (051). Þá liggur leiðin nokkurn veginn eins og bílvegurinn að Vigdísarvöllum (Djúpavatsvegur) liggur nú, í norðvestur að Hafnarfirði. Leiðin hefur þó líklega að mestu verið vestan við bílveginn. Við Hofmannaföt sér móta fyrir leiðinni þar sem hún kemur niður af hálsinum, en litlu norðar og fast vestan við veginn er hún mjög greinileg. Engar vörður sást.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** FEB II, 205; Ö-Krýsuvík, 16; Jónas Hallgrímsson, Ritverk III, 366; Kálund I, 29; SSÁ, 222.

**GK-001:051** Hofmannaföt örnefni

63°55.691N 22°02.074V

"Norðvestan við Miðdegishnúk, vestan Sveifluháls, er Hofmannaföt." segir í örnefnaskrá. Hofmannaföt heitir flötin þar sem Ketilstígur (050) kemur niður af Sveifluhálsi að vestanverðu. Hægt er að aka að Hofmannaföt eftir Djúpavatsvegi og er hún merkt þar austan við veginn. Grasi gróin flöt undir Sveifluhálsi að vestanverðu, en mosagróið hraun er umhverfis hana. Ekki sést til fornleifa.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 16

**GK-001:052** Sogasel heimild um sel

63°56.047N 22°06.699V

"Norðan við Grænavatnseggjar [hæð vestan Djúpavats og er smávatnið Grænavatn á henni.], Engjaháls og Djúpavatn er lægð gegnum fjöllin, sem heitir Sog. ... Vestan í Sogunum er sel, sem heitir Sogasel." segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. "Selsvellir ná inn að Grænavatnseggjum en svo nefnist brúnninn á hálsinum, þar sem Grænavatn er austur af...Grænavatnseggjar ná inn í Sog. Sogin eru gilskorningur í Vesturhálsinum. Sogaselsdalur er grasigróinn gýgur vestast í Sogunum og þar var sel frá Flekkuvík.", segir í örnefnaskrá fyrir Vesturháls. Sogaselsdalur er sunnan í Trölladyngju og má komast þangað akandi að norðan. Þá er ekið úr Kúagerði í austur, framhjá Keili og að Höskuldavöllum. Þaðan liggur vegslóði upp Trölladyngju og í vesturhlíðum hennar til suðurs í Sog. Einnig er hægt að komast þangað að sunnanverðu ef haldið er áfram í norður eftir slóðanum sem liggur í Selsvelli (GK-009:012). Grasi gróinn gýgur.



Guðrún Gísladóttir getur Sogasels í skýrslu frá 1993 og birtir af því upprátt: "Seljarústirnir eru þrjár. Sú austasta er í bestu ásigkomulagi. Þarna var haft í seli um 1703 frá Kálfatjörn í Vatnsleysustrandarhreppi, en síðar einnig frá Bakka." Í Sogaseli eru samkvæmt heimildarmanni alls níu tóftir, en selið var ekki skoðað á vettvangi sumarið 2003. Hnit og lýsing staðarins er fengin hjá heimildarmanni, auk afstöðumyndar. Hann lýsir staðnum svo: "Bæirnir Kálfatjörn og Þórustaðir höfðu áður í seli á Fornaselshæð, en fengu síðan selsstöðu í Sogaseli. Þegar farið er til suðurs frá Höskuldavöllum upp Sogaselsdal eða Sogadal, er þar stór og víður gígur á vinstri hönd. Hann heitir Sogaselsgígur eða Sogagígur. Op hans snýr til suðurs, að Sogalæk, sem rennur niður dalinn og áfram niður á vellina. Gígurinn er girtur skeifulaga hamrabelti og myndar því gott aðhald fyrir skepnur. Þarna var Sogasel frá Kálfatjarnarhverfi og jafnvel Krýsuvík um tíma. Margar kofatóttir eru í gígnum og a m k. ein utan hans til suðvesturs, handan lækjarins. Gígurinn er mjög skjólgóður og þar hefur verið góð selsstaða. Frá honum liggur selsstígur niður og norður yfir vellina og áfram á milli nyrstu hluta Oddafellsins þar sem farið hefur verið framhjá Oddafellsseli, yfir hraunið á Oddafellsselsstíg og áfram norður Þórustaðastíg heim að bæjum."

**Hættumat:**

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 18-19; Ö-Vesturháls, 1; Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 28

**Afstöðumynd:** Ómar Smári Ármannsson

**GK-001:053** *Búðarvatnsstaði* örnefni

63°58.676N 22°01.337V

"Norður frá Mávahlíðum rís upp Mávahlíðarhnúkur. Héðan til norðausturs liggur leiðin um hraun að Búðarvatnsstaði og norðaustan þess er hár grjóthóll, sem heitir Markhelluhóll.", segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. Leiðin sem um er talað er líklega Ketilstígur (050). Búðarvatnsstaði er í Dyngjuhrauni fyrir sunnan Krýsuvíkurveg, norðvestan við Sveifluháls. Sunnan við Búðarvatnsstaði er Markhelluhóll (035) á landamerkjum. Vatnsstaði undir hraunkanti. Ekki er vitað um rústir við Búðarvatnsstaði, og engar fundust við vettvangsathugun sumarið 2003. Nær ekkert vatn var í vatnsstaðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 19.

**GK-001:054** *Selatangar* tóftir verbúð

63°50.360N 22°14.515V

1703: "Jörðin á í sínu landi, en þó allfjarri, skipsuppsátur og brúkar heimabóndinn það um vertíð fyrir sig og hjáleigumenn sína. Öngvar eru þar verbúðir aðrar. Og er þó lending merkilega slæm, heitir plátsið á Selatöngum." segir í jarðabók Árna og Páls. 1756: "Selatangi við Krýsuvík er lítill, en vel fallinn til sjósóknar, en ströndin er klettótt og lending ill sakir brima." segir í Ferðabók Eggerts og Bjarna. "Þegar kemur vestur fyrir Miðrekana og landinu fer að sveigja til norðurs, taka við Seltangar. ... Á Seltöngum var fyrrum mikil útróðrarstöð og verstöð. Er þar enn allmikið af búðarústum og fiskigörðum til herzlu á fiski. Hér er mikið af hraunhellum, þótt flestir séu þeir litlir, voru þeir notaðir til ýmissa hluta og hlutu nöfn af. Nokkru eftir 1880 lagðist útræði hér niður að fullu og öllu." segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. "Austan við Hraunef [þar sem leiðin er hálfnuð út í Selatanga er]...Veiðbjöllunef...Austan við Veiðbjöllunef kemur Mölvík...þar upp af Mölvík austan til heitir Katlahraun...Austast í Katlahrauni er Nótahellir og gengur í sjó fram...Fyrir austan Nótahelli er sandfjara og síðan taka við Selatangar.", segir í örnefnaskrá Ísólfskála. "Nokkuð austan við bæinn á Ísólfskála, sem svarar klukku tíma gang, gengur tangi fram í sjóinn. Hann heitir Selatangar.", segir í örnefnaskrá AG um Ísólfskála. Selatangar eru vel merktir við Grindavíkurveg og liggur malarvegur þaðan suður á tangana. Úfin apalhraun í sjó fram, Katlahraun að vestanverðu en Ögmundarhraun að austan.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Verbúðatóftir, fiskbyrgi, fiskigarðar og önnur gömul mannvirki í hinni fornu verstöð á Selatöngum." Friðlýst (í landi Ísólfsstaða) 01.09.1966, þinglýst 05.09.1966. - Fornleifaskrá, 13. Seltöngum er lýst í Íslenskum sjávarháttum II, 37-38: "Á Selatöngum var aldrei föst búseta, heldur einungis útver með nokkrum verbúðum. Þaðan var einkum útræði Krýsuvíkurmanna, en Krýsuvík fylgdu lengi nokkrar hjáleigur. Til er gömul þula sem telur 73 menn við róðra í Krýsuvík. Ástæðan fyrir þeim kveðskap er sögð vera sú, að strákur einn hafi orðið mótustuttur í verinu. Buðust þá hásetar á skipum þeim sem þar reru að gefa honum mötu til vertíðarloka, ef hann kæmi nöfnum þeirra allra í eina þulu: Tuttugu og þrjá Jóna telja má, / tvo Árna, Þorkel, Svein./Guðmunda fimm og Þorstein, þá/ Þorvald, Gunnlaug, Freysteinn. / Einara tvo, Ingimund, Rafn, / Eyvind, tvo Þórða þar. / Vilhjálmur Gestir verður jafn / Vernharður, tveir Bjarnar / Gissura tvo, Gísla, Runólf, / Grím, Ketil, Stíg, Egil. / Erlenda þrjá, Bernharð, Brynjólf, / Björn og Hildibrand til. / Magnúsar tveir og Markús snar / með þeim hannes, tveir Sigurðar. / Loftur, Hallvarður, Hálfván, senn / þar sezt hann Narfa hjá. / Á Selatöngum sjóróðramenn / sjálfur Guð annist þá. - Þótt aldrei væri stórt útver á Selatöngum eru þar þó talsverðar verminjar. Þaðan var seinast róið 1884."

Guðrún Gísladóttir lýsir rústunum svo í skýrslu frá 1993: "Þarna eru nú minjar um verbúðir, fiskbyrgi og garðhleðslur sem eru að mestu horfnar. Rústirnar eru margar og er hægt að telja þær upp undir 20, auk garðhleðslanna sem eru á hraunnefunum og eru nú að mestu horfnar. Á vestustu hraunnebbunni er verbúð og rústir auk garðhleðsla (rúst A á 4. mynd). Á næstu niðru austan við eru rústir sömu leiðis en hraunnebban er aðgreind frá þeirri vestari af sandi. Hinar rústirnar eru svo á þriðju niðrunni sem myndar samfelldara og stærra svæði en hinar og þar eru líka flestar rústirnar. Austast á þessu svæði er önnur verbúðatóft og byrgi í líkingu við það sem er vestast (rúst B á 4. mynd). Utan í hraunflákanum að austan eru fyrirhleðslur við skúta sem virðast hafa verið notaðir af fé. Margar hleðslurnar hafa farið verulega illa í flóðum undanfarin ár. Verbúðartóftin vestari er undir hraunbrúninni og er mjög fallin, þó má greina húsaskipan. Rústin er hlaðin úr grjóti og torfi en hraungrjót er meginbyggingarefnið, enda hefur skort torf í hraunhafinu sem umlykur Selatanga að sjó. Við rústina að norðan- og sunnanverðu eru byrgi sem þarf að varðveita. Allt í nágrenninu eru svo hlaðnar rústir sem þarf að huga að. Nokkur byrgi eru uppistandandi og vel farin og slaga þau uppí að vera mannhæðarhá. ... Stórflóðin á undanförunum árum hafa farið illa með rústirnar. Rústirnar eru á hraunnebbum sem skaga út frá Ögmundarhrauni og utan í þeim."

Í örnefnaskrá Ísólfskála er svæðinu lýst svona: "Á Selatöngum var allmikil útgerð frá Skálholti í eina tíð, en lagðist fyrst niður um tíma eftir Básendaflóðið 1799 og svo að fullu og öllu milli 1880 og 1890. Þarna eru byrgi og búðatættur, sem eru nú friðlýstar. Dágon var klettur á kampinum suður af vestustu sjóbúðinni á Selatöngum er nú hruninn...Skiptivöllur er smáhæð fyrir austan Dágon, grasivaxin að ofan. Sjóbúðirnar standa

austan undir Skiptivelli á hraunefi." "Á Selatöngum sjást byrgi og búðatættur, eldhús og önnur mannvirki, enda var þarna allmikil útgerð fyrir eina tíð...", segir í örnefnaskrá AG um Ísólfskála.

Friðlýsing: "Verbúðatóftir, fiskbyrgi, fiskigarðar og önnur gömul mannvirki í hinni fornu verstöð á Selatöngum." ÁÓG.

Tóftabyrpingin á Selatöngum er á hraunnibbum fyrir sunnan bílastæðið og liggur göngustígur þangað. Tóftirnar eru mjög margar, allt að tuttugu, en í misjöfnu ástandi. Svæðið teygir sig í austur vestur meðfram ströndinni. Heimildarmaður lýsti svæðinu á eftirfarandi hátt: "Vestast á Selatöngum, austur undir kletti, er hlaðið hesthúsið. Á austurveggnum eru garðarnir. Sunnan hesthússins eru bíðir þær, sem síðast var hafst við í. Innst, nyrst, er eldhúsið. Sjá má ennþá hlóðasteinana í suðausturhorni þess. Framan við eldhúsið eru tveir bálkar, svefnhús. Austan við þá er hús, sem var hluti búðanna. Í þeim var hafst við allt til ársins 1880, en þá gerði faðir hans (Jóns Guðmundssonar) út bát frá Selatöngum. Báturinn var jafnan í Tangasundinu, sem er neðan við vestasta fiskibyrgið á hól sunnan búðanna. Að því er gengið frá búðunum um hlaðið hlið. Byrgið stendur svo til heilt. Göt eru á báðum göflum. Jón Guðmundsson sagði þau hafa verið lykilinn að önduninni. Fiskibyrgin standa sum svo til heil, bæði með húslagi og hringlaga. Verbúðirnar eru við fyrstu sýn illa sjáanlegar, en þegar betur er að gáð, sjást þær vel. Austustu búðirnar eru vestan við Selalónið, en austan þess er klettaveggur. Hann heitir Vestari Látur. Austari Látur er þar skammt austar. Rétt sést móta fyrir austustu búðunum, sunnan við austasta þurrkbyrgið, sem stendur þar nokkuð heillegt. Búðirnar eru vestan við hlaðinn stíg er liggur frá fiskbyrginu niður að ströndinni. Ofan byrgisins er Smiðjan í klettasprungu. Austan þess er hlaðið hringlaga fallett fiskibyrgi." Svæðið var ekki teiknað upp, en það er mjög flókið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM III, 7; FEB II, 259; Ö-Krýsuvík, 13; Ö-Ísólfskáli, 2; Ö-Ísólfskáli AG, 1; Ólafur E. Einarsson: Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5; ÁÓG, Fornleifaskrá, 13; Guðrún Gísladóttir, Gróður jarðvegur og mannvistarminjar.

**GK-001:055** *Tangadraumur* þjóðsaga draugur 63°50.291N 22°14.348V

"Á Seltöngum [054] hafðist við um eitt skeið hinn nafnkunni Tangadraumur (Tanga Tumi), sem talinn var hversdagslegur fremur meinvíll, en þá er á hann rann jötunmóður, gat hann orðið svo fyrirferðarmikill, að hann "fyllti út í fjallaskörðin" að því er Beinteinn gamli í Arnarfelli sagðist frá." Selatangar eru vel merktir við Grindavíkurveg og liggur malarvegur þaðan suður á tangana. Úfin apalhraun í sjó fram, Katlahraun að vestanverðu en Ögmundarhraun að austan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ólafur E. Einarsson: Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5

**GK-001:056** náma mógrafir 63°52.497N 22°03.223V

Við gatnamót Grindavíkurvegar og Þorlákshafnarvegar eru mógrafir, fast austan og sunnan vegarins. Um 300 m norður af bæ (001). Í smáþýfðum móa. Mógrafirnar eru stórar og greinilegar, fullar af vatni. Þær eru allt að 1x2 m að stærð og sumar mjög djúpar. Svæðið allt er um 30x30 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Ljósmynd:**Mógrafir, horft til austurs



**GK-001:057** heimild um gerði 63°51.10N 22°08.39V

"Við austur jaðar Ögmundarhrauns. Ca. 10 m vestur af vegaslóða. Í blásnum móa. Gerði (nátthagi?). Ca. 20 m í þvermál. Veggir úr grjóti, 1-3 m breiðir og 0,5 - 1,2 m háir. Dyr eru til suðurs og botn vel gróinn. Vesturhlutinn afmarkast af hrauninu, en þó er lítilfjörlegur veggur á hraunkantinum. Hugsanlega er kró í suðvestur hluta." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Rústin hefur hnitíð 63°51.10 N 022°08.39 W. Staðurinn var ekki skoðaður 2003.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Suðurstrandarvegur nr. 2300:5.

**GK-001:058** varða

"Á litlum hól, ca. 20 m austur af vegaslóða. Ca. 50 m NNV af hæl 177800. Í móa. Varða. Úr hraungrjóti, ca. 2 m í þvermál við rót og 1,2 m há. Varðan er ekki vel hlaðin þar sem hún stendur á klettinum. Hugsanlega vísar varðan á gerðið (nátthagann?) [057]?" segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Ekki skoðað 2003.

**Hættumat:****Heimildir:**Suðurstrandarvegur nr. 2300:6.**GK-001:059** *Jónsvörður* örnefni

63°50.876N 22°022.70V

"Þá er hér óstaðsett .... Jónsvörður." "Sunnan Arnarfells [sjá 027] tekur við Krýsuvíkurheiði og austarlega á henni eru tveir hólar, Trygghólar ... Suður af Trygghólami er Smalaskáli." segir í örnefnaskrá. Trygghólar eru tveir malarhólar austnorðaustan við Selöldu og Selhól (019). Á milli hólanna heitir Trygghólami. Suður af syðri hólum er smalaskálatóft (017). "Jónsbúð" eða "Jónsvörðuhús" er tóft nefnd austarlega á Krýsuvíkurheiðinni, skammt fyrir norðan Smalaskála (017). Hlutverk hennar er óþekkt, en e.t.v einnig smalaskáli. Á blásnum mel. Torf og grjóthlaðin tóft sem snýr í norður suður. Staðurinn fannst ekki við leit sumarið 2003, en hnit og lýsing fékkst hjá heimildarmanni.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 19**GK-001:060** hleðsla brú


63°50.614N 22°06.955V

"Fitjatún hefur fyrr verið nefnt, vestur við lækinn, vestur af Selöldu. Þar eru stæðilegar bæjartóttir, mikið túnstæði, og þar voru leifar eftir safngryfju, sem er óvanalegt á þeim árum", segir í örnefnaskrá. Fitjatún (018) er syðst við veginn sem liggur af Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurbergi. Vegurinn sveigir þar til austurs yfir Vestri lækinn og liggur austur um túnið. Fast sunnan við þar sem vegurinn liggur yfir lækinn er hlaðin brú. Lækurinn er ekki mikill og rennur með túninu vestanverðu til suðurs og fram af Krýsuvíkurbergi. Brúin er grjóthlaðin, um 6 m á lengd og 1,5 m breið. Hún er aðeins um 0,5 m á hæð og umför grjóts eru þrjú. Hún hleypir læknum um hlaðið ræsi á henni miðri.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 8**Ljósmynd:**Brú, horft til suðurs**GK-001:061** tóft óþekkt

63°50.582N 22°06.671V

Strákar heita hraundrangar vestast á Selöldu. Um 180 m austur af Fitjum (018), uppi á Selöldu fast fyrir austan



Stráka er stór móbergsklettur. Suðaustan undir honum er stór tóft. Tóftin sést vel á brún Selöldu þegar keyrt er suður að Krýsuvíkurbergi.



Hrjóstrugt og blásið er uppi á Selöldunni en sunnan undir henni er gróið svæði sem vegurinn liggur um.

Tóftin er um 14X10 m að stærð og snýr í austur vestur. Hún er einföld og mjög stæðileg. Móbergskletturinn er líklega um 10 m hár og myndar norðurvegg hennar auk þess sem hann slútir

yfir hana og nær þannig yfir um 1/3 tóftarinnar. Þak tóftarinnar hefur því líklega verið reist upp á móti klettinum. Tóftin er grjóthlaðin og eru hleðslur mjög þykkar, um 1 m, og allt að 2 m á hæð. Hæstar eru þær í austurvegg. Hleðslurnar eru tvískiptar, þ.e. neðst er grjóthleðsla úr stórum ótilhöggnum steinum, um tvö umför. Þá kemur torflag yfir og síðan önnur grjóthleðsla, um átta umför. Þessi hleðsla er úr minni steinum og sumum tilhöggnum. Vesturveggur tóftarinnar er þó eingöngu úr



tilhöggnu grjóti, um tólf umför, og er ekki tvískiptur á þennan hátt, en torflag er yfir hleðslunni. Dyr eru á miðri vesturhlið og er hella yfir þeim og svo hlaðið þar ofaná. Þær eru um 1 m á hæð, 0,5 m á breidd og um 1 m djúpar. Eitthvað er af fúnu timbri í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Ljósmynd:** 1. Tóft, horft til vesturs. 2. Tóft, horft til austurs

## GK-002 Suðurkot

Hjáleiga Krýsuvíkur, í byggð 1703, þá nefnd Suður hjáleiga. Í eyði árið 1918. 1918: Tún 1,7 ha, garðar 400 m<sup>2</sup>.


### GK-002:001 Suðurkot bæjarstæði bústaður

Suðurkot var hjáleiga Krýsuvíkur, í byggð 1703, þá nefnd Suður hjáleiga. Í eyði árið 1918. Suðurkot var syðst í túninu, suðvestast á Ræningjahól (GK-001:020), sem er bungumyndaður hóll fast sunnan við þjóðveginn gengt bæjarhólnum í Krýsuvík (GK-001:001), um 80 m sunnan hans. Ræningjahóll er gróinn og bungumyndaður. Hóllinn virðist vera náttúrulega myndaður og engin hólmyndun þar sem Suðurkot hefur staðið. Tóftirnar hafa að einhverju leyti verið jafnaðar út en sér þó vel móta fyrir þeim, sérstaklega á tveimur stöðum. Einnig er þarna mjög greinilegur túngarður, úr torfi, um 1 m á hæð (sjá 005). Önnur tóftin er innan túngarðsins, líklega er það bæjartóftin. Sú er mjög sigin og ógreinileg en virðist greinast í fjögur hólf. Hún er um 8X6 m að stærð og hæð hleðsla um 0,2 m. Op eru ógreinileg. Um 5 m vestan við hana er önnur tóft, fast vestan við túngarðinn í bröttum halla til vesturs. Sú er um 5X3 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekkert op er greinilegt á henni. Grjót er hvergi sjáanlegt í tóftum eða gördum. Víða umhverfis tóftirnar er mikil þúfnamyndun, en greinilegar tóftir eru ekki fleiri. Svæðið allt innan túngarðsins er um 30x100 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918.

63°52.036N 22°03.822V



### GK-002:002 heimild um útihús

63°52.007N 22°03.873V

Á túnakorti 1918 er útihús um 60 m vestan við bæjarstæði (001). Þar er nú sléttað tún. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918


### GK-002:003 tóft útihús

63°52.006N 22°03.621V

Um 180 m austur af bæjarstæði (001), vestan við lækinn er tóft sem líklega er það útihús sem merkt er (003) á túnakort 1918. Umhverfis er sléttað tún. Tóftin er hringmyndað og niðurgráfin innan. Hún er um 8X5 m að stærð og einföld. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Op er á suðurhlið. Ekkert grjót er í tóftinni en fast norðan við hana er grjóthrúga gróin í svörðinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918



### GK-002:004 heimild um útihús

63°52.032N 22°03.634V

Á túnakorti 1918 er merkt útihús um 50 m norðaustan við tóft 003. Þar er nú sléttað tún, en þó nokkur þúfnamyndun. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

### GK-002:005 garðlag túngarður

63°52.036N 22°03.822V

Stæðilegur túngarður umlykur Suðurkotstún. Í sléttuðu túni. Garðurinn er torfhláinn og allt að 1 m á hæð. Hann liggur um túnið að sunnan, austan og norðan en rofnar við þjóðveginn vestast. Hann er mest um 0,6 m á

breidd og um 150 m langur alls. Op, eða rof eru á garðinum á tveimur stöðum, fyrir austan og vestan bæjartóftina (001) (sjá teikningu (002:001).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**

### GK-003 Norðurkot

Hjáleiga Krýsuvíkur, í byggð 1703 þá kölluð Norður hjáleiga. Í eyði árið 1918. Í örnefnalýsingu segir að tvö smá býli hafi verið í túni Norðurkots, Snorrakot og Hnaus.


1918: Tún 1 ha, garðar 330 m<sup>2</sup>.

**GK-003:001** *Norðurkot* bæjarhóll bústaður

63°52.202N 22°03.700V

"Nyrzt í heimatúni var svo Norðurkot, Snorrakot (002) og Hnaus (003). Tvö hin síðarnefndu hafa verið smábýli í Norðurkotstúni, og má benda á það, að norðausturhorn túnsins heitri Snorrakotstún; smálækur skilur það frá aðaltúninu", segir í örnefnaskrá. Nyrst í Krýsuvíkurtúni er greinilegur bæjarhóll Norðurkots, um 200 m norður af bæjarhól heimajarðarinnar (GK-001:001). Í stórþýfðu túni.

Bæjarhóllinn er um 30X30 m að stærð og eru á honum miklar og greinilegar tóftir. Bæjartóftirnar eru norðarlega á hólum. Þær greinast í sjö hólf og snúa mót suðri. Þrjú op eru á suðurhlíð en eitt á austurhlíð. Fast framan (sunnan) við þær er kálgarður um 20X10 m að stærð. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Mjög lítið af grjóti er sjáanlegt í tóftunum.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1918

**GK-003:002** *Snorrakot* bæjarhóll bústaður

63°52.206N 22°03.615V

"Nyrzt í heimatúni var svo Norðurkot, Snorrakot og Hnaus. Tvö hin síðarnefndu hafa verið smábýli í Norðurkotstúni, og má benda á það, að norðausturhorn túnsins heitri Snorrakotstún; smálækur skilur það frá aðaltúninu," segir í örnefnaskrá. Um 70 m austnoraustur af Norðurkoti er dálítill hóll eða bunga sem sker sig úr umhverfinu. Hóllinn er fast austan við læk sem rennur þarna suður túnið, eins og segir í örnefnalýsingu. Í stórþýfðu túni. Engar greinilegar tóftir eru á hólum en hann er um 12X10 m að stærð og um 1,5 m á hæð. Á honum er nokkurt þýfi og virðist hann til kominn af manna völdum a.m.k. að einhverju leyti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 8

**GK-003:003** *Hnaus* bæjarstæði bústaður

63°52.202N 22°03.700V

"Nyrzt í heimatúni var svo Norðurkot, Snorrakot og Hnaus. Tvö hin síðarnefndu hafa verið smábýli í Norðurkotstúni, og má benda á það, að norðausturhorn túnsins heitri Snorrakotstún; smálækur skilur það frá aðaltúninu," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nánar um staðsetningu býlisins en að það hefur verið í Norðurkotstúni, nyrst í heimatúni Krýsuvíkur. Væntanlega hefur það ekki verið austan við Norðurkot þar sem þar heitir Snorrakotstún. Um 200 m norður af bæ í Krýsuvík (001:001). Í stórþýfðu túni. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:**Ö-Krýsuvík, 8

**GK-003:004** tóft útihús

63°52.182N 22°03.633V


Um 60 m austur af bæjarhól (001) er tóft. Í stórþýfðu túni. Tóftin er 5X7 m að stærð og snýr í norður suður. Hún er einföld og er opin mót suðri. Úr miðri norðurhlíð hennar liggur garður eða garðbrot, um 10 m langur til norðurs. Hann er rofinn á tveimur stöðum. Ekkert grjót er í hleðslum en hleðsluhæð er um 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta



## GK-004 Stóri Nýibær

1563: "Skil eg [Gísli biskup] hier til Nyabæ ad hann byggist og svo sem Radzmadurinn kann af stad ad koma." DI XIV, 201. Hjáleiga Krýsuvíkur. 1703 er jörðin nefnd Nýi Bær og sagt að hún hafi verið lengi í byggð. Gengið var frá afsali vegna kaupa H á Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ 1941. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 107. 1918. Tún 1/ sléttað, 3,2 teigar alls, garðar 630 m<sup>2</sup>.



### GK-004:001 Stóri Nýibær bæjarhóll bústaður

63°52.596N 22°03.087V

Stóri Nýibær er merktur norðan við þjóðveginn (Krýsuvíkurveg), um 100 m norðvestan við gatnamót þar sem sveigt er til suðurs (inn á Grindavíkurveg) að Krýsuvík (GK-001). Bæjarhóllinn er stór og greinilegur um 100 m norðan við þjóðveginn. Í sléttuðu túni norðan þjóðveggar. Hlið er við þjóðveginn og gróinn slóði liggur í norður upp á bæjarhólinn. Hann er stór og bungumyndaður, um 50X50 m að stærð. Engar tóftir eru á hólnum en allt var sléttað um 1960. Hóllinn er líklega um 10 m á hæð, en mjög aflíðandi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**Ljósmynd:** Bæjarhóll, horft til norðnorðausturs



### GK-004:002 heimild um útihús

63°52.657N 22°03.047V

Á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 120 m norðnorðaustur af bæjarhól (001) í túnjaðri. Þar er nú sléttað tún, hálfgróinn melur fyrir norðan það sem hækkar til norðurs. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

### GK-004:003 heimild um útihús

63°52.666N 22°02.963V

Á túnakort frá 1918 er merkt útihús í túnjaðri um 140 m norðaustur af bæjarhól (001). Þar er nú sléttað tún, hálfgróinn melur fyrir norðan það sem hækkar til norðurs. Ekki sést til fornleifar, en talsverð þúfnamyndun er þar og litamunur frá umhverfi. Einnig tvær grjóthrúgur sem gætu verið úr tóftum. Svæðið er um 10X10 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

### GK-004:004 heimild um útihús

63°52.596N 22°02.892V

Á túnakort frá 1918 er merkt útihús í túnjaðri um 140 m austur af bæjarhól (001). Þar er nú sléttað tún en mýri austan við það. Lækur rennur til suðurs um mýrina. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

### GK-004:005 heimild um útihús

63°52.651N 22°03.145V


Á túnakort frá 1918 er merktútihús í túnjaðri um 100 m norðvestur af bæjarhól (001). Þar er nú sléttað tún en hálfgróinn melur utan þess. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-004:006** heimild um útihús

63°52.856N 22°03.103V

"Uppi í gígskál norðan við bæjarhólinn (001) í Stóra Nýjabæ er fallett útihús," segir í Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar. Norðan við túnið er brött melhæð sem er suðurbarmur gígs, en í gígunum er Grænavatn. Í vesturhlíð gígsins er gróinn hvammur eða skál og í honum er tóft. Hvammurinn sést vel af þjóðvegi og er um 480 m norður af bæjarhólnum (001). Gróinn hvammur sem hækkar til norðurs.



Tóftin er um 10X7 m að stærð og snýr í norður suður. Hún greinist í þrjú hólf, eitt stórt sem opið er til suðurs en tvö minni við vesturvegg þess. Hið nyrðra hefur op til suðurs en hið syðra til vesturs. Hugsanlega er fjórða hólfíð á milli þessara tveggja. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, en mjög grónar þannig að umför eru ógreinileg. Hleðsluhæð er um 0,6 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 29  
**Ljósmynd:** Tóft, horft til vesturs

**GK-005 Litli Nýibær**

Hjáleiga Krýsuvíkur, í byggð 1703.

**GK-005:001** Litli Nýibær bæjarstæði bústaður

63°52.591N 22°03.493V

Gegnt Stóra Nýabæ (GK-004), sunnan við þjóðveginn er sléttað tún, þar var Litli Nýibær. Bærinn var um 300 m suður af Stóra Nýabæ, en nákvæm staðsetning er ekki kunn. Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifa, en hnit er tekið á bingu í miðju túninu, um 50X40 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:**

**GK-006 Vigdísarvellir**

1703: Hjáleiga Krýsuvíkur en nýtt sem selstaða frá Þorkötlustöðum. "Selstöðu brúkar jörðin [Þorkötlustaðir] og hefur lengi brúkað í Krýsuvíkurlandi, þar sem heitir á Vigdísarvöllum, segja menn að selstaðan sje ljeð frá Krýsuvík, en Krýsuvík aftur ljeð skipstaða fyrir Þorkötlustaðalandi." JÁM III, 14. Býlið var vestan við Sveifluháls en undir Núpshlíðarhálsi segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. 1840: Vigdísarvellir eru nýbýli frá 1830 en voru áður selstaða - SSÁ, 220, 221. Var í eyði um 1880 en byggðist á ný fram yfir aldamótin 1900 - Saga Grindavíkur II, 86-87. "Vigdísarvellir og Bali höfðu sínar eigin engjar og nærtækar, er og um nokkuð langan veg og einkar torsóttan að sækja þaðan á Krýsuvíkurengjar." Ólafur E Einarsson: Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5

**GK-006:001** Vigdísarvellir bæjarstæði bústaður

63°53.633N 22°07.300V



"Undir Núpshlíðarhálsi norðan hrauns tekur við hraunlaust graslendi, sem heitir Vigdísarvellir. Þarna voru tvær hjáleigurnar, Vigdísarvellir, ... og Bali," segir í örnefnaskrá. Vigdísarvellir eru grasvellir fyrir vestan Sveifluháls sunnanverðan, undir

Núpshlíðarhálsi austanverðum, fyrir sunnan Djúpavatn. Hægt er að komast þangað akandi eftir Djúpavatnsvegi sem liggur um Vigdísarvelli. Nú er tjaldsvæði þar í túninu. Þar sem ekið er inn á tjaldsvæðið, vestast í túninu, eru bæjartóftir Bala (GK-007:001),



fast undir Núpshlíðarhálsi. Bæjartóftir Vigdísarvalla eru austast í túninu. Öll hús á Vigdísarvöllum eru mjög greinileg og sömuleiðis túngarðurinn sem umlykur túnið. Sléttir grasvellir, en hraun fyrir sunnan. Enginn bæjarhóll er greinilegur.

"... 1879 féll sterk baðstofa á Vigdísarvöllum, en ... (í jarðskjálftunum 28. og 29. janúar 1905 ... hrundu eða stórskemmdust öll hús á Vigdísarvöllum og á Litla-Nýabæ." - ÞT Ferðabók I, 184.

Bæjartóftirnar eru um 35X20 m að stærð og greinast í sex hólf auk þriggja kálgarða. Tóftirnar snúa mót suðri og eru þrjú op á suðurhlíð. Kálgarðarnir eru síðan fyrir austan, suðaustan og suðvestan tóftirnar. Hleðslur standa grónar og hleðsluhæð er um 1 m. Ekkert grjót er sýnilegt í hleðslum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 15, 18; ÞT Ferðabók I, 184

**Ljósmynd:** Bæjartóftir, horft til vesturs

**GK-006:002** Fell heimild um býli

63°53.633N 22°07.300V

"Um miðjan 6. áratug 19. aldar var svo þriðja býlið byggt á þessum slóðum. Það nefndist Fell." segir í Sögu Grindavíkur II. Þar er aðeins getið búsetu í manntali frá 1855 og gæti verið um framhald byggðar í Bala að ræða. Ekki vitað hvar bærinn hefur verið. Fær sama hnit og Vigdísarvellir (001).

**Hættumat:**

**Heimildir:** Saga Grindavíkur II, 86-87

**GK-006:003** hleðsla óþekkt

63°54.014N 22°06.409V

Á grasvöllum austan við Djúpavatn, fyrir norðan Vigdísarvelli, er rétt, hluti hennar er gjróthlaðinn. Um 5 km norður af bæ (001). Á graslendi sunnan í hraunjaðri. Slóði liggur af Djúpavatsvegi að réttinni. Aðeins hluti hennar er gjróthlaðinn. Hleðslan liggur í vinkel, um 20 m löng í norður suður og 30 m í austur vestur. Hleðsluhæð er um 1,3 m og umför sex. Hleðslan er um 0,7 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**

**GK-006:004** garðlag túngarður

63°53.593N 22°07.764V


Umhverfis túnið á Vigdísarvöllum er túngarður. Í túni. Garðurinn er að mestu torfhláðinn og allur uppstandandi. Hleðsluhæð er um 0,7 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 1000x500 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Ljósmynd:** Túngarður, horft til austurs



**GK-006:005** tóftir útihús




Um 330 m vestan við bæjartóftir Vigdísarvalla (001), nyrst í túninu, eru þrjár tóftir. Í túni. Nyrsta tóftin er um 5X4 m að stærð, hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er einföld og op er á suðurhlíð. Hleðsluhæð er mest um 0,7 m. Um 4 m suðaustan við tóftina er önnur tóft. Hún er hringmynduð, um 3 m í þvermál með op til vesturs. Ekkert grjót er í henni. Hleðsluhæð er um 0,5. Um 2 m suðvestan við tóftina er þriðja tóftin. Sú er mjög ógreinileg, um 4 m í þvermál. Ekkert grjót er í henni, hleðsluhæð um 0,2 m. Op er ekki greinilegt. Svæðið allt er um 14X12 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-006:006** tóftir útihús

63°53.623N 22°07.747V

Vestast í túninu, en þó austan við innkeyrsluna á tjaldsvæðið, eru tvær tóftir. Þær eru um 350 m vestan við bæjartóftir (001) og um 120 m sunnan við tóftir (005). Í túni. Tóftirnar eru tvær, báðar torf- og grjóthlaðnar. Hleðslur standa grónar, mest um 1 m á hæð. Eystr tóftin er um 6,5X5 m að stærð, einföld, og snýr í norður suður. Hún hefur op á suðurhlíð. Um 10 m vestan við hana er hin tóftin. Sú er um 8,5X4 m, einföld, og snýr í austur vestur. Hún hefur op á suðurhlíð. Svæðið allt er um 24X8 m.



**Hættumat:** engin hætta

**GK-006:007** hellir fjárskýli

63°52.840N 22°08.312V

Í hrauninu fyrir sunnan Vigdísarvelli, um 1 km sunnan við túnið eru hraungígar austan við veginn (Djúpavatnsveg) og liggur slóði af veginum til austurs inn á milli gíganna. Sunnan við hann, á milli gíganna er fjárhellir. Í hrauni. Op er á hellinum til austurs og eru hleðslur fyrir því. Stígur liggur að hellinum úr norðri, frá Vigdísarvöllum, en rofnar af veginum og hverfur. Hellirinn var ekki skoðaður 2003, en hnit og upplýsingar fengust hjá heimildarmanni.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-006:008** tóft útihús 63°53.633N 22°07.300V

Um 25 m austan við bæjartóftirnar (001) er útihúsatóft. Í túni. Tóftin er um 12X4 m að stærð og snýr í austur vestur. Hún greinist í tvö hólf. Op er ekki greinilegt en gæti hafa verið á vesturhlið, en þar er dálítill dæld. Hleðsluhæð er um 0,5 m, ekkert grjót er í hleðslum. Sjá teikningu af (001).

**Hættumat:** engin hætta

**GK-006:009** tóft kálgarður 63°53.633N 22°07.300V

Um 35 m austan við bæjartóftir (001), um 8 m austan við útihúsatóft (008) er önnur tóft, líklega kálgarður. Í túni. Tóftin er um 13X8 m að stærð og snýr í norður suður. Op eru tvö, annað á suðurhlið en hitt á vesturhlið. Hleðslur eru um 0,5 m á hæð, ekkert grjót er í hleðslum. Sjá teikningu af (001).

**Hættumat:** engin hætta

**GK-006:010** tóft+garðlag útihús 63°53.633N 22°07.300V

Um 12 m norðan við tóft (009), um 55 m norðaustur af bæjartóftum (001), uppi í brekku, er lítil tóft. Í gróinni brekku sem hallar til suðurs nyrst í túninu. Tóftin er um 4,5X4 m að stærð, einföld, með op á suðurhlið. Sunnan við hana eru tvö garðbrot. Hið vestra er um 5 m á lengd en hið eystra um 2 m. Hleðsluhæð er um 0,5 m, ekkert grjót er í hleðslum. Svæðið allt er um 10x10 m að stærð. Sjá teikningu af (001).

**Hættumat:** engin hætta

## GK-007 Bali

Hjáleiga Krýsuvíkur, ekki nefnd í jarðatali 1703. Býlið var vestan við Sveifluháls en undir Núpshlíðarhálsi segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. Þar er fyst getið búsetu árið 1840 og síðast 1850 - Saga Grindavíkur II, 87. "Vigdísarvellir og Bali höfðu sínar eigin engjar og nærtækar, er og um nokkuð langan veg og einkar torsóttan að sækja þaðan á Krýsuvíkurengjar." Ólafur E Einarsson: Höfuðbólíð Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5


**GK-007:001** Bali bærstæði bústaður 63°53.654N 22°07.782V

"Undir Núpshlíðarhálsi norðan hrauns tekur við hraunlaust graslendi, sem heitir Vigdísarvellir. Þarna voru tvær hjáleigurnar, Vigdísarvellir, ... og Bali." segir í örnefnaskrá. Vigdísarvellir eru grasvellir fyrir vestan Sveifluháls sunnanverðan, undir Núpshlíðarhálsi austanverðum, fyrir sunnan Djúpavatn. Hægt er að komast þangað akandi eftir Djúpavatnsvegi sem liggur um Vigdísarvelli. Nú er tjaldsvæði þar í túninu. Þar sem ekið er inn á tjaldsvæðið, vestast í túninu, eru bæjartóftir Bala, fast undir Núpshlíðarhálsi. Bæjartóftir Vigdísarvalla (GK-006:001) eru austast í túninu um 400 m austan við Bala. Öll hús á Vigdísarvöllum eru mjög greinileg og túngarðurinn sem umlykur túnið. Sléttir grasvellir, en hraun fyrir sunnan.

Tóftir Bala eru afar greinilegar vestast í túninu, fast undir Núpshlíðarhálsi og fast austan við innkeyrsluna á tjaldsvæðið, þar sem kamarinn stendur. Þær eru torfhlaðnar, en eitthvað grjót er sýnilegt í þeim. Tóftirnar eru um 40X24 m að stærð, snúa mót suðri og eru þrjú op á suðurhlið. Þær greinast í sjö hólf, en fast fyrir vestan og sunnan þær eru miklir garðar, líklega kálgarðar. Þó gætu þeir einnig verið leifar Vigdísarvallaréttar sem var við bæinn Bala, en hrundi að mestu í jarðhræringum árið 1934 (sjá 002). Hleðslur standa grónar, allt að 1 m á hæð. Úr norðvesturhorni tóftanna liggur túngarður (GK-006:004) til norðurs upp í gil sem er í Bæjarfellinu fyrir norðan túnið. Hann er grjóthlaðinn á þessum kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 18



**GK-007:002** *Vigdísarvallarétt* tóft rétt 63°53.654N 22°07.782V

Við bæinn Bala á Vigdísarvöllum mun hafa verið rétt, Vigdísarvallarétt, en hún hrundi að mestu í jarðhræringum árið 1934. Sléttir grasvellir, en hraun fyrir sunnan. Við bæjartóftir Bala (001) eru miklir garðar (sjá teikningu af Bala 001) og má vera að þetta séu leifar réttarinnar. Hleðslur eru torfhláðnar og allt að 1 m háar. Um er að ræða þrjú samliggjandi hól sem liggja í austur vestur. Norðurveggur austasta hólsins myndar einnig suðurvegg bæjartóftanna (001). Vestasta hólfíð skiptist niður í tvö hól með einfaldri grjóthleðslu. Gengt er á milli allra hólfanna. Fær sama hnit og bæjartóftir.


**Hættumat:** engin hætta

## GK-008 Lækur

Hjáleiga Krýsuvíkur, ekki nefnd í jarðatali 1703. "Syðst í túninu [í Krýsuvík] var svo býlið Lækur." Ö-Krýsuvík, 8.

**GK-008:001** *Lækur* bæjarhóll bústaður 63°52.126N 22°03.551V

Lækur er hjáleiga Krýsuvíkur, ekki nefnd í jarðatali 1703. "Syðst í túninu [í Krýsuvík] var svo býlið Lækur" segir í örnefnalýsingu. Lækur var austan við heimreiðina, eða traðirnar (GK-001:011), að Krýsuvík, um 250 m norðaustur af bæjarhól (001:001). Bæjarhóllinn er mjög greinilegur austan við þjóðveginn, austan við lækinn sem þar rennur til suðurs. Í þýfðum móa austan við þjóðveg. Tóftirnar eru um 18X18 m að stærð, signar og hlaupnar í þúfur. Þær eru á dálitlum hól, um 20x20 m að stærð og um 1 m á hæð. Þær greinast í fjögur hól auk kálgarðs sem er norðan við þær. Fjögur op eru á tóftunum, tvö til suðurs og tvö til vesturs, og auk þess tvö á kálgarðinum, eitt til norðurs og eitt til austurs. Hleðslur eru úr torfi en grjót sýnilegt á stöku stað. Hleðsluhæð er mest um 0,8 m.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 8

**GK-008:002** þúst útihús 63°52.133N 22°03.504V


Um 50 m austan við bæjarhól (001) eru mjög signar og ógreinilegar þústir. Í þýfðum móa austan við þjóðveg. Þúfnamyndun og gróður sker staðinn frá umhverfinu og gefur til kynna að þarna eru einhverjar mannvirkjaleifar, en þær eru alveg signar og hlaupnar í þúfur svo illmögulegt er að greina þær. Hleðslur eru útflattar en svæðið er um 8X8 m.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-008:003** tóft óþekkt 63°52.134N 22°03.421V

Um 110 m austur af bæjarhól (001) er tóft. Í þýfðum móa austan við þjóðveg. Tóftin er um 4X3,5 m að stærð og snýr mót vestri. Hún er úr torfi og ekkert grjót sýnilegt í henni. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Op er á vesturhlið.

**Hættumat:** engin hætta



**GK-008:004** garðlag túngarður 63°52.126N 22°03.551V

Umhverfis Lækjartún er túngarður, vel uppistandandi. Í þýfðum móa austan við þjóðveg. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti, allt að 0,8 m á hæð. Hleðslur eru um 0,5 m á breidd. Garðurinn umlykur svæði sem er um 300X300 m.


**Hættumat:** engin hætta

## GK-009 Ísólfskáli

16 hdr. 1840, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. JÁM III, 8. Aðrar orðmyndir nafnsins eru Ísuskáli og Ísiskáli. Saga Grindavíkur I, 142.

1703: "Við til húsabótar hefur ábúandinn af reka þegar hann heppnast...Tún sendið mjög og liggur undir skriðum. Engjar öngvar. Útigangur mjög lakur...Grasa og sölvatekja er í fjörunni að nokkru gagni. Selveiði hefur áður nokkur verið og kynni enn að vera, ef ágreiningslaust væri við Krýsuvíkur ábúendur. En hjer eru misgreiningar nokkrar um landamerki og vita menn óglögt, hvör þessi hlunnindi má með rjettu brúka...Heimræði er af jörðunni vetur og sumar, en lending bág og brimasöm...Torftekja til húsaþaks og heytors sendin, og mjög bæði gagnslítill og erfið. Vatnsból er erfitt bæði til nautnar fyrir menn og pening sumar og vetur..." JÁM III, 8-9. 1840: "Slétt tún eru á Ísuskála, en lítill rækt er í þeim; litlir eru hagar þar og

fremur graslítið pláss, því fellin þar um kring að norðanverðu eru ber og graslítil eins og líka hraunið þar strax fyrir sunnan, sem nær allt til og þó langt austur fyrir Selatanga. Er þar líka vatnsskortur mikill nema fjöruvötn, sem bæði eru brúkuð til neyzlu og handa fénaði." segir í sóknarlýsingu, Landnám Ingólfs III, 141.




**GK-009:001** Ísólfskáli bæjarhóll bústaður

63°51.010N 22°18.467V

"Gamli Ísólfskáli var upp af Skálabót undir Bjallanum vestast. Þar eru nú húsatættur." segir í örnefnaskrá. Bjallinn er klettabelti sem liggur norður-suður ofan við túnið vestanvert, alveg frá sjó. Syðst og vestast í túninu, fast undir Bjallanum, er sumarbústaður en hann stendur í tóftum gamla bæjarins. Suðvestast í túninu, um 20 m norðan við sjávarkampinn.

"Á Ísólfskála féll eldhús [í jarðskjálftum 28. og 29. janúar 1905]." - ÞT Ferðabók I, 184. Athugasemd á túnakorti: "Bærinn fluttur frá sjó, byggður að stofni og kálgarðar árið 1916. Jörðin hafði þá verið í eyði 3 ár." Bærinn sem reistur var árið 1916 var timburhús og stóð hann á sama stað og steinsteypt íbúðarhús stendur nú (reist um 1930), í miðju túninu vestanverðu. Um 150 m fyrir suðvestan íbúðarhúsið er sumarbústaður sem stendur í tóftum gamla torfbæjarins sem búið var í fyrir 1916. Þar er greinilegur bæjarhóll, um 30X25 m að stærð og um 1 m hár. Sunnan undir bústaðnum sést í hluta tóftanna, en bústaðurinn hefur spillt þeim að mestu. Þrjú hólf eru greinileg og liggja frá austri til vesturs, snúa mót suðri. Öll hólfín eru opin til suðurs. Þau eru grjóthlaðin að innanverðu en tyrft er yfir og utan með þeim. Hleðslur eru mest um 1,5 m á hæð og umfór allt að átta. Fast vestan við tóftirnar liggur heimreiðin að bústaðnum norður-suður, en fyrir vestan hana liggur garðlag norður-suður. Skipan torfbæjarins var þannig að vestast var baðstofan og norðan við hana var hlóðaeldhús. Austan við baðstofuna var svo hesthús og þar austan við var skemma. Bærinn snéri mót suðri og fyrir sunnan hann var kálgarður. Fyrir sunnan bæinn og kálgarðinn þar sem nú er sjávarkampur var brunnur (031), en hann var einnig notaður eftir að bærinn var fluttur. Í honum var ágætt vatn en dálítið salt.



**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 1; ÞT Ferðabók I, 184; Túnakort 1918.

**GK-009:002** heimild um útihús

63°51.069N 22°18.061V

inn á túnakort frá 1918 er merkt útihúsasamstæða og sambyggð rétt austast í túni - kálgarðar sambyggðir réttinni að norðan. Þar voru fjárhús, timburhús. Nú er þar sléttáð tún. Ekki sést til fornleifar. Norðaustast í túni er nokkuð af grjóti sem gæti verið leifar húsanna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-009:003** *Gvendarvör* heimild um lendingu

63°50.859N 22°18.388V


"Austast í Skálábót [gamli Ísólfskáli (001), var upp af Skálábót] eru klapparflúðir, sem heita Vötnin. Þar kemur ósalt vatn um fjöru. Skammt austur af Vötnunum eru sléttar klappir, Gvendarklöpp, og beint suður af henni er Gvendarsker. Þar heitir lendingin Gvendarvör.", segir í örnefnaskrá. " ... var þar aðallending Ísólfskálabænda." segir í Sögu Grindavíkur I. Gvendarvör er um 300 m austsuðaustur af bæjarhól (001), sunnan við háan grjótkampinn sunnan við Nótarhól og Byrgishól (015). Svartar hraunklappir í sjó fram.

"Heimræði er af jörðunni vetur og sumar, en lending bág og brimasöm..." segir í jarðabók Árna og Páls. "Þar var lent, þegar gott var í sjó. Miðið í vörina er, að austurhorn Gvendarskers á að jaðra við Nótarhól þar til vörin opnast inn og hægt er að slá undan.", segir í örnefnaskrá. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** engin hætt**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 1; Saga Grindavíkur I, 50; JÁM III, 8-9**GK-009:004** *Hestagerði* tóft rétt

63°50.868N 22°18.225V

"Nótarhóll er hóll upp af Gvendarvör [003]...Norðvestur af Nótarhól er smágerði, sem kallað er Hestagerði.", segir í örnefnaskrá. Í hraunjaðri sunnan við túnið, um 330 m austur af bæjarhól (001) og um 50 m norðnorðvestur af Byrgishól (015) er gerði. Í dálftilli lægd í vestanverðum hraunjaðrinum og sést því ekki frá bænum. Gerðið er grjóthlaðið en hleðslur eru signar. Það er einfalt og muna hafa verið hestarétt. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og umföer þrjú. Gerðið snýr austur-vestur, með op á austurhlíð og hugsanlega einnig á vesturhlíð. Stærð þess er um 27X15 m. Hlaðið utaní hraunklöpp að norðanverðu.

**Hættumat:** engin hætt**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 2**GK-009:005** *gata leið*

63°50.914N 22°18.163V

Leið milli Ísólfskála og Selatanga, u.þ.b. klukkustundar ganga og talin hálfnuð við Hraunsnes: "Í fjörunni austur af Nótarhól [sem er upp af Gvendarvör (003)] eru tveir svartir klettur, sem heita Svörtuklettur... Heimastibás er vestasti básinn. Hraunsnes skagar í sjó fram þar fyrir austan. Þar er talin hálfnuð leið frá Ísólfskála að Selatöngum, en þessi leið er talin um það bil klukkustundar gangur.", segir í örnefnaskrá. Leiðin liggur um apalhraun, með sjó. Leiðin lá austur úr sunnanverðu túninu á Ísólfskála og svo með sjónum í gegnum úfið hraunið að Selatöngum. Það sér móta fyrir leiðinni suðaustan við túnið. Hún var ekki vörðuð, a.m.k. ekki öll, og hafði ekkert sérstakt heiti. Engar vörður sjást nú.

**Hættumat:** engin hætt**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 2**GK-009:006** *Smíðahellir* hellir smíðja

63°50.426N 22°15.007V

"Austan undir hraunnefinu eru fjórir hellar og var einn þessa smíðahellir og sést þar enn steinskál, sem notuð var til kælingar.", segir í örnefnaskrá. Smíðahellir er í Katlahrauni sem er vestur af Selatöngum, í Mölvík austarlega. Farið er til vesturs frá bílplani á Selatöngum. Hellirinn er um 5 km austur af bæ (001). Í apalhrauni. Í hellinum munu sjómenn á Selatöngum hafa haft athvarf til að nýta reka til smíða, en Kálfatjarnarkirkja átti þar reka. Hellirinn fannst ekki við leit en hnit fékkst hjá heimildarmanni. Samkvæmt heimildarmanni er steinskálin nú horfin.

**Hættumat:** engin hætt**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 3**GK-009:007** *Brunnar* örnefni brunnur

63°50.360N 22°14.515V

"Fyrir norðaustan Dágon eru smátjarnir, kallaðir Brunnar.", segir í örnefnaskrá. Dágon (030) er klettastallur í fjöruborðinu fast vestan við Selatanga. Hann er á merkjum milli Krýsuvíkur og Ísólfskála, en er nú að mestu niðurbrotinn. Dágon var einnig notaður sem sundmerki á Tangasundi og átti þá að bera í Skalla. Fyrir norðan hann, vestan við sjálfa Selatanga (001:054) eru náttúrulegar smátjarnir sem sjómenn nýttu sem vatnsból. Þar var útbúinn brunnur en hann er nú uppfylltur og horfinn. Smátjarnir í hrauni. Tjarnirnar nefnast Brunnar eða Brunntjarnir. Vatnið í tjörnunum var blanda af sjó og grunnvatni og því ekki alveg ferskt. Í brunnum þraut vatn aldrei. Sjávarfalla gætti bæði í brunnum og tjörnunum. Heimildarmaður fyllti sjálfur upp í brunnum eftir að dauð rolla fannst ofan í honum haustið 1930. Hann hafði áður verið meira en mannhæðar djúpur.


**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Ísólfskáli, 3

**GK-009:008** *Borgin* tóft fjárskýli

63°51.625N 22°18.419V

"Ef farið er vestast í landareignina þá eru Móklettur [024] vestast (norðaustan í Festi)...Suður frá Móklettum er Lyngfell og austur úr því er Litliháls. Þar austur af er Litla-Borgarhraun og þar í er hlaðin hringmynduð fjárborg, sem kölluð er Borgin.", segir í örnefnaskrá. Slaga heitir fjallið fyrir norðan Ísólfskála, en í því sunnanverðu er klettabelti sem liggur í boga í austur vestur fast fyrir norðan þjóðveginn. Malarslóði liggur til norðurs með vesturhlíð Slögu og greinist síðan í tvennt, annarsvegar má þá aka áfram til norðurs í átt að Borgarfjalli eða til austurs í átt að Selsvöllum (012). Ef numið er staðar við miðja vesturhlíð Slögu, er gróið hraun vestan við slóðann. Í því miðju er gróinn hóll sem hallar til suðurs, líklega gamall hraungígur. Á honum er greinileg hringlaga hleðsla, fjárborg, sem kölluð er Borgin. Á hæð í grónu hrauni.



**Ljósmynd:**Borgin, horft til norðurs

Borgin er um 14 m í þvermál að innanmáli. Hún er grjóthlaðin en hleðslur eru fallnar að mestu. Grjót er fremur stórt, ótilhöggvið og mjög mosavaxið. Í norðurhluta standa hleðslur enn á um 2 m kafla. Hleðsluhæð er þar um 0,7 m og umfór þrjú. Op er á borginni til suðvesturs. Nyrst í borginni innanverðri er lítil kró, um 2X1,5 m að innanmáli. Ekkert op greinilegt. Önnur kró eða hólf er hlaðið utan í borgina norðaustanverða, það er um 5X1,5 m að innanmáli. Ekkert op greinilegt. Úr suðausturhluta borgarinnar liggur hleðsla í boga til vesturs og myndar hólf sem opið er til vesturs. Talsvert hrun er allstaðar umhverfis hleðslurnar. Aldur fjárborgarinnar er óþekktur en hún mun vera reist löngu fyrir tíð síðasta ábúanda á Ísólfskála, sem kom þangað 1916.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Ísólfskáli, 3

**GK-009:009** *Hattur* náttúrumin manndómsraun

63°51.260N 22°18.359V

"Þjallinn heitir klettastallur og nær frá Hjálmarbjalla og inn í Ból, sem er undir fellinu Slögu vestast. Hæðarbunga vestan undir Slögu heitir Slögubringur. Stór klettur er þar, sem Hattur heitir en er skráður á kort sem Grettistak.", segir í örnefnaskrá. Slaga heitir fjallið fyrir norðan Ísólfskála, en í því sunnanverðu er klettabelti sem liggur í boga í austur vestur fast fyrir norðan þjóðveginn. Malarslóði liggur til norðurs með vesturhlíð Slögu og greinist síðan í tvennt, annarsvegar má þá aka áfram til norðurs í átt að Borgarfjalli eða til austurs í átt að Selsvöllum (012). Við miðja vesturhlíð Slögu liggur slóðinn fast austan við sérkennilegan móbergsklett sem nefndur er Hattur. Kletturinn sést vel af þjóðveginum. Stakur móbergsklettur á gróðurlausum mel. Kletturinn er stór og mikill og dregur nafn af lögun sinni en neðrihluti hans er vindsorfinn, þannig að efri hlutinn hvelfist yfir hann eins og hattur. Hann er ekki grettistak í jarðfræðilegri merkingu, því hann er jarðfastur.



**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Ísólfskáli, 3

**Ljósmynd:**Hattur, horft til vesturs

**GK-009:010** *Méltunnuklif* gata leið

63°51.400N 22°14.804V

"Méltunnuklif er norð-norðaustan í Skálamælifelli. Þar er gamli vegurinn í nokkuð brattri og þröngri brekku...", segir í örnefnaskrá. "Vestan við Grákvíghraun er Höfðinn, sem er nokkur hár...Norðan við Höfðann, aðskilið af mjóu skarði, er Sandfell. Um þetta skarð liggur gata, sem lá um sunnanvert Þráinsskallahraun (Skolahraun) austur í svonefnd Þrengsli, en það er grasræma eða lægð, sem myndast milli Núpshlíðar að austan og hraunsins að vestan.", segir í örnefnaskrá AG. Leiðin lá austur í Hraunssel, frá Hrauni. Lá eins og þjóðvegurinn liggur nú, frá Hrauni norður fyrir Festi og svo í austur meðfram Slögu sem er hamrabelti norðan við Ísólfskála.

Austan við Slögu tekur svo við Skála-Mælifell, en þar sveigði leiðin austur fyrir fellið upp svonefnt Meltunnuklif. Þaðan lá leiðin svo í norðaustur milli Höfðans að austan og Sandfells að vestan í átt að Hraunsseli (022). Þaðan má svo halda áfram í norður um þrengsli og á Selsvelli (012). Í Meltunnuklifi liggur leiðin um mikinn bratta, "...og segir sagan að þar hafi farið mjöltunna af hesti og niður fyrir.", segir í ornefnaskrá.

Á þessari leið er varða sem Bjarni Einarsson skráði sumarið 2000: "Á hól, ca. 50-60 m suður af malarvegi. Í hrauni. Varða. úr hraungrjóti, 1 x 1,3 m (N - S) við rótina og 1,8 m há. Varðan er vel hlaðin. Ca. 50 m SV af vörðunni er ung varða (ekki skráð sérstaklega). Varðan hefur varðað gömlu þjóðleiðina frá Krýsuvík að Ísólfskála. ... 5 m suður af vörðunni er járnteinn, trépinni og hæðarpunktur VG 95 503." Varðan hefur hnitíð 63°51.12 N 022°16.47 W. Leiðin er mjög greinileg fyrir norðan Festi, þar liggur hún alveg í brekkurótum fyrir sunnan þjóðveginn. Austan við Festi hverfur hún. Fyrir vestan Skála-Mælifell eru tvær vörður og eitt vörðubrot í hrauninu um 20 m sunnan við þjóðveginn. Þær gætu hafa markað leiðina. Annars eru ekki greinilegar vörður annarstaðar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4; Suðurstrandarvegur nr. 2300:8; Ö-Hraun AG, 3

**GK-009:011** gata leið 63°51.622N 22°17.577V

"Austan við mitt Sandfell er götuslóði yfir hraunið austur í Hraunssel fremst [022].", segir í ornefnaskrá. Slaga heitir fjallið fyrir norðan Ísólfskála, en í því sunnanverðu er klettabelti sem liggur í boga í austur vestur fast fyrir norðan þjóðveginn. Malarlóði liggur til norðurs með vesturhlíð Slögu og greinist síðan í tvennt, annarsvegur má þá aka áfram til norðurs í átt að Borgarfjalli eða til austurs í átt að Selsvöllum (012). Leiðin lá frá Hrauni eins og leið (010) fyrir norðan Festi, en síðan frá Festi í austnorðaustur yfir hraunið sunnan við Borgina (008) og svo eins og malarlóðinn fyrir norðan Slögu, framhjá Drykkjarsteini (019), sem var áningarstaður á leiðinni. Þaðan í norðaustur að Sandfelli og þá austur yfir hraunið í Hraunssel (022). Þessa leið er hægt að aka á jeppa. Fyrir sunnan Sandfell liggur leiðin um hálfgróna eða ógróna mela að mestu. Þá liggur hún til austurs yfir mjög mosavaxið, úfið apalhraun. Á milli Festar og Slögu, í hrauninu fyrir sunnan Borgina (008), sér móta fyrir leiðinni. Síðan liggur hún líklega nokkurn veginn eins og malarlóðinn, og er því ekki greinileg.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 5

**GK-009:012** Selsvellir tóftir sel 63°54.634N 22°08.338V

"...Hraunsseli, sem eru tættur sels frá Hrauni í Grindavík. Þrengsli eru þar innar með hálsinum þar sem hraunið gengur næst hálsinum að vestan. Síðan taka við Selsvellir og þar upp af Selsvallafjall. Selsvellir ná inn að Grænavatnseggjum en svo nefnist brúin á hálsinum, þar sem Grænavatn er austur af...Grænavatnseggjar ná inn í Sog. Sogin eru gilskorningur í Vesturhálsinum. Sogaseldalur er grasigróinn gýgur vestast í Sogunum og þar var sel frá Flekkuvík.", segir í ornefnaskrá Vesturháls. Norður af Núpshlíðarhálsi, norðan við Þrengsli, tekur við Selsvallafjall og eru Selsvellir vestan við það á graslendinu milli hrauns og fjalls. Hægt er að aka alla leið í Selsvelli á góðum jeppa eftir leið (011). Selsvellir eru um 10 km norðaustur af bæ (001). Selsvellir eru sléttir grasvellir milli hraunsins að vestan og fjalls að austan, norðan við Þrengsli sem kölluð eru þar sem hraunið nær alveg austur að fjallsrótum. Lítil lækur rennur þarna niður hlíðina og vestur engjarnar og hverfur undir hraunið.


Staður í Grindavík átti selstöðuna á Selsvöllum, sbr. 1703: "Selstaða góð til haga, en langt og erfitt að sækja, hefur þó hjeðan frá staðnum brúkuð verið lxxx ár á Selsvöllum." - JÁM III, 22.

1840: "Eftir jarðabókinni 1760 á Staður selstöðu á Selsvöllum, þó það nú sýnist orðið almennings selstaða úr allri Grindavík." segir í sóknarlýsingu og ennfremur: "Selsvellir eru héðan í landnorður upp í fellum, og er Keilir, þegar í sel þetta er komið, rétt í útnorður. Stundur selið í Strandarmannalandi eður fyrir norðan Grindavíkur landamerki. Þar er all-grösugt, en bízt fljótt upp, því allir bæir í sókninni nema Hraun hafa þar í seli, og þó að engu góldi Staðarprestinum. Vilja menn hér, gjöra þessa selstöðu almennings, og þyrfti þó ei að vera. ... Sú mun og orsök, að allir hafa þyrpzt á Selsvelli, því þar er dálítill rennandi lækur rétt við selið."

1883: "Selvellir eru stórar grassléttur norður með hálsinum norðanverðum, allt norður fyrir Trölladyngju. Er þar ágætt haglendi og vatn nóg, lækur, sem fellur úr hálsinum niður undir hraunið. Þar hefir áður verið sel frá Stað í Grindavík, en er nú af tekið. Sjást þar enn tvennar eða þrennar seltóttir. Nú hafa menn þar nokkurs konar afrétt og reka þangað fé og hesta, enda er þar fríðara land og byggilegra en víða þar, sem mikil byggð er. Væri það nóg land fyrir 2-3 bæi, því bæði eru slægjur nógar á völlum og ágæt beit á hálsinum." segir í ÞT Ferðabók I, 180.

Guðrún Gísladóttir lýsir tóftum á Selsvöllum í skýrslu frá 1993: "Á Selsvöllum eru rústirnar mjög fallnar en má þó vel greina þær enn. ... Þarna eru rústir í hraunjaðrinum sem liggur vestan Selsvalla og uppi undir hlíðinni. Haft var í seli á Selsvöllum þegar á 17. öld og jafnvel fyrr. Selstaðan tilheyrði prestsetrinu á Stað í Grindavík. Um miðja 19. öldina var gróður og jarðvegseyðing þó orðin svo alvarleg að bændur í Grindavík höfðu nánast allir í seli á Selsvöllum við fátæklegar undirtektir Staðarprestsins." - Árið 1703 höfðust útilegubjófar við í helli við Selsvelli og í helli hjá Hvernum eina í nokkrar vikur - þeir voru gripnir og hengdir á alþingi sama ár – segir Ólafur Briem í Útilegumenn og auðar tóttir.

Á Selsvöllum eru selstöftir á tveimur stöðum. Annars vegar fast undir Selsvallafjalli, og mun það vera eldra selið. Hnit þess er 63°54.634 N, 22°08.338 V. Í hraunjaðrinum suðvestast á völlum er önnur tóftaþyrping og er það yngra selið. Hnit þess er 63°54.567 N, 22°08.698 V. Í eldra selinu, því eystra, eru fjórar tóftir, allar mjög signar og hlaupnar í þúfur. Sú austasta er stærst, um 12X9 m að stærð og snýr í norður suður. Þrjú hólf eru greinileg en hafa líklega verið fleiri. Tvö op eru greinileg, annað á vesturhlíð og hitt á suðurhlíð. Tóftin er torfhláðin og nær ekkert grjót greinilegt í henni. Um 10 m vestan við tóftina er önnur minni. Sú er um 8X4 m að stærð, einföld, og snýr mót vestri. Op er á vesturhlíð. Tóftin er torfhláðin en eitthvað er af grjóti í henni, engar grjóthleðslur þó. Um 20 m vestan við þessa tóft er þriðja tóftin. Hún er um 8X4 m að stærð, einföld og snýr í norður suður. Tóftin er mjög signar og op er ekki greinilegt. Hún er úr torfi og ekkert grjót greinilegt í henni. Um 6 m sunnan við hana er fjórða tóftin. Hún er um 6X3,5 m að stærð og snýr í norður suður. Hún er mjög signar og op er ekki greinilegt. Tóftin er einföld, torfhláðin og ekkert grjót greinilegt í henni. Um 25 m sunnan við þessa tóft er greinileg bunga og mikil þúfnamyndun á henni. Hún er um 10X8 m að stærð og snýr í norður suður. Greinilegt er að þar hefur eitthvert mannvirki verið. Svæðið allt er um 50X50 m að stærð. Í yngra selinu, sem er um 300 m vestan við eldra selið, munu vera sex tóftir, greinilegri en hinar eystri. Þær eru alveg við hraunjaðarinn en tvær tóftir eru í hrauninu. Yngra svæðið var ekki skoðað sumarið 2003 en lýsing og hnit fékkst hjá heimildarmanni. Hann lýsir svæðinu svo: "Hluti selstóttanna kúra í vesturhorni vallanna fast við hraunkantinn og þar eru a.m.k. þrjár kofaþyrpingar og tveir nokkuð stórir stekkir nálægt þeim. Úti í hrauninu, fast við tóttirnar, er einn kofi og lítið gerði á grasbletti. Skúti er undir kletti á bak við miðtóttirnar."



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vesturháls, 1; JÁM III, 22. SSGK, 134; ÞT Ferðabók I, 180; Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 22; Ólafur Briem ÚAT, 154-55.

**GK-009:013** *Eystri-Tangagata* heimild um leið 63°51.038N 22°13.048V

"Eystri-Tangagata liggur frá Skalla [hnúkur sem gengur suður úr Núphlíð og er á mörkum Vígðisarvalla og Ísólfskála] og yfir hraunið fram á Selatanga...", segir í örnefnaskrá. Um 300 m austan við vegslóða sem liggur að Selatöngum (001:054) er varða sunnan við þjóðveginn. Þar lá leiðin suðvestur yfir hraunið að Selatöngum. Yfir úfið, mosavaxið apalhraun. Fleiri vörður eru ekki greinilegar. Ekki sér móta fyrir götunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4

**GK-009:014** *Vestri-Tangagata* gata leið 63°51.091N 22°13.369V


"...Vestri-Tangagata frá Skálagörm [það er jarðsig suð-suðvestan í Núphlíð og liggur frá jafnsléttu að gamla veginum norðan Núphlíðar] og fram á Selatanga." segir í örnefnaskrá. Leiðin lá frá vestanverðri Núphlíð suðvestur á Selatanga (001:054), nokkurn veginn þar sem slóði liggur fram á tangana núna. Yfir úfið, mosavaxið apalhraun. Hluti af bílveginum liggur saman við þessa gömlu leið, en einhver hluti leiðarinnar lá fyrir austan veginn. Sér móta fyrir í hrauninu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4

**GK-009:015** *Nótarhól* tóftir herslubyrgi 63°50.833N 22°18.230V

"Nótarhóll er hóll upp af Gvendarvör [003]...", segir í örnefnaskrá. Nótarhóll er að mestu horfinn í grjótkampinn, en fyrir austan hann er uppgróinn hraunhóll sem heitir Byrgishóll. Um 400 m austur af bæjarhól (001). Vestan við hólinn er grjótkampur en annars úfið, mosavaxið hraun.



"Á Nótarhól var byrgi.", segir í örnefnaskrá AG. Það má vera að á Nótarhól hafi verið byrgi, en það er þá horfið nú. Líklegt er að skrásetjari örnefnaskrár hafi átt við Byrgishól, en á honum er byrgi og sést það sem svört grjóthruða frá Ísólfskála. Það er um 4X4 m að stærð og samfallið. Hleðslur hafa verið úr hraungrýti. Op ekki greinilegt. Í hrauninu umhverfis Byrgishól eru mörg byrgi og eru mörg þeirra vel standandi. Öll eru hlaðin úr hraungrýti, hleðsluhæð mest um 1 m og umför allt að sex. Svæðið allt er um 50X50 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ísólfskáli, 1; Ö-Ísólfskáli AG, 1

**GK-009:016** garðlag herslugarður 63°51.013N 22°18.591V

Um 100 m vestur af bæjarhól (001), uppi á Bjallanum, eru herslugarðar. Gróið en grýtt svæði sem hækkar til norðurs uppi á klettabrúninni vestan við túnið. Suðaustast á klettabrúninni eru grjóthlaðnir garðar sem liggja bæði austur-vestur og norður-suður. Hleðslur eru signar, mest tvö umför og hleðsluhæð um 0,3 m. Garðarnir voru hlaðnir eftir 1916. Svæðið er um 20X20 m.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-009:017** Ból hellir fjárskýli 63°51.160N 22°18.182V

"...Mælifellsskarð. Vestan þess tekur svo við fjall allmikið, sem heitir Slaga. Rétt innan við bæinn skagar klapparnef fram úr Slögunni, sem heitir Skollanef...Fremst í Slögunni, rétt við túnið innanvert, er Fjárnól, við alllangan hamravegg.", segir í örnefnaskrá AG. "Bjallinn er klettastallur og nær frá Hjalmarbjalla og inn í Ból, sem er undir fellinu Slögu vestast.", segir í örnefnaskrá. Slaga heitir fjallið fyrir norðan Ísólfskála. Í því er bogadreginn hamraveggur í austur vestur. Vestast í þessu hamrabelti er lágur skúti þar sem fé leitaði skjóls. Um 350 m norður af bæjarhól (001). Undir bogadregnu hamrabeltinu eru ógrónar snarbrattar skriður allstaðar nema vestast, undir skútanum, en þar er grasræma.

"Hellisskúti þar sem fé var geymt í.", segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Engar hleðslur eru þarna, en fé leitaði gjarnan skjóls í skútanum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ísólfskáli AG, 4; Ö-Ísólfskáli,3; Ö-Ísólfskáli svör, 1

**GK-009:018** garðlag varnargarður 63°51.234N 22°18.632V

"...Mælifellsskarð. Vestan þess tekur svo við fjall allmikið, sem heitir Slaga...Vestur af Slögunni er gróðurlítið svæði, sem nefnt er Melar. Vestan við þá heitir Lágar. Þær eru vestan við veginn og langur grjótgardur hlaðinn þeim til varnar.", segir í örnefnaskrá AG. Lágar heitir sléttlendið fyrir austan Festi, uppi á hæðinni áður en ekið er niður að Ísólfskála. Þar eru stæðilegir grjótgarda beggja vegna vegarins. Gróið sléttlendi.

"Er mikið hér af slíkum gördum og víða með mjög fallegu handbragði.", segir í örnefnaskrá AG. Gardur liggur meðfram veginum, suðvestan við hann, en minni garðar sunnan við hann og einnig austan við veginn. Þeir sem eru vestan vegarins eru eldri, en þó hlaðnir eftir 1916. Þeir sem eru austan vegarins eru hlaðnir eftir 1950. Gardarnir hlaðnir til varnar honum. Nú er svæðið allt gróið. Gardarnir eru mörg hundruð metrar í heildina. Svæðið sem gardarnir ná yfir er um 300x300 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ísólfskáli AG, 4

**Ljósmynd:**Varnargarður, horft til vesturs



**GK-009:019** Drykkjarsteinn þjóðsaga áfangastaður 63°51.621N 22°17.578V

"...Mælifellsskarð. Vestan þess tekur svo við fjall allmikið, sem heitir Slaga...Norðanvert við Slöguna er Drykkjarsteinn.", segir í örnefnaskrá AG. "Drykkjarsteinsdalur er norðan við Slögu vestanvert. Þar í er Drykkjarsteinn. Það er stakur móklettur við fjallshlíðina með nokkuð djúpa skál en litla um sig, og þar stóð oftast vatn í, sem var kærkomin svölun ferðamönnum, því lítið er um yfirborðsvatn á þessum slóðum. Skálin er nú sprungin og ekkert vatn þar lengur að hafa.", segir í örnefnaskrá. Slaga heitir fjallið fyrir norðan



Ísólfskála og norðan við það, fast sunnan við vegarslóða sem þar liggur í austur vestur, er stakur móbergssklettur nefndur Drykkjarsteinn. Þar var áningarstaður ferðamanna er fóru þarna um, en leið (011) lá framhjá Drykkjarsteini austur í Hraunssel (022). Stakur móbergssklettur á ógrónum mel við rætur Slögu að norðan.

"Hans er víða getið, vegna þess að þar fengu ferðamenn oft svölun. Hans er einnig getið í þjóðsögum.", segir í örnefnaskrá AG.

1840: "... frá Krýsuvík út eða vestur til Grindavíkur, annar [vegur], og til Njarðvíkur sá vestlægari vegur. Skiptast þeir hjá Drykkjarsteini, markverðum þess vegna, að í enni stærstu holu, sem í hönum eru, fæst eður hefur oftast verið vatn, nema máske í allra langvaranlegustu þerrum, til svölunar ferðafólki á þessum langa vatnslausa vegi. En fyrir fáum árum síðan skyldu nokkrir ferðamenn örmæddir af þorsta ekki hafa fundið vatn í steinsholunni og einn þeirra fyrir þann skuld ósæmt í hana, og er sagt, að síðan hafi hún verið jafnan þurr. ... Steinn þessi stendur á þurru aurnelsholti." segir í lýsingu Selvogspinga 1840.

1883: "Frá Ísólfskála riðum við upp á Selvelli við Núpshlíðarháls. Á leiðinni er á einum stað, á hálsi nokkru fyrir norðaustan Ísólfskála, svokallaður Drykkjarsteinn. Það er stór móbergsteinn með djúpum holum í. Sezt þar stundum vatn í holurnar, og er það kærkomið ferðamönnum í sumarhita." ÞT Ferðabók I, 180.

Bungumyndaður móbergssklettur. Í honum austanverðum eru tvær náttúrulegar holur eða skálar og safnaðist fyrir vatn í þeim. Áðu ferðamenn gjarnan við Drykkjarstein til að svala þorsta sínum. Nú mun ver komin sprunga í klettinn svo ekkert vatn safnast í skálarnar lengur.

**Hættumat:** engin hætt


**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4; Ö-Ísólfskáli AG, 5; SSSÁ, 222; ÞT Ferðabók I, 180

**Ljósmynd:** Drykkjarsteinn, horft til vesturs

**GK-009:020** Skálarétt gerði rétt

63°51.049N 22°18.320V

Fast norðan við núverandi íbúðarhús á Ísólfskála, um 130 m norðaustan við bæjarhól (001), er gerði. Þar var áður rétt, en síðan nýtt sem kálgarður. Í túni. Gerðið er hlaðið úr torfi og grjóti, snýr í norður suður og er opið til suðurs. Það er um 16X14 m að stærð. Hleðslur standa grónar, um 1 m á hæð en umför ógreinileg. Úr norðvesturhorni þess liggur garðlag til vesturs í átt að Ballanum. Þarna var rétt eftir 1916, kölluð Skálarétt, en síðan var hún flutt norður að Borgarfjalli (GK-010:056). Þá var gerðið nýtt sem kálgarður.



**Hættumat:** hætt

**GK-009:021** Náthagi örnefni náthagi

63°51.940N 22°17.427V

"Vestur frá Langhrygg norður af Slögu í Ísólfskála, er sandlægð, sem heitir Náthagi. Þetta er leirkvos og vestan hennar rís upp Borgarfjall. Vestan Borgarfjalls er Náthagakriki.", segir í örnefnaskrá Hrauns. Á líklega að vera austan Borgarfjalls en ekki vestan. Ef keyrt er eftir slóðanum sem liggur vestan í Slögu framhjá Hatti (009) (og austur fyrir hana að Drykkjarsteini (019) og þaðan í Hraunssel (022)), þá greinist hann í tvennt áður en komið er að Drykkjarsteini. Ef ekið er norður í átt að Borgarfjalli og svo til austurs með rótum þess er komið í dálítinn dal sem nefnist Náthagi. Algjörlega gróðursnauður dalur utan lítillar grasræmu vestast, í austanverðu Borgarfjalli. Þar hjá, í miðjum dalnum er uppþornað vatnsból. Náthagaskarð er nefnt í Sögu Grindavíkur I, 61. Þangað voru kýr reknar frá Ísólfskála. Engar fornleifar eru þar.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Hraun, 5; Saga Grindavíkur I, 61.


**GK-009:022** Hraunssel tóftir sel

63°53.158N 22°10.513V

"Austan við mitt Sandfell er götuslóði yfir hraunið austur í Hraunssel fremst. Inn með Núpshlíðarhálsinum að vestan eru tættur, sem Hraunssel heita.", segir í örnefnaskrá. Þangað er hægt að komast akandi eftir leið (011). Hraunssel er um 3,3 km fyrir sunnan Selsvelli (012) fast vestan undir Núpshlíðarhálsi, um 7 km norðaustur af bæ (001). Á sléttum grasvelli, ekki breiðum, milli mosagróins hraunjaðars að vestan og hálsins að austan.

"...sem eru tættur sels frá Hrauni í Grindavík.", segir í örnefnaskrá Vesturháls.

1840: "Litlu vestar en Selsvellir er selstaða frá Hrauni; hér er árlega haft í seli frá bæ þessum, og eru landamerkin milli seljanna í svo



kölluðum Þrengslum." segir í sóknarlýsingu.

1883: "Komum við fyrst að Hraunsseli (155 m). Það er nú í rústum, en ágætt gras er í kring og dálítill vatnsdeigla í klettunum fyrir ofan." ÞT Ferðabók I, 180. Guðrún Gísladóttir lýsir Hraunsseli í skýrslu frá 1993: "Veggjarhleðslur uppi standandi þótt þær hafi látið á sjá. Þarna var sel frá Hrauni."

Tóftirnar eru mjög greinilegar þótt signar séu og grónar. Hleðslur eru allar úr torfi og grjóti, mest um 0,5 m á hæð og umför allt að þrjú. Alls eru þar fjórar tóftir. Sú syðsta er stærst eða um 12X4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún greinist í þrjú hólf og er op á þeim öllum til vesturs. Um 2 m norðan við tóftina er önnur tóft. Sú er um 9X4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún greinist í tvö hólf og er op á því eystra til norðurs en til suðurs á því vestra. Um 5 m norðvestan við þessa tóft er þriðja tóftin. Sú er hringmynduð og hefur op til suðurs. Hún er um 4,5X4,5 m að stærð. Um 35 m fyrir suðvestan þessa tóft er fjórða tóftin. Hún er mjög sigin og ekkert grjót sýnilegt í henni. Hún snýr norður-suður og virðist greinast í tvö hólf. Hið syðra hefur op til vesturs en hið nyrðra til austurs. Tóftin er um 7X4 m að stærð og virðist vera eldri en hinar tóftirnar. Svæðið allt er um 45X30 m

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Ísólffsskáli, 5; Ö-Vesturháls, 1; SSGK, 144; ÞT Ferðabók I, 180; Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 29

**Ljósmynd:**Hraunssel, horft til vesturs



**GK-009:023** gata leið

63°51.242N 22°18.619V

1840: "[frá Hrauni] verður að fara almenningsveg upp svokallaða Hálsa, kringum Festarfjall og niður á hægri hönd að sjó, hvar bærinn stendur." segir í sóknarlýsingu. Leið milli Hrauns og Ísólffsskála lá frá Hrauni í austur, upp Siglubergsháls og norður fyrir Festi, um Mókletta (024) og þá suður á túnið nyrst af Bjallanum. Fyrir vestan Festi liggur leiðin um hálfgróna mela, en síðan í grónum norðurhlíðum Festar og niður á túnið á Ísólffsskála. Slóðinn sést vel þar sem hann liggur í norðurhlíðum Festarfjalls, sunnan við þjóðveginn en hverfur áður en komið er í Mókletta. Þá sést einnig vel hvar gatan kemur niður nyrst af Bjallanum, sem er hamrabelti við vestanvert túnið á Ísólffsskála, suðvestan við þar sem þjóðvegurinn liggur nú í brekku til austurs.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**SSGK, 141.

**GK-009:024** Móklettur áletrun landamerki

63°51.836N 22°19.562V

"Fyrir botni Hraunsvíkur er fjallið Festi. Í áberandi stuðlabergsgangi austarlega í fjallinu eru landamerki Ísólffsskála og Hrauns. Heitir þar Festin. Þaðan eru merkin í móbergsstrýtur og hnúka norðan undir Festi. Þar eru tákni um landamerkin klöppuð á hellu norðan við veginn. Þeir heita Móklettur.", segir í örnefnaskrá. Móklettur eru mjög áberandi móbergsgangur sem gengur til norðurs úr Festarfjalli austanverðu, sá sami berggangur og nefndur er Festi í Festarfjalli sunnanverðu. Þjóðvegurinn liggur í sveig um á milli þessara móbergskletta. Klettarnir eru dökkbrúnir að lit og skera sig mjög úr umhverfinu. Gróðurlaust er umhverfis þá. Þegar ekið er austur þjóðveginn er áletrunin fast norðan vegarins þar sem hann kemur úr beygjuni í gegnum Mókletta. Um 10 m norðvestan við veginn, klöppuð neðarlega á litla móbergsklöpp neðan við aðalbergganginn. Áletrunin snýr í suðaustur að veginum og getur jafnvel sést af honum. Þar stendur: "1890 V".

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Ísólffsskáli, 1

**Ljósmynd:**Áletrun í Móbergsklettum



**GK-009:025** heimild um verbúð

63°51.010N 22°18.467V

"Brynjólfur biskup Sveinsson var fyrstur Skálholtsbiskupa til að hefja útgerð frá jörðinni, og lét hann reisa þar verbúð fyrir skipshöfnina á stólsskipinu. Hversu lengi útgerð stólsins á Ísólffsskála stóð, er óljóst, en 1734 fórst

þar stólsskip og drukknuðu þá 10 menn." Ekki er vitað hvar verbúðin hefur staðið. Má vera að tóftirnar séu löngu horfnar undir kampinn en sjórinn gengur þarna mjög á landið. Ekki sést til fornleifar. Fær sama hnit og bæjarhóll (001).

**Hættumat:**

**Heimildir:**Saga Grindavíkur I, 143, 213.

**GK-009:026** mannvirki refagildra 63°50.402N 22°14.490V

Í Sögu Grindavíkur II, 94 er ljósmynd af refagildru "í Katlahrauni vestan Selatanga, frá tíð Guðmundar Hannessonar á Ísólfskála." Í hrauninu um 50 m vestan við bílastæðið á Selatöngum er grjóthlaðin refagildra. Í úfnu hrauni. Guðmundur bjó á Ísólfskála frá 1880 til 1901. Gildran fannst ekki, en hnit fékkst hjá heimildarmanni.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Saga Grindavíkur II, 94.

**GK-009:027** garðlag túngarður 63°50.966N 22°18.029V

Í suðausturhorni túnsins á Ísólfskála, um 370 m austur af bæjarhól (001), er garðlag. Það liggur úr suðausturhorni túnsins (sem er girt) til suðvesturs. Nyrst liggur garðlagið um hálfgróinn sand sunnan túnsins en síðan um gróið apalhraun í átt að sjávarkamp. Garðlagið hefur verið grjóthlaðið en hleðslur eru alveg fallnar. Það er um 100 m langt. Líklegast er að það sé gamall túngarður, en sjórinn hefur gegnið mjög á landið og spillt túnum. Tún hafa líklega náð mun sunnar en nú er áður fyrir, áður en bærinn var fluttur norðar.

**Hættumat:** engin hættu

**GK-009:028** garðlag óþekkt 63°51.217N 22°18.037V

Fjallið norðan við Ísólfskála heitir Slaga. Á gróinni grasspildu undir Slögu vestanverðri er garðlag. Garðlagið er um 200 m langt og liggur í austur vestur. Það nær upp að skriðufætinum bæði að austan og vestan og lokar þannig af allstóra grasspildu undir brattri skriðunni. Líklega hefur þetta verið einhverskonar vörslugarður. Hleðslur eru úr grjóti en signar og um 0,4 m á breidd. Hæð þeirra er mest um 0,3 m og umför tvö.

**Hættumat:** engin hættu

**GK-009:029** mannvirki refagildra 63°50.318N 22°14.740V

Í Katlahrauni fyrir vestan Nótahelli eru tvær refagildrur. Í úfnu hrauni. Gildrurnar eru grjóthlaðnar, hleðslur standa. Þær voru ekki skoðaðar sumarið 2003 en hnit fékkst hjá heimildarmanni.

**Hættumat:**

**GK-009:030** Dágon áletrun landamerki 63°50.360N 22°14.515V

Dágon er klettastallur í fjöruborðinu fast vestan við Selatanga (001:054). Hann er á merkjum milli Krýsuvíkur og Ísólfskála, en er nú að mestu niðurbrotinn. Dágon var einnig notaður sem sundmerki á Tangasundi og átti þá að bera í Skalla. Klettastallur í fjöruborði.

Dágon er hraunklettur í fjöruborði fast vestan við Selatanga (001:054) og sést enn til hans þótt sjórinn hafi brotið af honum. Vestan við hann er annar hærri klettur og enn annar uppi á bakkanum. Á sléttar grágrýtisklappir við Dágon mun vera klappað "LM" og sést það á stórstraumsfjöru. Kletturinn sást en áletrunin ekki þar sem ekki var hægt að komast að henni.

**Hættumat:** hættu sjávarrofs

**GK-009:031** frásögn brunnur 63°51.010N 22°18.467V

Bjallinn er klettabelti sem liggur norður-suður ofan við túnið vestanvert, alveg frá sjó. Syðst og vestast í túninu, fast undir Bjallanum, er sumarbústaður en hann stendur í tóftum gamla bæjarins. Fast fyrir sunnan bæinn var kálgarður og sunnan við hann, þar sem nú er sjávarkampur, var brunur. Grýttur sjávarkampur. Brunnurinn var gerður á meðan bærinn stóð þarna, en var einnig notaður eftir að hann var fluttur norðar í túnið. Í honum var ágætt vatn en dálítið salt. Brunnurinn er nú fyrir löngu horfinn í sjávarkampinn og engin ummerki um hann að sjá.

**Hættumat:** engin hættu


## **GK-010 Hraun**

26 hdr. 1840, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. JÁM III, 9. 1847: Jarðardýrleiki 25 hdr. JJ, 84. Hjáleigur

1703: Vatnagarður, Garðhús (í eyði) og ein ónefnd við heimabæinn. JÁM III, 10-11. Hjáleigur í örnefnaskrá: Draugagerði, Bakkar (Litla-Hraun), Sunnuhvoll, Hrauntún. Ö-Hraun LJ, 1.

1703: "Rekavon í betra lagi...Heimræði er árið um kring en lending voveifleg...Engjar öngvar. Útigangur í lakasta máta hjer í sveit." JÁM III, 9-10. Heimildir frá 18. öld gefa nokkra hugmynd um bújörðina Hraun, og virðast af þeim sem hún hafi þá verið einna lökust í sveitinni. Saga Grindavíkur I, 135.

1840: "Þar eru falleg tún og vel ræktuð; hefir nefndur hreppstjóri [Jón Jónsson] látið mikið slétta í túni sínu, og er þar þó ekkert illþýfi. ... láglandið allt um kring túnið að vestan, norðan og útnorðanverðu er svart lausandur og lágur hraunklappir ... Vatnsskortur er mikill á bæ þessum ... Eigi verður þar höfð nokkur skepna heima á sumrum, og eru allir hestar daglega fluttir langt í burtu á bak við Fiskidalsfell, þó brúka eigi strax að morgni. Bágt er þar og með beiti í fjöru á vetrum, því fjara er þar allsstaðar há, en lítið útgrynni. Gengur því oftast fé og hross í Þorkötlustaðanesi um vetur, hvar, eins og á öllum bæjum í Grindavík, er betri fjara en á Hrauni." Landnám Ingólfs III, 140.




**GK-010:001 Hraun** bæjarhóll bústaður

63°50.664N 22°22.674V

"Bærinn stendur við sjó vestanvert við Hraunsvík, rétt utast við hana vestanverða.", segir í örnefnaskrá AG. Sá bær sem sýndur er á túnakorti 1918 var reistur um 1825. Það voru tvö timburhús. Þau stóðu um 50 m austsuðaustur af núverandi íbúðarhúsi (þ.e. því eldra), rétt vestan við fjárhúsin og skemmu (003) sem enn standa. Nokkurn veginn á sama stað, eða litlu austar, stóð áður torfbær og var hlóðældhús úr honum notað allt til ársins 1929 er eldra íbúðarhúsið á Hrauni var reist (stendur enn). Utan í skemmu (003) og fjárhúsum vestanverðum eru hleðslur sem munu vera leifar heygarða er tilheyrðu gamla bænum á Hrauni. Annars er nú sléttáð malarplan vestan við fjárhús og skemmu.

1840: "Bær þessi er hinn allra reisulegasti í sókninni...uppbyggð nú í seinni tíð þrjú stór og reisuleg timburhús." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það mótar fyrir bæjarhóll, eða smá upphækkun, um 30X20 m að stærð



og um 1 m á hæð. Fast vestan við skemmuna og fjárhúsið eru tveir garðar, sem munu vera leifar heygarða er tilheyrðu gamla bænum. Nyrðri garðurinn liggur til vesturs frá norðurenda skemmunnar (003) um 8 m, en sveigir þá til suðurs um 8 m. Hann er hlaðinn úr tilhöggnu grjóti en tyrft er utan með hleðslunum. Hleðsluhæð er um 1,6 m og breidd þeirra um 2 m. Utan í garðinum vestanverðum er óljós tóft. Hún er um 2,5x4,5 m að stærð og opin til suðurs. Garðurinn myndar austurvegg tóftarinnar. Hleðslur eru signar, um 0,5 m á hæð. Þær eru úr torfi og ekkert grjót að sjá. Syðri garðurinn liggur í norður suður utan í vesturvegg fjárhússins um 9 m. Þá sveigir hann til vesturs um 5 m. Garðurinn er hlaðinn úr tilhöggnu grjóti, um 1,6 m á hæð og um 1,5 m á breidd. Umför grjóts eru allt að tólf. Garðarnir eru líklega ekki mjög gamlir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 1; SSGK, 140; Túnakort 1918

**GK-010:002** heimild um fjós

63°50.668N 22°22.700V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús í kálgarði um 20 m suður af bænum. Þar stóð fjós, um 50 m suðaustur af núverandi íbúðarhúsi, suðvestan við bæjarhól (001). Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifar. Fjósíð var úr torfi og grjóti og tók sex nautgripi á bás. Það var rífið 1948-49.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:003** hús skemma

63°50.668N 22°22.657V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt stórt útihús um 20 m austur af bænum 001, sunnan við heimreið. Það er skemma sem enn stendur. Hún var reist fyrir aldamótin 1900 úr rekavið. Hún stendur í kirkjugarði (007), en bein komu upp við smíði hennar. Umhverfis skemmuna er nú slétt plan. Vestan við skemmuna var gamli bærinn (001) á Hrauni og eru utan í henni hleðslur, leifar heygarða. Sunnan í skemmuni stendur nú fjárhús, en þar var áður sjómannastofa úr torfi og grjóti áföst skemmuni. Hún var rífin um 1932. Skemman er um 10X6 m að stærð (sjá teikningu 001).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:004** gerði kálgarður


63°50.663N 22°22.617V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 30 m austur af bænum 001, norðan við heimreið. Heimildarmaður kannast ekki við að þarna hafi verið hús, en kálgarður var þar. Austan við skemmu (003) er kálgarðstóft, um 5 m vestan við sjávarkampinn. Hafi þar verið útihús hefur það líklega staðið í eða við kálgarðinn. Á smá grasræmu meðfram sjávarkampinum við Hraunsvíkina vestanverða.

Gerðið er mjög sigið og gróið. Það er torf- og grjóthlaðið og liggur í vinkel. Hleðsla austur-vestur er um 6,5 m löng en sú sem liggur norður suður er um 10 m. Þar sem veggir mætast er rof, hugsanlega op. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför þrjú. Stórar hraunhellur eru í hleðslum hér og þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1918



**GK-010:005** Sauðagerði tóft+garðlag fjárhús

63°50.731N 22°22.545V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús austast í túni. "Í túninu eru engin nöfn en gerðið austur af túninu er nefnt Sauðagerði.", segir í örnefnaskrá AG. Um 150 m austur af bæjarhól (001), í austurenda túns þar sem túngarðurinn (026) gengur fram í sjávarkampinn, er tvískipt tóft. Túnið kallast þarna Sauðagerði og voru þar fjárhús og hesthús. Tóftin er á grasræmu meðfram sjávarkampi utan núverandi túns. Umhverfis hana er sléttáð tún, en suðaustan hennar er grýttur sjávarkampur.



Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er tvískipt. Hún er um 9,5X4 m að stærð. Nyrðra hólfið er minna, en þar var

hesthús. Á því er op á austurvegg. Í syðra hólfinu voru fjárhús. Á því er op á suðurvegg. Hleðslur eru úr grjóti en tyrft er yfir hleðslur í syðra hólfinu. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför allt að tíu. Hleðslur standa að mestu grónar en eru þó fallnar í suðvesturhorni. Mikið er af grjóti í sverðinum umhverfis tóftina. Um 2 m sunnan við tóftina er garðbrot, um 3,5 m langt og liggur í norður suður. Það er mjög sigið og gróið en hefur þó líklega verið grjóthlaðið. Húsin voru notað allt til 1950-51 að skorið var niður vegna mæðuveiki á Hrauni og fóru þau eftir það í niðurníðslu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Hraun AG, 2

**Ljósmynd:** Tóft, horft til norðvesturs

**GK-010:006** tóft útihús

63°50.756N 22°22.622V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús byggt við túngarð (026) í norðausturhorni túns, þar var íshús. Það var um 200 m norðnorðaustur af bæjarhól (001). Sunnan við er sléttað tún en norðan við túngarðinn liggur malarvegur suðaustur á sjávarkampinn frá þjóðvegi. Tóftin er niðurgrafin í brekku fast sunnan í túngarðinum. Hún er um 1,5 m á dýpt og grjóthlaðin að innan úr stóru grjóti. Umför eru allt að átta. Tóftin er um 6X3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á austurvegg hennar. Túngarðurinn myndar norðurvegg tóftarinnar og er mun veglegri og sterkbyggðari á þessum stað en annarstaðar. Húsið var íshús. Í það var safnað snjó á vetrum sem svo var blandaður salti og notaður til geymslu á beitu.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:007** heimild um bænhús

63°50.675N 22°22.663V

1840: "Á Hrauni var forðum bænhús, en ei veit ég hvenær aflagt, og ei heldur fæ ég upplýst, hverjir bæir sóttu þangað kirkju." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Gullbringu- og Kjósarsýslu. "Sker út af Vatnagarði kemur aðeins upp úr á stórstraumfjöru og er kallað Klobbasker. Sagt er, að það hafi komið upp, þegar bænhús var aflagt á Hrauni (sennil. á 17. öld).", segir í örnefnaskrá LJ. Bænhústóft var áður fast norðan við nyrðri heygarðann (001) sem enn stendur vestan við skemmuna (003) og eru leifar frá gamla bænum á Hrauni (sjá teikningu 001). Kirkjugarðurinn mun hafa verið fyrir austan og sunnan tóftina, en hún var í norðvesturhorni hans. Þar er nú gróinn bíslóði í austur vestur fram á kampinn. Umhverfis hefur verið sléttað.

"Enginn vafi leikur þó á því, að kirkja hafi verið á Hrauni á miðöldum og allt fram yfir 1600, og virðist hún hafa gegnt mikilvægu hlutverki. Við vitum að sönnu ekki með vissu, hvenær kirkjan var reist, en...voru líkur leiddar að því, að með "Lónalandi", sem getið er um í Vilkinsmáldaga, væri átt við Hraun. Fáí sú tilgáta staðist, er ljóst að kirkja hefur verið risin á Hrauni árið 1397 og vafalaust allnokkru fyrr, en í Vilkinsmáldaga segir um "Lónaland" og kirkjuna þar, að Staðarkirkja eigi fjórðung í jörðinni og "...skal sá hafa leigu af þeim sem kirkju varðveitir slíka sem settist við þann er þar býr." Með þessu er átt við það, að til Staðar skyldu renna leigur af jarðarpartinum eftir því sem umsemdist milli þess, er gætti kirkjunnar í "Lónalandi", og ábúenda þar. Á hinn bóginn kemur ekki fram, hver þar var, sem gæta skyldi kirkjunnar. Hún virðist því ekki hafa verið prestsskyld, engar heimildir eru fyrir því, að til hennar hafi verið goldin neins konar gjöld eða tollar, og er því líklegast, að Staðarklerkar hafi samið um kirkjugæsluna við ábúandann á "Lónalandi" (Hrauni). Engar heimildir eru um kirkjuna á Hrauni frá 15. og 16. öld. Árið 1602 skýtur henni skyndilega upp í annálum, en við það ár segir Fitjaannáll: "Þá druknuðu á stóra farmaskipi Skálholtsstaðar 24 manneskjur með einni stúlku, fyrir framan Þorkötlustaði í Grindavík..og voru þeir flestir jarðaðir í bænhúsinu í Grindavík á Hrauni." Þessi útför hefur væntanlega verið ein síðasta kirkjulega athöfnin, sem framkvæmd var í kirkjunni, eða í bænhúsinu, á Hrauni.



Kirkjan mun hafa verið aflögð skömmu eftir þetta og í Chorographica Islandica, sem rituð var um 1700, segir Árni Magnússon: "Á Hrauni í Grindavík hefur verið kirkja. Sér enn til kirkjugarðs og stendur þar nú í staðinn skemma. Þessi kirkja er nú fallin fyrir um 100 árum ongefer (circa vel paulo ante annum 1600)." Saga Grindavíkur I, 137-38. Í vísitasíu Staðar frá 1642 kemur fram að kirkjan þar átti klukku "sem kom frá Hrauni" - Saga Grindavíkur I, 108-109.

1840: "Á Hrauni var forðum bænahús, en ei veit ég hvenær aflagt, og ei heldur fæ ég upplýst, hverjir bæir sóttu þangað kirkju."SSG.

Á svæðinu öllu voru áður miklar tættur en þeim ýtt burt um 1955. Ekki sést nú til fornleifar, en tóftin mun hafa verið um 4X3 m á stærð og verið í norðvesturhorni kirkjugarðsins. Gaflinn að austan hefur verið timburþiljaður þar sem þar voru engar hleðslur, en annars torf- og grjóthlaðin. Við tóftina, eða í henni, fannst steinn með dæld eða bolla (sjá ljósmynd). Hann er um 0,6 m á hæð og nokkurn veginn ferkantaður. Í honum er manngerður bolli, um 30X30 cm að innanmáli og um 10 cm djúpur. Hefur verið talað um hann sem skírnarfont. Hugsanlega sér móta fyrir endimörkum kirkjugarðsins að norðan og austanverðu, sem lækkun niður á túnið að norðan en gróin ræma meðfram sjávarkampi að austan. Ekkert grjót né hleðslur sýnilegar. Engin leiði eða nokkurt þýfi er heldur að sjá, en sé þetta rétt staðsetning garðsins hefur allt verið sléttað innan hans. Svæðið frá því þar sem bænhústóft mun hafa verið og að endimörkum garðsins að austan er um 30 m. Breiddin er óljós, e.t.v. um 20 m. Skemma (003) var reist fyrir aldamótin 1900 í kirkjugarðinum vestanverðum (líklega) og fundust bein við smíði hennar. Skemman stendur þar enn á sama stað. Austan við kirkjugarðinn, við sjávarkampinn, er varnargarður úr mjög stóru grjóti. Ábúandi á Hrauni lét gera garðinn vorið 2003 til þess að varna því að sjórin raskaði kirkjugarðinum, en hann gengur þarna mjög á landið. Ólíklegt er þó að sjór hafi þegar náð að raska kirkjugarðinum, nema garðurinn hafi verið mjög stór.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:**SSGK, 141; Ö-Hraun LJ, 1; Saga Grindavíkur I, 108-109, 137-138;

**Ljósmynd:**Steinn með dæld eða bolla sem fannst í bænhústóft

**GK-010:008** *Kapellulág* tóft bænhús 63°51.067N 22°21.745V

"Milli Festar [berggangur sem gengur úr Festarfjalli] og Dunkshellis upp með hömrnum með sjó er Hraunssandur. Heldur nær bæ en hellirinn er Hvalhóll. Rétt vestan við Hvalhól er smávík, sem heitir Hrólfsvík. Upp af henni er lægðardrag, sem nefnt er Kapellulág.", segir í örnefnaskrá AG. "Skeljabót er næst fyrir norðan Bótina [021]. Þar eru k[ ]appir nefndar Skeljabótarklappir. Vondafjara er þar fyrir norðan. Síðan kemur Hrólfsvík, Efri-og Fremri-með skeri á milli...Upp af Efri-Hrólfsvík er grjóthruga og kölluð Ræningjabæli. Þar gróf dr. Kristján Eldjárn, þegar hann var þjóðminjavörður, og taldi hann að þetta hefði verið enzkur verslunarstaður.", segir í örnefnaskrá LJ. "Á Hraunssandi, um það bil einum kílómetra fyrir austan Hraun, er örnefnið Kapellulág." segir í Sögu Grindavíkur I. "Ca. 8 m SA af malarvegi og 26 m SV af hæl 5150" segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Um 1,2 km austan við Hraun (001), um 8 m sunnan við þjóðveg er hálfgróin grjóthruga, mjög ólöguleg að sjá, og í henni er staur sem á stendur "Friðlýstar minjar". Á hálfgrónum mel sunnan þjóðvegjar.

FRÍÐLÝSTAR MINJAR. "Lítill rúst í Kapellulág, við veginn á Siglubergsháls." Friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938. - Fornleifaskrá, 13. "Þar er smágrjótrúst. Er til þjóðsaga um rúst þessa.", segir í örnefnaskrá AG.

Rannsókn í Gullbringu og Árnassýslu sumarið 1902 eftir Brynjúlf Jónsson: "Kapellulág heitir lægðardrag nokkurt upp með veginum sem liggur frá Hrauni í Grindavík upp á hálsinn (Siglubergsháls). Í draginu er dálítill grjótrúst, nokkuð grasgróin, svo sem 3 al. í þvermál að ofan, en fláir utan og virðast vera nokkuð hrunin. Naumast er hún yfir I al. á hæð. Nafnið Kapellulág bendir til þess, að hér hafi verið Kapella, án efa ætluð ferðamönnum til að gjöra þar bæn sína áður en þeir lögðu á Krýsuvíkurhálsa, sem hafa verið álitnir hættulegir eftir að jarðeldar runnu þar ofan. Rústin er raunar lítil til að vera kapellutóft. En hafi kapellan verið af timbri og grunnur af grjóti undir, þá mundi rústin svara því, að vera leifar af þeim grunni. Einkennileg munnmælasaga hefir myndast um þessa rúst. Hún er á þá leið: Þá er Tyrkir rændu í Grindavík (1627), flýði drengur einn undan þeim, ríðandi á rauðri meri, og hleypti upp veg. Einn af Tyrkjunum elti hann, og var svo fljótur á fæti, að hann náði honum í Kapellulág. Þreif hann þá í tagl merarinnar. En hún sló báðum afturfótum fyrir brjóst honum svo hart, að hann lá dauður eftir. Var hann þá dysjaður, og á rústin að vera dys hans." BJ



Fornleifarannsókn í Kapellulág 1954: "Á sjávarbakknum um 200 m suðaustur frá dysinni er grasi gróinn hóll, sem heitir Hvalhóll. Menn taka mið af þessum hól, þegar hann ber í dysina frá sjónum séð, og heitir þetta mið "Húsið". Í því nafni felst sjálfsagt réttari bending um uppruna þessa mannvirkis en í

munnmælasögunni...Það var þegar í stað ljóst við rannsóknina, að við höfðum fyrir okkur lítið hús eða hústóft, sem var barmafull af mold, sandi og grjóti, innveggir lítið sem ekki hrundir, en útveggir mjög hrundir og steinar úr þeim skriðir út á alla vegu. Af því skapaðist dysjarútlitið og þá einnig nafnið og loks munnmælasagan um Tyrkjann. Í miðnafninu Húsið hefur hins vegar geymt minning um, að þetta hafði í upphafi verið hús. Það hefur verið ótrúlega lítið, 2,20 m að lengd og 1,20 m að breidd. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti í 1 m hæð og standa vel að innan, lítið eitt fláandi upp eftir, þ.e. hallast út. Veggjarþykktin hefur verið um 1 m, eftir því sem næst verður komizt. Húsið hefur snúið frá austri til vesturs, þó lítið eitt til norðvesturs. Vesturgafli hefur verið úr timbri og dyr á að norðan. Í þeim hefur verið eins konar stétt af smásteinum. Við syðri langvegginn lágu tvær stórar myndarlegar hellur, og hefur hin fremri náð alveg fram undan þilstafninum, sem beinlínis virðist hafa hvílt á henni. Eitthvað virðist hafa hvílt á þessum hellum við suðurvegginn, t.d. borð eða bekkur. Fremri hellan er 15 sm þykk, og álíka hátt þrep er í dyrunum við hliðina á henni, enda er gólfíð þetta lægra en hlaðið fyrir framan...fannst ein látunsplata með stöppuðu verki þar sem efst varð vart við mannvistarleifar. Þegar neðar dró, fjölgaði fundnum hlutum, svo að lokum urðu þeir undra margir...Ekkert bendir til þess, að hús þetta hafi verið kapella, annað en nafnið Kapellulág. Rústin sjálf var ekki kölluð Kapella, heldur Dysin. Miðnafnið Húsið er fremur bending um, að hús þetta hafi ekki verið kapella. Ekki er þarna heldur neinn svo hættulegur staður, að eðlilegt væri að hafa þar bænhús fyrir vegfarendur, enda örstutt að Hrauni, þar sem áður var kirkja. Þrátt fyrir þetta hefur þó getað verið einhverjar ástæður til þess að þarna væri reist kapella, en heimildir og staðhættir mæla ekki sérstaklega með því, og formleifafundurinn mælir því mikið heldur í gegn, þótt hann afsanni það ekki að fullu. Til dæmis snýr húsið í vestur án þess að sjáist, hvernig á því stendur, jafnvel snýr það dálítið skakkt uppi á móti brekku, eins og nokkuð hafi þótt við liggja, að það sneri einmitt þannig. En ekki er þetta nógu veigamikilið til þess að halda meg fram þess vegna, að húsið hafi verið bænhús. Þegar hinir mörgu smáhlutir komu fram á svo litlum bletti og loks enskur peningur í þokkabót, hvarflar hugurinn óneitanlega að verzlun Englendinga hér á miðöldum. Eins og kunnugt er var Grindavík einmitt sá staður, þar sem þeir stóðu hvað föstustum fótum. Gat það verið, að þarna væri beinlínis fundin svolítill ensk búðarhola, þar sem einkum hefði verið verzlauð með kvenlegan glysvarning?...Að öllu athuguðu held ég helzt, að hús þetta hafi verið verkstofa málmsmiðs. Því til sönnunar tel fyrst og fremst það, að sumir smáhlutirnir virðast greinilega ekki fullgerðir...Afklippur úr látúni og tini virðast benda í sömu átt. Skýlt er þó að vekja athygli á, að ekki fundust nein merki um, að bræddur hefði verið málmur á þessum stað, hvorki málmdropar né gjall, deiglubrot eða þess háttar. En ekki afsannar það, að þarna hafi hafzt við maður, sem hafði það að atvinnu að smíða hluti ýmsa, sem þarna fundust. Einkennilegast er staðarvalið. Að vísu er ekki ljóst, hvernig umhverfi hússins hefur verið á miðöldum, þó að trúlegt sé, að þá þegar hafi það verið mjög blásið, og hefði það þó ekki þurft að gera smiðnum neitt til. Hitt er torskýrðara, hversu einangrað þetta hús er og snauð að öllum mannvistarleifum öðrum. Þarna er fá merki, sem mannabyggð lætur venjulega eftir sig, mjög lítil aska og matarúrgangur. Þótt smiðurinn hefði verið einsetumaður og hirtur í þessum ótrúlega litla kofa, ættu slík merki ekki að leynd sé, ef ekki hefði vistin staðið því skemur. Helzt verður að hugsa sér, að þarna hafi einn maður hafzt við aðeins örskamma hríð, segjum eitt sumar eða nokkra mánuði. Slík vist hefði ekki þurft að láta eftir sig nein veruleg merki. Verður nú um sinn að una við þessa skýringu, þótt henni sé um margt áfátt, unz eitthvað kann að koma fram, sem varpar nýju ljósi á þennan einkennilega fund." segir í rannsóknarskýrslu Kristjáns Eldjárns frá 1954. Athugasemd frá Kristjáni Eldjárni um Kapellulág í Grindavík árið 1979: "Fyrir nokkru benti Þórður Tómasson mér á merkilega heimild sem fram hjá mér fór en miklu máli skiptir. Í Biskupa-annálum séra Jóns Egilssonar, sem hann skrifaði rétt eftir 1600, segir svo um biskupstíð herra Gissurar Einarssonar (þ.e. 1542-1548): "Á hans dögum slógust þeir Erlendur á Strönd og menn hans við Engelska í Grindavík, og fengu menn Erlends miklar skemmdir. Hann lét og þar um bil drepa tvo menn engelska, saklausa, - þeir lágu eftir, - annan á Bjarnarstöðum í Selvogi, þar í dyrunum, er hét Jón Daltun; hann sendi eptir honum í Fljótshlíð austur. Annan lét hann drepa á sandinum fyrir ofan Hraun í Grindavík, þar sem nú er kapellan; sá hét Nikulás". - Safn til sögu Íslands I, Kph. 1853, bls. 86...þarna skrifar greinagóður maður um 1600 að Kapella sé á Hraunssandi...Í fljótu bragði mætti þetta virðast ótrúlega lítið guðshús, jafnvel þótt kapella sé, á eyðilegum stað...Lítill bænhús við alfaraveg voru (og eru) víða til í kaþólskum löndum. Hér á landi eru dæmi um slíkt mjög fá. Þess vegna væri mikil um vert að geta með vissu sagt að litla húsið í Kapellulág sé í raun réttir slíkur helgistaður." KE.

Sumarið 2000 kom Bjarni Einarsson í Kapellulág: "5 x 6 m (NA-SV). veggir úr grjóti, en form á rústinni ekki sýnilegt. Rústin er 0,6 m há og mjög blásin. Friðlýsingarhæll er utan í rústinni að NV verðu." Dysin hefur hnitið 63°51.04 N 022°21.45 W.

Þústin er um 0,5 m á hæð. Mikið er af grjóti í henni en einnig ýmislegt drasl, járnbrak o.þ.h.. Ekki er að merkja að um tóft sé að ræða. Þústin er um 5X3 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:**Ö-Hraun AG, 2; Ö-Hraun LJ, 2; BJ í Árb. 1903, 47-48; Saga Grindavíkur I, 138; KE í Árb. 1955-

1956, 18-20, 31-32; KE í Árb. 1979, 187-188; Suðurstrandarvegur nr. 2300-13; Fornleifaskrá, 13  
**Ljósmynd:** Þúst í Kapellulág, horft til austurs

**GK-010:009** *Vatnagarðar* tóft býli

"...niðri í túninu, Vatnagarðar. Þar var eitt sinn býli.", segir í örnefnaskrá AG. "Vatnagarður, syðst í túninu.", segir í örnefnaskrá LJ. Um 150 m beint suður af núverandi bæjarhúsum á Hrauni, en í suðsuðvestur af bæjarhól (001) eru tóftir Vatnagarðs. Í jaðri sléttaðs túns. Fast sunnan tóftanna er lægð og í henni er vatnsstæði.

63°50.602N 22°22.770V



1703: Vatnagarður. Hjáleiga."JÁM III. Tóftirnar eru um 14,5X8

m að stærð og snúa austur-vestur. Þær skiptast í þrjú hólf. Op eru þrjú til suðurs. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, allt að 1,5 m á hæð. Umföer eru mest tólf í vestustu tóftinni en annars um átta. Grjót er tilhöggvið. Hugsanlegt tóftarbrott er fyrir austan tóftirnar. Tóftirnar eru á bungumynduðum bæjarhól um 15X10 m að stærð og um 1 m á hæð.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 2; JÁM III, 10; Ö-Hraun LJ, 1

**GK-010:010** *Sauðagerði* garðlag kálgarður

63°50.743N 22°22.520V

Um 20 m norðaustan við fjár- og hesthústöft (005), í norðausturenda túns fast við



túngarðinn (026) sunnanverðan, eru kálgarðsleifar. Þær eru um 150 m norðaustur af bæjarhól (001). Sunnan í túngarðinum (026), austan við sléttað tún og fast norðan við grýttan sjávarkamp. Túngarðurinn er á þessum slóðum grjóthlaðinn að mestu en tyrft er yfir hleðslur á stöku stað. Hann myndar norðurvegg garðanna. Hólfin eru fjögur, öll fremur smá og liggja í austur vestur. Suðurveggur er horfinn að mestu nema í vestasta hólfinu, en það er þó dálítill lækkun til suðurs. Hleðsluhæð túngarðs er þarna um 1,5 m en skilveggir milli hólfna eru mest um 0,5 m og eru úr torfi og grjóti. Talsvert er af grjóti í hólfunum. Garðarnir eru alls um 30X6 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:011** frásögn smiðja

63°50.664N 22°22.639V

Þar sem nú stendur fjárhús sunnan í skemmu (003) austast á bæjarhólnum (001) var áður smiðjutóft. Nú stendur þar fjárhús á sléttuðu plani. Smiðjutóftin var u.þ.b. í miðju fjárhúsinu eða rétt austan við mitt húsið. Smiðjan var rifin eftir 1910 og fjárhúsin byggð 1947-8, en tóftin var greinileg fram að því. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:012** þúst legstaður

"Á austanverðu Fagradalsfjalli er hóll, sem heitir Stórhóll, rétt vestur af Náthagaskarði. Norður af honum er laut og svo djúpir dalir með grasflöt, nefndir Geldingadalir. Þar er þúst á flöt, og er sagt, að þar sé Ísólfur á Skála grafinn.", segir í örnefnaskrá AG. "Vildi hann vera grafinn, þar sem geldingarnir hans hefðu það sem bezt.", segir í örnefnaskrá AG. Þessi þúst er í raun stór og mikil móklöpp, en framan við hana eru þrjár eða fjórir steinar í röð. Staðurinn var ekki skoðaður 2003.

**Hættumat:**

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 6

**GK-010:013** *Dalssel* heimild um sel

63°54.957N 22°17.694V

"Rétt innan við Innstadal, norður undir hrauninu, sem hér heitir Dalahraun, eru Nauthólsflatir, og austast á þeim er hóll, sem heitir Nauthóll...Innst með Fagradalsfjalli, eða beint norðan þess, er gamalt sel, sem hét Dalssel, og inn af því undir vesturhorni fellsins, sem heitir Fagradals-Vatnsfell, er Fagradals-Hagafell.", segir í örnefnaskrá AG. Dalssel er norðan við mitt Fagradalsfjall, sem er norðan við Borgarfjall. Um 10 km norðaustur af bæ (001). Þar er þurr lækjarfarvegur austur vestur og er selið sunnan við hann, norðan í grashól. Tóftirnar eru þrjár. Selið fannst ekki við leit sumarið 2003 en lýsing og hnit fékkst hjá heimildarmanni.

**Hættumat:****Heimildir:**Ö-Hraun AG, 6**GK-010:014 Sandakravegur** gata leið

63°51.824N 22°19.749V

"...norður af Höfða er Sandfellið...Vestan við Leggjabrjótshraun, Fagradalsfjalls. Næst við Kálffell er Eldborgir. Svo tekur við mikið hraunflæmi og afarfornt, sem heitir Dalahraun...Skammt vestur af Fagradalsfjalli er í því tveir hólar með talsverðu millibili, og heita þeir Innri-Sandhóll og Sandhóll, sem er hærri og sunnar. Meðfram fellinu liggur hér gamall vegur, norðan úr Vogum, og heitir hann Sandakravegur. Lá hann um Móhálsa.", segir í örnefnaskrá AG. Leiðin liggur frá Hrauni í austur upp Siglubergsháls vestan í Festarfjalli. Þá liggur hún til norðurs meðfram Fagradalsfjalli vestanverðu og þá til norðvesturs inn á Skógfellsveg að Vogum. Leiðin lá um hálfgróna mela að Festarfjalli en þar fyrir norðan um gróin hraun.


1840: "Sá norðasti [aðalvegur] kallast Sandakravegur; liggur hann í norður útnorður út úr þeim eina alfaravegi austanmanna, sem frá Ölfusinu og Selvogi er hingað, skammt fyrir austan og ofan Hraun ..., fram hjá Fiskidalsfelli og Skógfellunum, sem öll eru að vestanverðu við veginn, og kemur maður af honum ofan á Vogastapa." segir í Sýslu- og sóknarlýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það sér fyrir götunni fyrir sunnan og austan þjóðveginn á Siglubergshálsi og einnig eitthvað í hrauninu fyrir norðan Festarfjall. Ruddur slóði í grónu hrauni, um 1 m breiður.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Hraun AG, 7; SSGK, 129**GK-010:015 Bakkar** tóft býli

63°50.748N 22°22.760V

Hjáleiga: "Bakkar (eða Litla-Hraun) norðan núverandi húsa." segir í örnefnaskrá LJ. Um 200 m norður af bæjarhól (001), fast sunnan við þjóðveg eru tóftir Bakka. Þjóðvegurinn liggur fast norðan við tóftirnar og fast fyrir austan þær liggur malarslóði af þjóðvegi til suðurs fram á sjávarkampinn. Um 50 m fyrir sunnan tóftirnar liggur túngarðurinn (026) í austnorðaustur vestsuðvestur.

Tóftirnar eru á greinilegum bungumynduðum bæjarhól um 2 m háum, en syðst í honum var nýlega grafinn kartöflukofi. Hóllinn er um 30X30 m að stærð. Bærinn var þrjár burstir og snéri mót vestri. Tóftirnar eru torf- og grjóthlaðnar alls um 20X25 m að stærð og skiptast í tvö greinileg hólf norð- og suðaustast á hólnum. Á milli þeirra er eitthvað af grjóti en ekki greinileg hólf. Syðra hólfíð er um 5x4 m að stærð, hlaðið úr torfi og grjóti. Vesturvegg vantar og hefur þar líklega verið timburpil. Með innanverðum norður og suðurvegg eru einfaldar grjóthleðslur. Nyrðra hólfíð er um 5x5 m að stærð, grjóthlaðið. Veggheðslur ná hvergi alveg saman á hornum nema í norðvesturhorni. Fast vestan við bæjartóftirnar er kálgarður og myndar hann vesturvegg nyrðra hólsins. Gerðið er opið til suðurs. Hleðslur eru víða grónar og signar en heillegri annarstaðar. Hleðsluhæð er mest um 0,7 m og umfór fimm.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Ö-Hraun LJ, 1**GK-010:016 Sunnuhvoll** bæjarstaði býli


63°50.700N 22°22.754V

Hjáleiga: "Sunnuhvoll norðvestan við Hraun...", segir í örnefnaskrá LJ. Sunnuhvoll var þar sem heimreið að Hrauni liggur suður af þjóðvegi, miðja vegu milli þjóðvegur og bæjarhúsa, þar sem er ljósastaur við heimreiðina. Bærinn var m 150 m norðvestur af bæjarhól (001). Þar er nú sléttá plan og heimreið. Ekki sést til fornleifar. Bærinn snéri mót vestri. Fast vestan við heimreiðina þar sem bærinn stóð er tóft (051), en þar var hesthús frá Sunnuhvoli.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Ö-Hraun LJ, 1; Túnakort 1918**GK-010:017 Hrauntún** tóftaþyrping býli

63°50.684N 22°22.863V

Hjáleiga: "Sunnuhvoll [016] norðvestan við Hraun og Hrauntún þar vestur af.", segir í örnefnaskrá LJ. Kallað Hraunkot í manntali 1801 og á túnakorti frá 1918. Hjáleigan hét Hrauntún en Hraunkot er í landi Þórkötlustaða (sjá GK-011:051 í 2. áfanga). Tóftir Hrauntúns eru um 200 m vestur af bæjarhól (001), um



50 m vestan við nýja íbúðarhúsið á Hrauni (sem stendur vestan við heimreiðina). Tóftirnar eru í norðurjaðri sléttads túns, um 30 m sunnan við þjóðveg.

Rústir Hrauntúns ná yfir svæði sem er um 50X18 m að stærð. Tóft bæjarins skiptist í tvö hól og snýr mót suðri. Vestara hólfið er grjóthlaðið, um 5,5X3,5 m að stærð. Hleðslur eru stæðilegar, úr tilhöggnu grjóti og um 1,5 m á hæð. Umför eru allt að tíu. Op er á suðurhlið. Eystra hólfið er úr torfi og grjóti og signara en það vestra. Það er um 5X5 m að stærð og hleðsluhæð er um 0,8 m. Op eru tvö, á austur- og suðurhlið. Ekkert grjót er í suðurvegg hólfsins. Fyrir norðan, austan og vestan tóftirnar eru kálgarðar úr torfi og grjóti. Þeir skiptast í fjögur hól sem liggja samsíða í austur vestur. Hólfin tvö í miðjunni eru stærri en þau til endanna. Suðurveggur garðanna er myndaður úr túngarðinum (026) sem þarna liggur í austur vestur. Garðarnir ná yfir svæði sem er um 50x18 m. Hleðsluhæð garðanna er mest um 1 m.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 1; Túnakort 1918

**Ljósmynd:** Hrauntún, horft til norðurs

#### **GK-010:018** *Draugagerði* tóftir býli

63°50.670N 22°22.888V

Hjáleiga: "Óljósar sagnir eru um hjáleiguna Draugagerði vestur við túnhlið. Þar stóðu fjárhús, sem elstu menn muna.", segir í örnefnaskrá LJ. Tóftin er enn greinileg um 230 m vestur af bæjarhól (001) í norðvesturhorni túnsins, þar sem túngarður (026) sveigir til suðurs. Tóftirnar eru í jaðri sléttads túns. Tóftin eru um 11X8 m að stærð, greinist í fjögur hól og snýr mót suðri. Tvö hólfa eru mjög greinileg, en önnur tvö mjög sigin og ógreinileg. Þrjú op eru á suðurhlið. Tóftin er grjóthleðslur eru í austasta hólfinu. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför allt að fimm.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 1

#### **GK-010:019** *Suðurvör* heimild um lendingu

63°50.682N 22°22.532V

1840: "Það er einn með ókostum á Hrauni, að eigi er þaðan útræði á vetrum og er uppsátur Hraunsmanna í Þorkötlustaðanesi. Nú er þó vel-nefndur hreppstjóri að láta búa til vör fyrir sunnan túnið, vinnur þar með mikilli atorku og víst þó töluverðum kostnaði, að hverju sem verður." segir í sýslu- og sóknarlýsingu. "Vatnangi er norðan við Vatnagarð [009]. Þar rennur fram ferskt vatn. Fast norðan við Vatnanga er Suðurvör og var þar aðallending frá Hrauni.", segir í örnefnaskrá LJ. Um 100 m austur af bæjarhól (001), beint austur af skemmu (003) og fjárhúsum eru varirnar þrjár, Suðurvör, Norðurvör (020) og Bótin (021). Svartar hraunklappir í sjó fram en hér grjótkampur vestan við varirnar.



"Norðan við Suðurvör er sker, og var farið fast með því þegar lent var, og var það nefnt Rolla.", segir í örnefnaskrá LJ. "Heimræði er árið um kríng en lending voveifleg..." segir í Jarðabók Árna og Páls. Varirnar þrjár eru þétt saman. Varla eru en 10 m milli Norðurvarar (020) og Suðurvarar, og aðeins um 2-3 m hraunklökk milli Norðurvarar og Bótarinnar (021), sem er nyrst. Rolla er sker á milli Norðurvarar og Suðurvarar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 2; JÁM III, 9-10; SSGK, 140

**Ljósmynd:** Varirnar þrjár, horft til austurs. Lengst til vinstri er Norðurvör, Bótin fyrir miðju og loks Suðurvör

#### **GK-010:020** *Norðuvör* heimild um lendingu

63°50.686N 22°22.521V

1840: "Það er einn með ókostum á Hrauni, að eigi er þaðan útræði á vetrum og er uppsátur Hraunsmanna í Þorkötlustaðanesi. Nú er þó vel-nefndur hreppstjóri að láta búa til vör fyrir sunnan túnið, vinnur þar með mikilli atorku og víst þó töluverðum kostnaði, að hverju sem verður." segir í sýslu- og sóknarlýsingu. "Norðurvör er í þröngum klökkum þar norður af [Suðurvör 019] og þar var aðeins hægt að lenda í mátulega sjávuðu.", segir í

örnefnaskrá LJ. Um 100 m austur af bæjarhól (001), beint austur af skemmu (003) og fjárhúsum eru varirnar þrjár, Suðurvör (019), Norðurvör og Bótin (021). Svartar hraunklappir í sjó fram en hár grjótkampur vestan við varirnar. "Heimræði er árið um kríng en lending voveifleg..."segir í Jarðabók Árna og Páls. Varla eru meira en 10 m milli Norðurvarar (020) og Suðurvarar, og aðeins um 2-3 m hraunklöpp milli Norðurvarar og Bótarinnar (021), sem er nyrst. Rolla er sker á milli Norðurvarar og Suðurvarar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hraun LJ, 2; JÁM III, 9-10; SSGK, 140

**GK-010:021** *Bótin* heimild um lendingu 63°50.688N 22°22.525V

"Baðstofa er stór klöpp fast fyrir norðan Norðurvör [020]. Þar norður af er Bótin og þar var nyrsta lendingin.", segir í örnefnaskrá LJ. Um 100 m austur af bæjarhól (001), beint austur af skemmu (003) og fjárhúsum eru varirnar þrjár, Norðurvör (020), Suðurvör (019) og Bótin. Svartar hraunklappir í sjó fram en hár grjótkampur vestan við varirnar. "Þaðan var hægast að fara út í vondu.", segir í örnefnaskrá LJ. "Heimræði er árið um kríng en lending voveifleg..."segir í Jarðabók Árna og Páls. Varla eru meira en 10 m milli Norðurvarar (020) og Suðurvarar (019), og aðeins um 2-3 m hraunklöpp milli Norðurvarar og Bótarinnar, sem er nyrst.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hraun LJ, 2; JÁM III, 9-10.

**GK-010:022** varða landamerki 63°51.113N 22°13.094V

"Síðan ber landeigendum ekki saman um landamerki. Eigendur Hrauns segja þau vörðu í Núpshlíð og síðan norður í Sogaseldal. Eigandi Ísólfskála segir þau úr öxl Borgarfjalls og í Selsvallafjall og þaðan í Sogaseldal.", segir í örnefnaskrá LJ. Varða er á Núpshlíðinni norðan við gamla veginn yfir hana. Best að ganga vestur frá Djúpavatsvegi (Vigdísarvallavegi) þar sem hann sveigir til norðurs austan við sunnanverða Núpshlíð. Varðan er vestan undir háhorninu í hlíðinni og sést í sjónauka frá þjóðveginum. Núpshlíðin er þarna hálf- eða ógróin og grýtt. Varðan stendur, um 1 m á hæð. Umför um tíu, en vörðunni hefur verið haldið við. Hún er um 0,5 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hraun LJ, 4

**GK-010:023** bæjarstæði býli 63°50.664N 22°22.674V

"Önnur hjáleiga strax við heimabæinn, sem hefur ekkert víst nafn, nema af þeim sem í hvort sinn er þar búandi...Vatnsból háskalega erfitt og mjög hætt að aldeilis affalli fyrir sand og leirrenslum, bregst og oflega um haust, vetur og vor, og er þá ekki nær til vatns en að þriðja bæ, sem heitir að Hópi...Engjar öngvar. Útigangur í lakasta máta hjer í sveit."segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er vitað hvar hjáleigan var. Fær sama hnit og bæjarhóll (001).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM III, 10-11

**GK-010:024** *Garðhús* bæjarstæði býli 63°50.664N 22°22.674V

"Hjáleiga hin þriðja hefur hjer áður verið, kölluð Garðhús. Var bygð um fáa tíma og kann ei aftur að byggjast nema með skaða jarðarinnar." segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki er vitað hvar hjáleigan var. Fær sama hnit og bæjarhóll (001).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM III, 11

**GK-010:025** heimild

"Fyrir austan hana [Kapellulág (008)] er allmikil hæð, og af henni skammt austur að sjó, þar sem Hraunsvík nær lengst inn undir Festarfjall. Þar er mjög hár sjávarbakkí, og grefur sjór hella inn í móbergið. Þar var hellir, sem nú er mjög lítið eftir af, og hét Dúnhellir. Á skerjum nokkrum undir Festi segja þeir á Hrauni, að áður hafi verið járnhringar til að festa skip..." segir Kristján Eldjárn í grein sinni um Kapelluhraun og Kappellulág. Skerin eru úti fyrir Festarfjalli en óvíst er hvort járnhringarnir eru í þeim. Í þau er aðeins hægt að komast af sjó. Staðurinn var ekki skoðaður 2003.

"... hafi Írar fest þar skip sín. Þessir járnhringar munu ekki sjást lengur, og enginn þeirra á Hrauni hafði sjálfur séð þá, en þeir þóttust þó vita fyrir víst, að þessir hringar hefður verið þarna."segir Kristján Eldjárn í grein sinni um Kapelluhraun og Kappellulág. "Munnmæli eru um það, að í Selskeri, framundan Eystri-Nípu [á

merkjum Hrauns og Ísólfskála], hafi verið annar af tveim festarboltum og að þar hafi forðum verið skipalega. Þetta er þó fremur ólíklegt, vegna þess að á þessum slóðum er sjór sjaldan kyrr og erfitt að athafna sig við út- og uppskipun." segir í Sögu Grindavíkur I. Munnmæli um skipshringi Íra í sjávarhömrum við Grindavík pr. í Þjóðsögur og munnmæli 1899, s. 1.

Lítið hefur verið farið í skerin eftir 1920. Þar getur þó verið ágætt skipalægi í norðan- eða norðaustanátt. Heimildarmaður hefur þó ekki séð járnhringa þar.

**Hættumat:** hætta sjávarrofs

**Heimildir:** KE "Kapelluhraun og Kapellulág" Árb. 1955-1956; Saga Grindavíkur I, 49-50; Þjóðsögur og munnmæli 1899, 1.

**GK-010:026** garðlag túngarður 63°50.756N 22°22.649V

1840: "...verndar túnið hár og vel hlaðinn grjótgardur þeim megin, eins og líka allt um kring, fyrir ágangi gripa." segir sýslu- og sóknarlýsingu. Túngarðurinn er að mestu enn til staðar umhverfis túnið. Gardurinn liggur í grónum hraunholtum fyrir norðan og austan túnið, en í hrauni fyrir sunnan og vestan. Túngarðurinn er að mestu grjóthlaðinn, en þó er torf í honum sumstaðar. Hann er allt að 1 m á hæð og umför allt að átta. Meðfram sjónum, suðaustan við túnið, er hann horfinn í kampinn, þ.e. meðfram Hraunsvíkinni vestanverðri. Girt hefur verið ofan á garðinn. Hann er um 700 m langur og mest um 1 m breiður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** SSGK, 140

**GK-010:027** Hraunshjáleiga bæjarstæði býli

1840: "Þar var ein hjáleiga, Hraunshjáleiga kölluð, en nú viljandi í eyði lögð." segir í Sýslu- og sóknarlýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu. Gæti e.t.v. verið sama og Hrauntún (017). Ekki er vitað hvar hjáleigan var.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** SSGK, 140

**GK-010:028** Skiptivöllur frásögn mið 63°50.671N 22°22.591V

Varða stóð á sjávarkampinum þar sem heitir Skiptivöllur, um 60 m austur af bæjarhól (001), fyrir vestan varirnar (019-021) en hún var notuð sem mið við lendinguna þar. Þar er nú kampur eða varnargarður úr mjög stóru grjóti, en hann var bættur vorið 2003 til að varna því að sjórinn gengi á kirkjugarðinn (007). Varðan var norðarlega á þessum varnargarði og féll líklega milli 1940-50, en sjórinn gengur þarna mjög á landið. Hún átti að bera í nyrðri vörðuna (038) þegar lent var í einhverri af vörunum þremur (019-021).

**Hættumat:** hætta, vegna vatnagangs

**GK-010:029** Gamli brunnur heimild um brunn 63°50.898N 22°22.169V

1840: "Vatnsskortur er mikill á bæ þessum; er afardjúpur brunnur grafinn langan veg landnorðan og utan túnið, en er þó í honum allgott vatn." segir í sýslu- og sóknarlýsingu. Um 1 km austnorðaustur af bæjarhól (001) er brunnur. Hann sést illa fyrr en komið er alveg að honum. Brunnurinn er um 200 m sunnan við þjóðveginn. Í grýttu graslendi sunnan við þjóðveg en austan túns. Dálítill lægð eða dæld, um 1X0,5 m að innanmáli og um 0,5 m djúp. Hún er nú full af sandi, en sandfok var mjög mikið á þessum slóðum áður en gréri upp eftir miðja öldina. Brunnurinn var þó aldrei mjög djúpur. Hann var gerður um 1830.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SSGK, 140

**GK-010:030** garðlag óþekkt

63°50.838N 22°22.543V

"Ca. 10 m sunnan við enda á malbiki á veginum til Grindavíkur. Í þurrendum og sendnum móa. Garður. Lengd ekki mæld, en garðurinn liggur frá sjónum talsvert austar og fer yfir núverandi veg. Hann er úr grjóti, 1,5 - 3 m breiður og 0,3 - 0,8 m hár, Nokkur skörð eru á garðinum og sum þeirra gætu verið hlið. Hann er nokkuð mosavaxinn og talsverður sandur hefur safnast upp við hann. Garðurinn er skemmdur af manna völdum á nokkrum stöðum. Við vestur endann, vestan við núverandi veg, eru nokkur gerði og rústir áföst garðinum að norðanverðu ..." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Um 180 m norðaustan við austurhluta túngarðs (026) er um 150 m langt garðlag í hraunholtinu, sem sameinast öðru



garðlagi í norðurenda. Garðlögin eru um 400 m austur af bæjarhól (001). Í grónu hraunholti.

Syðri garðurinn liggur frá sjávarkampinum í norðvestur suðaustur. Hann er mjög sigin og ógreinilegur syðst, en verður greinilegri er norðar dregur. Hann er grjóthlaðinn, mest um 0,7 m hár en víðast mun lægri eða alveg útfluttur. Hann er um 2 m á breidd. Umför eru allt að fjögur, en þó víðast aðeins eitt eða tvö. Syðst hefur mikill sandur blásið upp að garðinum og myndað einskonar bungu undir hann sem síðan hefur gróið. Í norðvesturenda er garðurinn alveg útfluttur, en sameinast þar öðru garðlagi, sem liggur í austur vestur. Það er einnig grjóthlaðið og hleðslur mjög signar og grónar. Hleðsluhæð er mest um 0,6 m en víðast mun lægri. Umför eru mest þrjú en oftast færri. Hleðslur eru mjög mosavaxnar. Garðurinn er rofinn á köflum, óvíst hvort það er af mannavöldum. Það gætu einnig verið hlið. Við austurenda garðlagsins skiptist það í þrennt og myndar tvö allstór hólf. Garðurinn er alls um 400 m langur. Vestast rofnar hann af þjóðveginum, en má hugsanlega greina hann fyrir norðan þjóðveginn þar fyrir vestan. Svæðið sem garðarnir ná yfir er um 200x400 m að stærð.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:9

**Ljósmynd:** Garðlag, horft til vesturs

**GK-010:031** garðlag óþekkt 63°50.48N 22°23.04V

"Ca. 10 m austan við apahlraun. Í móa. Garðurinn gengur út úr gerði í suðri. Garður. Úr hraungrjóti, ca 1,2 - 2 m breiður og 0,1 - 0,5 m hár. Hlið virðist vera á garðinum ... Garðurinn verður ógreinilegri eftir því sem norðar dregur. Hann er víða algróinn." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Staðurinn var ekki skráður 2003, en gæti átt við annað hvort garðlagið (030). Garðlagið hefur hnitíð 63°50.48 N 022°23.04 W í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Hættumat:**

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:10

**GK-010:032** varða óþekkt 63°51.11N 22°21.31V

"20 m austur af hæl 5400, norðan í vegkanti malarvegar. Varða. Ca. 1,2-1,3 m í þvermál. Úr grjóti, 0,5 m há. Varðan er illa farin og hefur verið hróflað upp aftur í seinni tíð. Varðan er alveg við veginn og hefur trúlega varðað gömlu leiðina frá Krýsuvík." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Varðan fannst ekki 2003. Varðan hefur hnitíð 63°51.11 N 022°21.31 W í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Hættumat:**

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:14.

**GK-010:033** tóftir óþekkt 63°50.57N 22°22.25V

"8 m suður af malarvegi. 30 m vestur af hæl 4600. Rústir. 1) Rúst ... 4 m í þvermál og 0,6 m há. Ekkert form er á rústinni, en þó má sjá að hún hefur verið hlaðin úr grjóti og jafnvel torfi. Talsvert af sandi hefur fallið á rústina, sem er nokkuð gróin. Í rústina hefur verið stungið niður skilti sem á stendur: Friðað kríuvarp. Ca. 22 m austur af rúst 1) eru leifar af rúst 2): ... 4 x 4,5 m (A - V). veggir úr grjóti, 0,3 - 0,4 m breiðir og 0,1 m háir þar sem þeir greinast. Rústin er gjörblásin. Rústirnar gætu hafa verið tengdar rúst [í Kapellulág 008] ...", segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Staðurinn fannst ekki 2003. Rústirnar hafa hnitíð 63°50.57 N 022°22.25 W í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Hættumat:**

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:15.

**GK-010:034** tóft óþekkt 63°50.59N 22°22.12V

"4 m suður af hæl 4700, sem stendur í vegkanti malarvegar sunnanverðum. Rúst. 4 - 5 m í þvermál. Úr grjóti, 0,3 m há. Ekkert form er á rústinni. Hún er gjörblásin, orpin sandi og nokkuð gróin. Rústirnar gætu verið tengdar rúst [í Kapellulág 008]..." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Staðurinn fannst ekki 2003. Rústin hefur hnitíð 63°50.59 N 022°22.12 W í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Hættumat:**

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300: 16

**GK-010:035** tóft óþekkt 63°51.00N 22°21.51V

"Ca. 5 m norður af sjávarbakka og ca. 20 m suður af malarvegi. Í blásnu holti. Rúst? 7 x 8 m (N - S), úr grjóti (og torfi?) og 0,6 m há. Ekkert form sést á rústinni annað en nánast sporöskjulaga útlínur rústarinnar, en þar

grillir í grjót á stöku stað. Einnig grillir í grjót í rústinni austanverðri. Lítil dæld er í suðurhluta rústarinnar. Rústin er vel gróin en umhverfis hana er blásið holt og nokkrir rekaviðardrumbar. Ca. 5 m SA af rústinni gæti leynst önnur rúst á sjávarbakknum." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Rústin fannst ekki 2003, en hefur hnitíð 63°51.00 N 022°21.51 W í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Suðurstrandarvegur nr. 2300: 17

**GK-010:036** *Gamla Hraunsvör* heimild um lendingu

"[Frá Norðurvör og Suðurvör] reru skip Hraunsbænda, en munnmæli geta einnig um "gömlu Hraunsvör", og á hún að hafa horfið, er bænhúsið [007] á Hrauni var lagt af, sem mun hafa verið skömmu eftir 1600 ... Í sama mun á Klobbasker að hafa komið upp." Ekki er vitað hvar vörin hefur verið, en ómögulegt er talið að hún hafi verið við Klobbasker, sem er á miðjum Vatnagarði, miðja vegu milli Skarfatanga og Vatnstanga. En þar eru flatar klappir og ómöguleg innsigling. Staðsetning vararinnar er ókunn.

**Hættumat:**

**Heimildir:**Saga Grindavíkur I, 48-49.

**GK-010:037** garðlag rétt

Um 120 m norður af bæjarhól (001) eru nú hesthús og fast sunnan þeirra liggur túngarðurinn (026) austur-vestur um túnið norðanvert. Utan í túngarðinum er hlaðið hólf eða rétt. Sunnan við er sléttáð tún en sléttáð plan við hesthúsið að norðan. Nokkur halli er til norðurs þarna fast norðan við túngarðinn. Neðst í hallanum er einföld grjóthleðsla, mjög gróin. Hún liggur í boga í austur vestur og myndar hólf við utanverðan túngarðinn. Það er um 14X4 m að stærð. Op gætu hafa verið bæði í austur- og vesturenda. Talsvert er af grjóti í hólfinu, líklega hrun úr túngarði. Þetta mun vera hlaðið 1929 og girðing höfð á hleðslunni.

63°50.724N 22°22.724V



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:038** varða mið

Um 120 m norður af bæjarhól (001) eru nú hesthús og fast sunnan þeirra liggur túngarðurinn (026) í austur vestur um túnið norðanvert. Fast sunnan túngarðsins er varða, en hún var mið við innsiglinguna í varinnar þrjár (019-021) og átti að bera í aðra vörðu (028) sem var á sjávarkampinum en er nú horfin. Sléttáð tún er fyrir sunnan, austan og vestan vörðuna. Varðan er sunnan í brekku sem hallar til suðurs frá túngarðinum. Hún er um 1,3 m á hæð og 1,5 m í þvermál. Umför eru tíu. Grjót hefur verið fjarlægð úr efsta hluta hennar. Ekkert grjót umhverfis.


63°50.721N 22°22.713V

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:039** garðlag kálgarður

Um 180 m norðaustur af bæjarhól (001), fast norðan við túngarðinn (026), eru leifar kálgarðs. Túngarðurinn liggur austur-vestur að grýttum kampi. Fyrir norðan og norðaustan hann eru gróin hraunholt en að sunnan er sléttáð tún. Fast sunnan við túngarðinn eru einnig kálgarðstóftir (010). Gerðin liggja meðfram túngarðinum og einnig norðaustan við hann. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, grónar og signar. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og umför þrjú. Svæðið allt er um 65X30 m að stærð.

63°50.743N 22°22.513V



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:040** tóft hesthús

Um 200 m norður af bæjarhól (001) og 70 m austan við Bakka (015) er tóft í hraunholtinu, rétt utan við túngarðinn (026). Tóftin er á smá hæðarbungu í holtinu. Tóftin er um 4X2 m að stærð, gróin og sigin og snýr í austur vestur. Hleðslur eru úr grjóti, mest um 0,4 m á hæð og umför mest þrjú. Op hefur líklega verið til suðurs. Austurhluti tóftarinnar er að mestu fallinn. Talsvert er af grjóti umhverfis tóftina.

63°50.770N 22°22.676V




**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:041** *Billagarður* gerði kálgarður

63°50.766N 22°22.692V

Um 200 m norður af bæjarhól (001), fast norðnorðaustan við malarveg sem liggur af þjóðvegi suður á kampinn fast norðan við túngarðinn 026, er kálgarður kallaður Billagarður. Í grónu hraunholti. Garðurinn er grjóthlaðinn en hleðslur eru signar og grónar. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og umför allt að þrjú. Garðurinn er um 13X11 m að stærð. Hann greinist í tvö hólf og myndar annað hólf með einskonar gerði um hitt. Þetta ytra gerði er aðeins einföld grjóthleðsla. Op eru ógreinileg. Garðurinn stendur nokkuð hærra en umhverfið, hefur e.t.v. verið ýtt undir hann.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:****GK-010:042** gerði kálgarður

63°50.674N 22°22.727V

Um 20 m sunnan við eldra íbúðarhúsið á Hrauni, fast vestan við bæjarhól (001), eru leifar skrúðgarðs. Garðurinn er í norðurjaðri sléttads túns, fast sunnan undir sléttuðu malarplani. Garðurinn er um 13X6 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er hlaðinn úr grjóti en tyrft yfir. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför allt að sex. Hann greinist í tvö hólf með girðingu á milli. Op er ekkert á garðinum. Hann mun vera gerður um eða eftir aldamótin 1900.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:****GK-010:043** *Fornu fjós* þúst fjós


63°50.713N 22°22.659V

Í túninu austan við eldra bæjarhús á Hrauni, um 80 m norður af bæjarhól (001), eru þrjár þústir eða bungur í túninu. Þær eru nefndar Fornu fjós. Umhverfis er sléttad tún. Þústirnar liggja í línu í norður suðurs. Sú syðsta er um 20X9 m að stærð, bjúglaga og um 1,5 m á hæð. Um 19 m norðar er önnur þúst. Sú er um 16X9 m á stærð og bungumynduð. Hún er um 1,5 m á hæð. Nyrsta þústin er um 10 m norðar. Hún er um 10X5 m að stærð, tæpur 1 m á hæð og bungumynduð. Svæðið allt er um 75X25 m að stærð. Samkvæmt heimildarmanni eru þústirnar nefndar Fornu fjós, en hvort þar hafi verið fjós eða annað er ekki vitað

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Ljósmynd:** Fornu fjós, horft til norðurs**GK-010:044** hleðsla refagildra

63°50.587N 22°22.885V

Syðst í túninu, 200 m suðvestan við bæjarhól (001), um 100 m fyrir suðvestan Vatnagarð (009) eru tvær tóftir. Önnur er refagildra en hin óþekkt. Tóftirnar eru uppi á hæðinni syðst í túninu, en sunnan við hana tekur við úfið hraun. Tóftirnar eru báðar hlaðnar úr apalhraunmolum og því gisnar. Sumstaðar er hraunmolum hrúgað upp að hleðslunum til þess að þetta þær. Eystri tóftin er um 6X6 m að stærð og greinist í tvö álíka stór hólf. Vestara hólfid hefur op í suðvesturhorni en hið eystra í norðausturhorni. Úr norðvesturhorni liggur grjóthlaðið garðlag um 4,5 m á lengd til vesturs að vestri tóftinni, sem mun vera refagildra. Sú er um 3X2 m að stærð, en mjög lítil innanmáls. Op er á austurhlid. Hrúgað er grjóti upp að hleðslum til þéttingar. Hleðsluhæð er í tóftunum er mest um 0,5 m og umför allt að fimm.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**GK-010:045** *Vatnstangi* frásögn þvottastaður

63°50.682N 22°22.532V

"Vatnstangi er norðan við Vatnagarð. Þar rennur fram ferskt vatn. Fast norðan við Vatnstanga er Suðurvör og var þar aðallending frá Hrauni.", segir í örnefnaskrá LJ. Á klöppunum sunnan við Suðurvör (019) kom talsvert af ferskvatni undan hrauninu og var lengi farið þangað með þvotta. Vatnstangi er um 100 m austur af bæjarhól (001), beint austur af skemmu (003) og fjárhúsum. Svartar hraunklappir í sjó fram. Ekki sést til fornleifar.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 2**GK-010:046** garðlag herslugarður

63°50.557N 22°22.905V

Í Slokahrauni á landamerkjum Hrauns og Þorkötlustaða, sunnan við túnið á Hrauni og alveg vestur fyrir merkin eru leifar herslugarða og herslubyrgrja (047) um allt. Um 300 m suðvestan við bæjarhól (001). Í úfnu mosagrónu apalhrauni. Garðarnir liggja um allt í hrauninu og virðast ekki mynda neitt sérstakt kerfi. Þeir eru hlaðnir úr apalhraunmolum og eru misvel standandi. Sumir eru alveg útflattir. Garðarnir eru mjög mosagrónir eins og hraunið. Hleðsluhæð er mest um 0,7 m og umför allt að fimm. Svæðið allt er um 200X200 m.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-010:047** tóftir herslubyrgrja

63°50.555N 22°22.924V


Í Slokahrauni á landamerkjum Hrauns og Þorkötlustaða, sunnan við túnið á Hrauni og alveg vestur fyrir merkin eru leifar herslugarða (046) og herslubyrgrja um allt. Um 300 m suðvestan við bæjarhól (001). Í úfnu mosagrónu apalhrauni. Innan um herslugarðana (046), um allt í hrauninu eru einnig herslubyrgrja. Þau eru hlaðin úr apalhraunmolum og gisin til þess að lofti vel um þau. Þau eru flest um 3,5X2,5 m að stærð og misveluppistandandi. Hellur hafa verið yfir þeim en eru nú fallnar. Mörg byrgjanna eru alveg samfallin en eru greinileg sem grjóthrúgur víða í hrauninu. Hleðsluhæð er mest um 0,7 m og umför allt að fjögur. Byrgin eru mjög mosagrón eins og hraunið. Svæðið allt er um 200X200 m.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-010:048** tóft hesthús

63°50.560N 22°22.821V

Um 200 m suður af bæjarhól (001), 90 m fyrir sunnan Vatnagarð (009) er hesthústóft. Tóftin er uppi á brekkunni syðst í túninu þar sem túngarðurinn (026) liggur austur-vestur, í jaðri apalhraunsins. Tóftin er grjóthlaðin norðan í túngarðinn sem myndar suðurvegg hennar. Hún er um 4x3 m að stærð. Hleðslur eru úr apalhraunmolum, sumum allstórum. Þær eru mosagrónar og signar, mest um 0,5 m á hæð, nema í suðurvegg (túngarði) sem er um 1,3 m á hæð. Umför eru allt að þrjú en átta í suðurvegg. Girðing liggur þvert yfir tóftina í austur vestur og er hlaðið undir hana grjóti. Op virðist vera til austurs eða norðurs.




**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:049** tóft+garðlag óþekkt

63°50.576N 22°22.868V

Syðst í túninu, 200 m suðvestan við bæjarhól (001), um 100 m fyrir suðvestan Vatnagarð (009) og um 10 m austsuðaustan við tóftir (044) eru garðbrot og tóftir. Tóftirnar eru uppi á hæðinni syðst í túninu, en sunnan við hana tekur við úfið hraun. Hleðslur eru úr apalhraunmolum, mjög signar og grónar. Þær mynda a m k. eitt hólf með op á norður- og suðurvegg. Um 6X5 m að stærð og snýr í norður suður. Garðbrot er um 1 m austan við tóftina eða hólfíð, um 4,5 m langt í austur vestur. Einnig eru hleðslubrot um 2 m norðan við tóftina. Má vera að þær myndi aðra tóft, um 2,5x3 m að stærð. Gætu einnig verið herslugarðar eins og eru í hrauninu þarna fyrir sunnan (046). Hleðsluhæð er um 0,3 m. Svæðið allt er um 10x10 m.




**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:050** tóft+garðlag óþekkt

63°50.567N 22°22.805V

Um 180 m suðvestan við bæjarhól (001), um 70 m sunnan við Vatnagarð (009) er tóft. Tóftin er á brekkubrúninni syðst í túninu. Tóftin er um 4X3 m að stærð og mjög sigin. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, en grjótið er nær alveg niðurgroíð. Hæð er um 0,3 m. Tóftin snýr austur-vestur og er op á austurhlið. Fast norðan við tóftina mótar fyrir garðlagi í brekkubrúninni sem liggur í austur vestur. Það er alveg útflatt en grjót er þó greinilegt í því. Hæð er mest um 0,3 m og breidd þess um 1,5 m. Garðlagið liggur um 30 m til vesturs frá tóftinni en sveigir þá til norðnorðvesturs um 12 m með brekkubrúninni en hverfur síðan. Að austanverðu hverfur garðlagið í sjávarkampinn. Það er alls um 100 m langt og gæti verið eldri túngarður, en túngarðurinn (026) er um 30 m fyrir sunnan það.




**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:051** tóft+garðlag hesthús

63°50.698N 22°22.807V

Fast vestan við heimreiðina að Hrauni, vestan við þar sem hjáleigan Sunnuhvoll (016) stóð, er tóft. Þar var hesthús frá Sunnuhvoli, sem síðar var nýtt sem fjárhús frá Hrauni. Á grasskika norðan við túngarð (026) og vestan við heimreið. Tóftin er hlaðin úr tilhöggnu grjóti. Hún er um 5X3,5 m að stærð og



snýr í austur vestur. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför allt að sex. Op er á vesturhlið. Úr norðausturhorni tóftarinnar liggur garðbrot til norðausturs, um 4,5 m langt. Austan þess er annað garðbrot, e.t.v. kálgarður. Vestan við tóftina eru kálgarðar (sjá 017). Svæðið er um 15X3,5 m.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-010:052** hleðsla óþekkt

63°50.676N 22°22.994V

Um 300 m vestnorðvestur af bæjarhól (001), um 20 m norðan við þjóðveg, er greinilegur strýtumyndaður hóll og á honum skilti um friðun kríuvarps. Ofaná hólnum eru greinilegar hleðslur. Umhverfis er uppgróid hraun.

Hóllinn er um 10X8 m að stærð og um 4 m á hæð. Hann er algróinn. Efst í honum eru miklar og greinilegar hleðslur. Þær standa grónar að sunnan, vestan og austan, en eru fallnar að norðan. Hleðslurnar eru mest þrjú umför og um 0,4 m á hæð. Þær mynda einskonar hring um hólinn ofanverðan, 6X4,5 m að stærð. Ofaná hólnum, inni í hleðslunni er þykk grastorfa. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt en hún mun vera mjög gömul og virðist fornleg. Kristján Eldjárn mun hafa skoðað hleðsluna á 6. áratugnum, um leið og hann kannaði rústina í Kapellulág (008), og var eftir það farið að kalla hana, þ.e. hleðsluna, dys.



**Hættumat:** engin hætta

**Ljósmynd:**Hóll og hleðsla, horft til norðurs

**GK-010:053** garðlag óþekkt

63°50.743N 22°22.955V

300-500 m fyrir norðan og norðvestan bæjarhól (001), í uppgrónu hrauni norðan við þjóðveg, eru mikil og fornleg garðlög. Í uppgrónu hrauni. Þau eru misgreinileg, en flest mjög fornleg. Sum eru alveg útflött. Þau liggja flest í austur vestur að því er virðist, en þó allavega eitt í norður suður. Hleðsluhæð er mest um 0,3 m og umför ógreinileg. Svæðið allt er e.t.v. um 300X300 m. Óvíst er hvaða hlutverk garðlöggin höfðu. Þau gætu þó hafa verið túngarðar, eða hlaðin sem varnargarðar en þarna hefur verið sandfok og gróðureyðing.


**Hættumat:** engin hætta

**GK-010:054** garðlag kálgarður

63°50.664N 22°23.257V

Um 450 m vestnorðvestur af bæjarhól (001), í hvammi fast norðan við þjóðveg eru leifar kálgarðs. Í hvammi í uppgrónu hrauni. Gerðið um 18X14 m að stærð og grjóthlaðið. Það snýr í norður suður. Hleðslur eru signar allstaðar nema í norðurhlið þar sem þær standa. Umför eru þar allt að sex en tvö annarstaðar. Hleðsluhæð er um 1 m í norðurhlið en um 0,3 í öðrum. Op er í suðausturhorni.

**Hættumat:** engin hætta




**GK-010:055** garðlag kálgarður

63°50.715N 22°22.967V

Um 250 m norðvestur af bæjarhól (001), um 80 m norðan við þjóðveg, eru kálgarðsleifar. Í uppgrónu hrauni. Gerðið er grjóthlaðið en sigið og gróið. Það er um 16X13 m að stærð og snýr í norður suður. Vesturhlið er alveg fallinn, en annars eru umför allt að þrjú og hleðsluhæð um 0,4. Op er í suðvesturhorni.

**Hættumat:** engin hætta




**GK-010:056** Borgarfjallsrétt tóft rétt

63°51.940N 22°18.405V



Vestan í rótum Borgarfjalls er grjóthlaðin rétt, Borgarfjallsrétt. Það má aka alveg að réttinni ef ekið er eftir malarvegi sem liggur til norðurs af þjóðvegi vestan í Slögu, norðan við Ísólfskála (GK-009). Í grónu hrauni við rætur fjallsins. Hleðslur standa allt að 1 m á hæð og umför allt að sex. Réttin er um 28X20 m að stærð og greinist í fimm hólf. Op eru á öllum hólfum. Í suðausturhorni stærsta hólfisins er lítil kró. Úr því horni gengur einnig garðlag, um 8 m langt, til suðausturs. Í



suðvesturhorni réttarinnar er einnig garðlag, um 3 m langt til suðvesturs. Þegar Skálarétt (GK-009:020) á Ísólfskála var lögð niður var réttin flutt að rótum Borgarfjalls og notuð þar lengi vel. Skálarétt var enn í notkun 1916 og Borgarfjallsrétt því ekki tekin í notkun fyrr en eftir það. Svæðið er um 28X30 m.

**Hættumat:** engin hættu

**Ljósmynd:**Borgarfjallsrétt, horft til suðurs

**GK-010:057** heimild um refagildru

63°52.602N 22°10.878V

Í Hraunsleyni sem er á merkjum milli Hrauns og Þorkötlustaða, þar sem landið er hæst milli bæjanna norðan við Þjóðveg, er refagildra. Í uppgrónu hrauni. Gildran var ekki skoðuð 2003. Lýsing og hnit fengið hjá heimildarmanni. Hún er grjóthlaðin og mun vera svokölluð krossgildra, þ.e. með fjórum inngöngum, en þær eru sjaldgæfari.

**Hættumat:**

**GK-010:058** heimild um refagildru

63°50.710N 22°23.300V

Í hrauni vestnorðvestur af bæjarhól (001), norðan við Þjóðveg, er refagildra. Í grónu hrauni. Gildran var ekki skoðuð 2003, en lýsing og hnit fengið hjá heimildarmanni. Gildran er grjóthlaðin.

**Hættumat:**

## 5. *Fornleifar og byggð*

Sá hluti Grindavíkurhrepps sem kannaður var í þriðja áfanga fornleifaskráningar, haustið 2003, er austurhluti hreppsins, lönd Hrauns, Ísólfskála og Krýsuvíkur. Landslag á þessum slóðum er talsvert frábrugðið vesturhluta Grindavíkurhrepps að því leyti að landið grónara auk þess sem fjalllendi er mun meira. Engu að síður eru þar gróf og lítið gróin nútímahraun, djúpar gjár og lítið sem ekkert rennandi vatn á yfirborði eins og dæmigert er fyrir Reykjanesskagann. Strandlínan einkennist víðast hvar af úfnum hraunflákum í sjó fram eða stórgrýttum kampi sem markvisst brýtur sér leið inn í landið. Austast í hreppnum og við Festarfjall milli Hrauns og Ísólfskála eru hins vegar þverhnipt standbjörg í sjó fram. Víða á svæðinu er landeyðing mikil vegna brimrofs, en sandfok og uppblástur hafa auk þess valdið spjöllum á landi í gegnum tíðina.

### *Bæjarhólar og bæjarstaði*

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólfögum og öskuhaugum sem hafa hlaðist upp í tímans rás. Þeir geta orðið á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langvinsælustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst fóru við uppbyggingu í landbúnaði á nýliðinni öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir. Þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum geryðilagst.

Í þriðja áfanga fornleifaskráningar í Grindavík voru skráðir sjö misjafnlega greinilegir bæjarhólar. Þeir voru á Hrauni (010:001), Ísólfskála (009:001), Læk (008:001), Stóra Nýabæ (004:001), Norðurkoti (003:001), Snorrakoti (003:002) og í Krýsuvík (001:001). Bæjarhólarnir á Hrauni og Ísólfskála hafa orðið fyrir verulegu raski. Á Hrauni hefur hólinn verið sléttaður auk þess sem byggð hafa verið á honum útihús. Ekki hefur þó verið grafið niður í hann svo vitað sé. Á Ísólfskála hefur sumarbústaður verið reistur á bæjarhólum, í tóftum bæjarins. Þar hefur verið grafið niður fyrir grunni bústaðarins og hólum því mikið raskað. Bæjarhólum Lækjar, Norðurkots og Snorrakots hefur ekki verið raskað og eru á þeim

greinilegar rústir. Bæjarhóll Stóra Nýabæjar hefur verið sléttaður og sjást þar engar minjar, en hóllinn sjálfur er hins vegar stór og greinilegur. Bæjarhóll Krýsuvíkur er greinilegur og er á honum hlaðinn grunnur síðasta hússins sem þar stóð.

Skráð voru 22 bæjarstæði, þar sem hafa verið býli eða hjáleigur lögbýlanna Hrauns og Krýsuvíkur. Engin býli voru skráð í landi Ísólfskála. Elstu býlanna er getið í fornum jarðabókum en misjafnt er hvort þau hafa haldið velli eða farið í eyði. Ummerki um sum þeirra hafa horfið og týnst og er þá ógjörningur að staðsetja þau með nokkurri vissu. Helmings býlanna, eða 11 af 22, mátti þó enn greina einhver merki.

Austur hús (001:013), Vestur hús (001:014), Garðshorn (001:026), Hnaus (003:003), Fell (006:002), nafnlaus hjáleiga (010:023), Garðhús (010:024) og Hraunshjáleiga (010:027) eru þau býli eða hjáleigur sem ekki er vitað hvar voru nákvæmlega, en munu þó öll hafa verið í námunda við lögbýlin. Nokkurn veginn er vitað hvar býlin Kaldrani (001:025), Litli Nýibær (005:001) og Sunnuhvoll (010:016) stóðu en þar eru engar tóftir greinilegar. Eins og áður segir mátti hins vegar greina tóftir helmings býlanna (sbr. Gestsstaðir (001:012), Fitjar (001:018), Arnarfell (001:027), Gamla Krýsuvík (001:042), Suðurkot (002:001), Vigdísarvellir (006:001), Bali (007:001), Vatnagarður (010:009), Bakkar (010:015), Hrauntún (010:017) og Draugagerði (010:018).

### *Útihús og túngarðar*

Útihús í túnnum og nærri bæjum eru víða horfin vegna seinni tíma rasks á vélaöld, einkum vegna túnasléttunar og byggingaframkvæmda. Þrátt fyrir það er oftast vitað hvar útihús stóðu, ýmist af túnakortum frá 1918 eða eftir ábendingum heimildarmanna. Alls voru skráð 71 útihús á svæðinu, en ummerki um 33 þeirra eru horfin. Í langfæstum tilvikum var vitað hvert hlutverk húsanna var, en skráð voru 4 hesthús, 3 fjárhús, 2 fjós, 2 smiðjur og 1 skemma.

Heill túngarður var aðeins skráður á einu lögbýlanna þriggja, á Hrauni (010:026), en túngarðsbrot á Ísólfskála (009:027). Stæðilegir túngarðar voru einnig skráðir á nokkrum hjáleigum Krýsuvíkur, Læk (008:004), Vigdísarvöllum (006:004), Fitjum (001:018), Arnarfelli (001:027) og í Suðarkoti (002:005). Auk þess voru skráð eldri garðlög á Hrauni sem hugsanlega eru fornir túngarðar sbr. (010:030, 010:031 og 010:053). Að lokum voru svo

skráðir varnargarðar í landi Ísólfskála sem hlaðnir voru á 20. öld til að varna uppblæstri lands.

### *Kuml og kirkjur*

Ekki hefur fundist kuml á skráningarsvæðinu svo vitað sé en sögusagnir greina frá nokkrum stöðum þar sem kuml eiga að vera. Í landi Krýsuvíkur eru skráðar fjórar steindysjar og eru tvær þeirra friðlýstar síðan 1964<sup>53</sup>. Þar munu vera dysjaðar fornkonur tvær, þær Krýs (001:037) og Herdís (001:036). Þær greindi á um landamerki milli bæja sinna, Krýsuvíkur og Herdísarvíkur, og mættust á Deildarhálsi og vildi hvorug gefa eftir. Lauk svo með þeim að hvor drap aðra og voru þær síðan dysjaðar í svonefndum Kerlingadal austan við hálsinn. Auk þeirra mun þar vera dysjaður smali (001:038) sem einnig féll í átökum kvennanna. Hin fjórða dys í Krýsuvíkurlandi er svokallað Ögmundarleiði (001:047). Þar mun vera dysjaður Ögmundur sá er Ögmundarhraun dregur nafn sitt af og myrtur var eftir að hafa rutt braut í gegnum hraunið. Ekki hefur verið grafið í dysjar þessar svo vitað sé. Á Hrauni er skráð grjóthleðsla (010:052) á strýtumynduðum hól skammt utan túngarðs sem nefnd hefur verið „dysin“. Engar heimildir benda til þess að um dys sé að ræða og staðurinn hefur ekki verið rannsakaður. Að lokum herma sögusagnir að í Geldingadölum í Hraunslandi sé þúst þar sem Ísólfur á Skála sé grafinn (010:012), en hún hefur ekki verið rannsökuð.

Í Krýsuvík hefur verið kirkja frá fornu fari (001:002), en þar stendur kirkja frá 1857 sem nú er friðuð. Við hana er kirkjugarður og var síðast jarðað í honum árið 1997, en þar áður árið 1917. Í Húshólma (001:042) í Ögmundarhrauni herma munnmæli að bærinn Krýsuvík hafi upprunalega verið. Þar er tóft sem talin er vera kirkjutóft, en hún hefur ekki verið rannsökuð.

Á Hrauni var hálfkirkja eða bænhús (010:007). Óvíst er hvenær guðshús þetta var reist en fyrstu beinu heimildina um það er að finna í Fitjaannál árið 1602. Skömmu síðar hefur það hins vegar verið aflagt, sbr. frásögn Árna Magnússonar í *Chorographica Islandica*. Við kirkjuna hefur verið kirkjugarður þar sem greftraðir hafa verið heimamenn og e.t.v. íbúar úr Þórkötlustaða- og Járngerðarstaðahverfum. Fyrir aldamótin 1900 var reist skemma (010:003) fast austan við bænhústóftina og kom þá í ljós nokkuð af beinum.

---

<sup>53</sup> Fornleifaskrá, bls. 12

Að lokum má nefna örnefnið Kapellulág (010:008) í Hraunslandi. Þar er lítil, friðlýst rúst sem Kristján Eldjárn rannsakaði árið 1954. Rannsóknin þótti ekki renna frekari stoðum undir það að um guðshús af einhverju tagi væri að ræða og þótti Kristjáni líklegast að húsið tengdist verslun Englendinga á svæðinu eða það hefði jafnvel verið verkstofa málmsmiðs.

### *Stekkir og sel*

Haustið 2003 var aðeins skráður einn stekkur, svonefndur Hafliðastekkur (001:022), í landi Krýsuvíkur, og er hann enn mjög greinilegur.

Engar kvíar voru skráðar á svæðinu.

Átta réttir voru hins vegar skráðar að þessu sinni. Tvær eru í landi Hrauns, önnur er lítil rétt eða aðhald (010:037). Hin nefnist Borgarfjallsrétt (010:056) og var réttað í henni á 20. öld. Hún er enn uppistandandi. Tvær réttir voru einnig skráðar í landi Ísólfskála. Önnur nefnist Skálarétt (009:020) og er hún nú að mestu horfin. Vitað er að réttin var notuð fram yfir 1916, en hún var aflögð þegar farið var að rétta í Borgarfjallsrétt. Hin er kölluð Hestagerði (009:004) og mun hafa verið notuð sem hestarétt. Hún er enn mjög greinileg. Í landi Krýsuvíkur voru skráðar fjórar réttir, allar vel uppistandandi. Vorréttin (001:028) er sunnan undir Bæjarfelli og var notuð á 20. öld. Arnarfellsrétt (001:029) er á Krýsuvíkurheiði sunnan við Arnarfell og samnefnt býli. Eldborgarrétt (001:039) er um 4 km austur af Krýsuvík, sunnan við Stóru Eldborg. Að lokum er Vigdísarvallarétt (007:002) á Vigdísarvöllum fast við tóftir Bala (007:001). Hún féll þó að mestu og eyðilagðist í jarðskjálftum árið 1934.

Á svæðinu voru skráð sex sel og er aðeins eitt þeirra horfið; Seltún (001:023) í landi Krýsuvíkur. Krýsuvík hafði í seli á áðurnefndu Seltúni og á Selhól (001:019) við Selöldu, en þar eru miklar tóftir. Sogasel (001:052) er þriðja selið í Krýsuvíkurlandi, en þar var haft í seli frá Flekkuvík, Kálfatjörn og síðar Bakka. Þar eru einnig stæðilegar tóftir. Undir Núpshlíðarhálsi í landi Ísólfskála eru seljatóftir á tveimur stöðum. Annars vegar í Hraunsseli (009:022) þar sem haft var í seli frá Hrauni. Hins vegar á Selsvöllum (009:012) sem var selstaða annarra bæja í Grindavík. Að lokum eru selstóftir í Dalsseli (010:013) í Hraunslandi.

## *Leiðir*

Alls voru skráðar 13 leiðir í þessum áfanga. Sjö þeirra eru styttri leiðir innan jarðar eða á milli bæja, sem er í sumum tilvikum nokkur vegur (sbr. 001:015, 001:046, 001:048, 001:049, 009:005, 009:010, 009:011, 009:013, 009:014 og 009:023).

Þrjár þjóðleiðir voru skráðar. Sandakravegur (010:014) lá frá Hrauni austur yfir Siglubergsháls, þaðan til norðurs meðfram Fagradalsfjalli vestanverðu og inn á Skógafellsleið (sjá 1. áfanga skráningar, GK-016:020) að Vogum. Gamllivegur (001:033) var þjóðleið frá Krýsuvík austur með sjó. Hún lá frá Krýsuvík eins og þjóðvegur nú, í gegnum Eldborgarskarð milli Geitahlíðar og Stóru Eldborgar, suður Klofninga að Seljabót og þaðan í austur meðfram ströndinni. Þriðja þjóðleiðin, Ketilstígur (001:050), lá milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar. Þá var farið í norðvestur yfir Sveifluháls, að norðanverðu um Ketilinn og svo niður af hálsinum að vestanverðu þar sem heitir Hofmannaflöt (001:051). Þá lá leiðin nokkurn veginn eins og bílvegurinn að Vigdísarvöllum (Djúpavatnsvegur) liggur nú, í norðvestur að Hafnarfirði.

## *Útgerð og verslun*

Eins og eðlilegt verður að teljast voru á svæðinu skráðir allmargir staðir sem tengdust fiskveiðum á einn eða annan hátt. Skráðar voru sex lendingar, fjórar í landi Hrauns (010:019, 010:020, 010:021 og 010:036), ein í landi Ísólfskála (009:003) og ein á Selatöngum (001:054) í landi Krýsuvíkur. Verbúðir voru skráðar á tveimur stöðum. Annars vegar á Ísólfskála (009:025), en ekki var vitað hvar hún stóð og hennar sáust engin merki. Hins vegar á Selatöngum (001:054), en þar eru rústir fleiri verbúða og annarra útgerðarminja. Eitt íshús var skráð í landi Hrauns (010:006) og auk þess tvær sjóvörður (010:028 og 010:038), en aðeins önnur uppistandandi. Herslugarðar og fiskbyrgi voru skráð á Hrauni (010:046 og 010:047) og Ísólfskála (009:015 og 009:016). Á Selatöngum má einnig finna rústir herslugarða og byrgja. Ekkert uppsátur var skráð á svæðinu en þau hafa án efa verið allnokkur þótt heimildir greini ekki frá þeim.

Verslun í Grindavík fór að mestu leyti fram í landi Járngerðarstaða og seinna í Arfadalsvík í landi Húsatópta. Það er því eðlilegt að engar verslunarminjar hafi verið skráðar

í þessum áfanga. Undantekning frá þessu er þó e.t.v. litla rústin í Kapellulág (010:008) sem Kristján Eldjárn rannsakaði og taldi jafnvel tengjast verslun Englendinga á svæðinu.

## 6. Niðurstöður

Nú er lokið öllum þremur áföngum fornleifaskráningar í Grindavík. Samtals hafa nú verið skráðir 586 minjastaðir í Grindavíkurbænum og yfirlit um þá útgefið í þremur skýrslum. Ætla má að með skýrslunum fáiist mjög gott yfirlit yfir dreifingu og ástand fornleifa á umræddu svæði þótt ekki sé þar með sagt að þær séu tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á flestalla minjastaði og við þá yfirreið fundust allmargir staðir sem heimildir gátu ekki um. Auk þess gátu heimildarmenn í mörgum tilvikum gefið upplýsingar um áður óþekktar minjar. Heildarfjöldi skráðra minjastaða í þessum áfanga er 182. Hættumat var gert fyrir alla minjastaði og voru fæstir þeirra í nokkurri hættu. Meginástæða þess er sú að búskapur er ekki stundaður á tveimur af jörðunum þremur.

### *Varðveisla og kynning minja*

Á skráningarsvæðinu eru fjórir friðlýstir minjastaðir, þrír í landi Krýsuvíkur og einn í landi Hrauns. Krýsuvíkurkirkja (001:002), sú sem nú stendur og byggð var árið 1857, var friðuð árið 1964. Steindysjar fornkvennanna Krýsar (001:037) og Herdísar (001:036) voru einnig friðlýstar 1964. Að lokum eru það útgerðarminjarnar á Selatöngum (001:054) sem friðlýstir voru árið 1966. Í Hraunlandi er rústin í Kapellulág (010:008) friðlýst 1930.

Menningartengd ferðaþjónusta er nýtt hugtak hér á landi og kynning fornminja fyrir almenningi skammt á veg komin. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Á þessu sviði liggja því ónýttir miklir möguleikar og þyrfti tilkostnaður við kynningu minjastaða ekki að vera mikill. Víða væri til bóta að setja upp skilti með örnefnum, upplýsingum um minjastaði, aldur þeirra og hlutverk. Slíkar merkingar eru líklegar til að stuðla að varðveislu fornleifanna auk þess sem þær auka á gildi þeirra. Skilti af þessum toga er að finna á tveimur stöðum á skráningarsvæðinu, í Krýsuvík (001:001) og á Selatöngum (001:054). Þau mættu hins vegar vera mun ítarlegri auk þess sem slíkum skiltum þyrfti að koma upp á fleiri stöðum þar sem umferð fólks er mikil, til dæmis meðfram Grindavíkurvegi, milli Krýsuvíkur og Grindavíkur, og Krýsuvíkurvegi.

Sem dæmi um nokkra minjastaði sem hafa varðveislu-, kynningar-, eða

rannsóknargildi má nefna:

-*Bæjarhóll Krýsuvíkur* (001:001) með *kirkjunni* (001:002) og *kirkjugarðinum*, auk *allra hjáleignanna og býlanna í landi bæjarins* hafa varðveislu- og kynningargildi. Eins og áður segir er þar skilti með nokkrum upplýsingum, en þær mættu vera mun meiri. Til dæmis mætti merkja allar hjáleignarnar, þar sem tóftir þeirra flestra eru mjög greinilegar og skemmtilegar að skoða.

-Útgerðarstaðurinn að *Selatöngum* (001:054) hefur mikið rannsóknar og kynningargildi. Þar er að finna mikið magn útgerðarminja af ýmsu tagi. Minjarnar eru friðlýstar, en kynning þeirra mætti vera mun meiri en nú er.

-Hólmarnir tveir í Ögmundarhrauni, *Húshólmi* (001:042) og *Óbrennishólmi* (001:043), hafa báðir varðveislu- og rannsóknargildi. Merktar gönguleiðir eru í hólmana frá Grindavíkurvegi, en þótt þeim stafi ekki bein ógn af umgangi fólks er ástæða til að tryggja varðveislu minjanna með einhverju móti. Frekari rannsóknir á þeim, svo sem á eðli og aldri minjanna, væru einnig áhugaverðar.

-*Vigdísarvellir* (006:001) og *Bali* (007:001) eru tvær afskekktar hjáleigur Krýsuvíkur, vestan við Sveifluháls. Þær hafa varðveislu- og kynningargildi. Þar hefur varðveist heil bæjarmynd, með stæðilegum bæjartóftum beggja býla, útihúsum auk túngarðs sem umlykur svæðið. Djúpavatnsvegur liggur fast sunnan við bæjarstæðið og er nú tjaldstæði í túni þess, sem setur minjarnar í nokkra hættu. Kynning á minjunum (sem nú er engin), til dæmis einföld skilti, myndu bæði stuðla að varðveislu þeirra og auka gildi þeirra fyrir vegfarendum.

-Tvær fjárborgir á svæðinu hafa sérstakt varðveislu- og kynningargildi. Annars vegar er *fjárborg* (001:030) við Borgarhól, sunnan við Grindavíkurveg. Hana væri vert að merkja þar sem hún er skammt frá veginum og skemmtileg á að líta. Hins vegar er *Borgin* (009:008) norðan við Ísólfskála. Hún hefur nokkra sérstöðu þar sem hún er greinilega mjög forn, auk þess sem hún er óvenjulega stór af fjárborg að vera.

-Allnokkrar seljarústir voru skráðar á svæðinu og eru nokkrar þeirra mjög miklar og heillegar. Seljarústir á *Selsvöllum* (009:012), í *Hraunsseli* (009:022), *Sogaseli* (001:052) og á *Selöldu* (001:019) hafa verulegt varðveislugildi. Auk þess er hægt að hugsa sér skemmtilegar gönguleiðir með viðkomu í seljunum og væri þá merking á minjunum æskileg. Til dæmis er hægt að ganga frá Höskuldarvöllum austan við Keili suður í Sogasel, þaðan að Selsvöllum, og loks í Hraunssel. Þá er annaðhvort hægt að ganga sömu leið til baka eða halda áfram í átt

að Grindavík eftir gömlum leiðum (009:010 og 009:011). Að Selöldu er góður akvegur og auðvelt að ganga á milli fornminjanna þegar þangað er komið. Fyrir utan seljarústirnar eru þar einnig rústir býlis, Fitja (00:018), og mjög falleg tóft (001:061) en hlutverk hennar er óþekkt.

-Áðurnefnd tóft á Selöldu (001:061), fast austan við Stráka, hefur varðveislugildi þar sem hún er óvenjulega fallett og glæsilegt dæmi um íslenska byggingagerð.

-Bænús og grafreitir (010:007) á Hrauni hafa varðveisl- og rannsóknargildi. Ljóst er að minjunum hefur verið raskað, en ástæða væri til að kanna hvort mögulega væri hægt að koma í veg fyrir frekari spillingu þeirra.

-Forn garðlög (010:030, 010:031 og 010:053) fyrir norðan og austan Hraun hafa rannsóknargildi. Þau virðast vera mjög gömul og áhugavert væri að rannsaka aldur þeirra nánar. Auk þess mætti með loftmyndum greina hvort um umfangsmikið kerfi garðlaga er að ræða, og geta sér til um hlutverk þeirra.

-Fornu fjós (010:043) nefnast þrjár þústir í túni Hrauns. Ekkert er vitað um þær annað, en þær virðast vera manngerðar. Rannsókn á þeim væri áhugaverð.

-Svokölluð „dys“ (010:052) skammt norðan við túngarðinn á Hrauni hefur varðveisl- og rannsóknargildi, en Kristján Eldjárn mun hafa rannsakað hana lítillega um miðja 20. öld.

Hér hefur aðeins verið varpað fram nokkrum hugmyndum að minjastöðum sem hentað gætu til rannsóknar og/eða kynningar. Eflaust mætti benda á mun fleiri staði með varðveisl-, kynningar- eða rannsóknargildi en hér hefur verið gert, og margar fleiri leiðir til þess að kynna minjastaði fyrir almenningi.

## *Heimildaskrá*

### **Prentaðar heimildir**

Árni Magnússon: *Chorographica Islandica* (Safn til sögu Íslands, annar flokkur I, 2), útgefandi Ólafur Lárusson, Reykjavík, 1955.

Bjarni Sæmundsson: “Suðurkjálkinn”, *Árbók Ferðafélags Íslands*, 1936.

**BJ:** Brynjúlfur Jónsson: “Rannsóknir í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1903, 31-52.

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers*, Lund, 1967.

**DI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

**FEB:** *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*, Reykjavík, 1943.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Fornleifaskráning í Grindavík 1. áfangi*, Reykjavík, 2002.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík, 1983.

**Fornleifaskrá:** Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1990.

**FSP:** Svein Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Reykjavík, 1945.

Gísli Brynjólfsson: *Mannfólk mikilla sæva – Staðhverfingabók*, Reykjavík, 1975.

Guðrún Gísladóttir: *Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar í Reykjanesfólkvangi. Ástand og tillögur til úrbóta*, (án útgst.) 1993.

**GE Frá Valahnúk:** Guðsteinn Einarsson: “Frá Valahnúk til Seljabótar”, *Frá Suðurnesjum*, Reykjavík, 1960.

Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson: “Krisuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins”, *Jökull* 38(1988), 71-87.

Holland, Henry: *Dagbók í Íslandsferð*, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík, 1960.

Hooker, William Jackson: *Ferð um Ísland 1809*, Arngrímur Thorlacius þýddi, (án útgst.) 2000.

*Íslensk fornrit I*, Jakob Benediktsson gaf út, Reykjavík, 1986.

*Íslenskir annálar 1400-1800 I-VI*, Rv. 1922-1988.

- JÁ:** *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri III*, safnað hefur Jón Árnason, Reykjavík, 1958.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1-13*, Kh. 1913-90; 12-13 Reykjavík, 1990.
- JJ:** Jón Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1847.
- Jón Jónsson: “Um Ögmundarhraun og aldur þess” *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982*, Reykjavík, 1982, 193-97.
- Jón Þorkelsson: *Þjóðsögur og munnmæli*, Rv. 1899.
- Kálund, P. E. Kristian: *Íslenskir sögustaðir I*, Haraldur Matthíasson þýddi, Reykjavík, 1984-86.
- Kristján Eldjárn: “Kapelluhraun og Kapellulág. Fornleifarannsóknir 1950-1954” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1955-1956*, 5-34.
- Kristján Eldjárn: “Athugasemd um Kapellulág í Grindavík” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979*, 187-88.
- Lovsamling for Island*, Kaupmannahöfn, 1853-1889.
- Lúðvík Kristjánsson: *Íslenskir sjávarhættir I-V*, Reykjavík, 1980-86.
- Ólafur Briem: *Útlilegumenn og auðar tóttir*, Reykjavík, 1959.
- ÓO:** Ólafur Olavius: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 I-II*, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík, 1964-65.
- Ólafur Þorvaldsson: “Fornar slóðir milli Krísuvíkur og Hafnarfjarðar” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-48*, 81-95.
- Ólafur Þorvaldsson: *Harðsporar*, Reykjavík, 1951.
- Ritverk Jónasar Hallgrímssonar III*, Ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson, Reykjavík, 1989,
- Saga Grindavíkur I:** Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá Landnámi til 1800*, Grindavík, 1994.
- Saga Grindavíkur II:** Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur 1800-1974*, Grindavík, 1996.
- SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfmán Jónsson*, Reykjavík, 1979.
- SSGK:** *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*, (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III), Reykjavík, 1937-39.

**Suðurstrandarvegur 2300:** Bjarnir F. Einarsson, Fornleifastofan, 2000.

Sveinbjörn Rafnsson: “Um aldur Ögmundarhrauns” *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982*, Reykjavík, 1982, 415-24.

Þóra Pétursdóttir: *Fornleifaskráning í Grindavík 2. áfangi*, Reykjavík, 2002.

**ÞT Ferðabók:** Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898 I-IV*, Reykjavík, 1913-1915.

## Óprentaðar heimildir

Túnakort, Þjóðskjalasafn Íslands. Grindavíkurhreppur 1918.

**Ö-Hraun AG::** Örnefnaskrá Hrauns. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Hraun LJ:** Örnefnaskrá Hrauns. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Ísólfskáli AG:** Örnefnaskrá Ísólfskála. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Ísólfskáli svör:** Svör við spurningum um örnefnaskrá Ísólfskála. Ísólfur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Ísólfskáli LJ:** Örnefnaskrá Ísólfskála. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Krýsuvík:** Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Vesturháls:** Örnefnaskrá Vesturháls. Ísólfur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

## Heimildarmenn

Jón Guðmundsson f. 1921

Ómar Smári Ármannsson f. 1954

Sigrún Guðmundsdóttir f. 1916

Sigurður Kr. Arnórsson f. 1924

Sigurður Gíslason f. 1923

